

# IV

Hæstaréttarmálið nr. 214/1978

## I.

Dómsgerðir  
í  
sakadómsmálinu nr. 544-550/1977 :

Ákærvaldið  
gegn  
Kristjáni Viðari Viðarssyni,  
Sævari Marinó Ciesielski,  
Tryggva Rúnari Leifssyni,  
Albert Klahn Skaftasyni,  
Erlu Bolladóttur,  
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni  
og  
Guðjóni Skarphéðinssyni.

## **Hæstaréttarmálið nr. 214/1978**

### **I.**

**Dómsgerðir  
í  
sakadómsmálinu nr. 544-550/1977 :**

Ákærvaldið  
gegn  
Kristjáni Viðari Viðarssyni,  
Sævari Marinó Ciesielski,  
Tryggva Rúnari Leifssyni,  
Albert Klahn Skaftasyni,  
Erlu Bolladóttur,  
Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni  
og  
Guðjóni Skarphéðinssyni.

S A K A D Ó M U R    R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

GJÖRIR KUNNUGT: Ár 1977, mánudaginn 21. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristins-syni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Akæruvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciesielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Albert Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur,

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni

og

Guðjóni Skarphéðinssyni.

Lögð eru fram þessi skjöl:

- A Nr. I. Ákæra með áritun um birtingu og áritun  
um, hvaða dómarar skuli fara með málid.
- - II. Bréf ríkissaksóknara.
- - III-VI. Endurrit úr sakadómsbók ásamt fskj.
- - VII-VIII. Skýrslur rannsóknarlöggreglunnar ásamt  
skýrslu löggreglunnar í Snæfellsness-  
og Hnappadalssýslu og uppdrætti af  
Hafnarfirði.
- - IX. Ljósrit úr spjaldskrá löggreglunnar í  
Reykjavík um vistun Guðmundar Einars-  
sonar í fangageymslu.
- - X. Vottorð frá sakaskrá ríkisins.
- - XI. Bréf stöðvarstjóra Pósts og síma í  
Hafnarfirði.
- - XII. Afrit af bréfi til bæjarsíma Hafnar-  
fjarðar.
- - XIII. Vottorð frá Veðurstofu Íslands.
- - XIV. Vottorð frá Borgarspítala.
- - XV. Spjöld með ljósmyndum af byssusting,  
sem er sams konar og sá, sem ákærði  
Kristján Viðar telur sig hafa átt.
- - XVI. Spjöld með ljósmyndum af Gunnari  
Jónssyni, Lokastíg 18, Reykjavík.
- - XVII. Myndir af fjárborg í nánd við Hafnar-  
fjörð með áfestu skilti um friðlýsingu.

A Nr. XVIII-XXVIII. Lögregluskyrslur.

- - XXIX. Loftmynd af hluta Hafnarfjarðar.
  - - XXX-XXXV. Endurrit úr sakadómsbók ásamt fskj.
  - - XXXVI. Fæðingarvottorð ákærða Kristjáns Viðars.
  - - XXXVII. Sakavottorð hans.
  - - XXXVIII-XL. Dómsendurrit.
  - - XLI. Fæðingarvottorð ákærða Sævars Marinós.
  - - XLII. Sakavottorð hans.
  - - XLIII. Dómsendurrit.
  - - XLIV. Fæðingarvottorð ákærða Tryggva Rúnars.
  - - XLV. Sakavottorð hans.
  - - XLVI-LVI. Endurrit af dóumum.
  - - LVII-LVIX. Vottorð frá sakaskrá.
  - - LX. Fæðingarvottorð ákærða Asgeirs Ebenezers.
  - - LXI. Sakavottorð hans.
  - - LXII. Dómsendurrit.
  - - LXIII. Endurrit af dómsátt.
- Málsskjölin fylgja.

Dómarar máls þessa fengu það til meðferðar skv. 3. mgr.

5. gr. laga nr. 74, 1974 hinn 15. þ.m. Ákæra var gefin út í málínu 8. desember 1976 og fengu dómarar það í hendur til athugunar 15. s.m., en fyrir þann tíma höfðu þeir engin afskipti haft af því. Við yfirlestur skjala málsins kom í ljós, að rannsókn málsins var í ýmsum atriðum verulega áfátt. Sakarefni í I. kafla ákæru hafði lítils háttar verið rannsakað

fyrir dómi, en aðrir þættir ekki að undanskildum þeim, sem dómstóllinn í málínu út af ávana- og fíkniefnum hafði haft til meðferðar. Hefur að undanförnu verið reynt að bæta úr þessu, áður en fjölskipaður dómur tæki málið til meðferðar. Rannsóknarlöggreglumönnunum Gísla Guðmundssyni, Kristmundi Sigurðssyni og Hellert Jóhannessyni var falin áframhaldandi rannsókn sakarefnis, er í I. kafla ákæru greinir, hinn 12. janúar s.l., og hafa dómarar málsins fylgst með rannsókninni.

I gæsluvarðhaldi eru nú ákærðu, Kristján Viðar Viðars-son, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Guðjón Skarphéðinsson. Ákærða Albert Klahn Skaftasyni var sleppt úr gæsluvarðhaldi fyrir útgáfu ákæru og Erlu Bolla-dóttur var sleppt úr haldi 22. desember s.l. án vitundar dómaranna. Ákærði Tryggvi Rúnar hefur verið í gæsluvarðhaldi í fangelsinu í Síðumúla að undanskildu því, að frá 17/7 - 4/8, 9/8 - 30/8, 11/11 - 16/12 og 17/12 1976 til 14/1 1977, var hann í svokallaðri lausagæslu í vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Virðist gæsluvarðhald hans að Litla-Hrauni hafa verið mjög frjálslegt og framkvæmd þess í aðalatriðum verið svo sem um venjulegan refsfifanga væri að ræða skv. upplýsingum fangavarða að Litla-Hrauni. Ákærði var fluttur að tilhlutan dómaranna í fangelsið við Síðumúla 14/1 s.l. Hinn 31. janúar s.l. var ákærði Sævar Marinó fluttur úr fangelsinu við Síðumúla í hegningaráhúsið við Skólavörðustíg að dómurum málsins forspurðum og settur í klefa við hliðina á ákærða Tryggva Rúnari. Hafa engar

skýringar fengist á tiltæki þessu, en að sögn Valdimars Guðmundssonar, yfirfangavarðar, er hljóðbært milli klefa í hegningaráhúsinu. Að tilhlutan dómaranna hefur þessu verið breytt. Ákærði, Kristján Viðar hefur tvisvar gert tilraunir til að svipta sig lífi og hefur verið höfð sérstök vakt yfir honum.

Hinn 16. mars s.l. fóru dómararnir í vettvangsskoðun til Hafnarfjarðar. Var m.a. komið að Hamarsbraut 11 þar í bæ og húsakynni skoðuð. Þá var farið í kirkjugarðinn í Hafnarfirði ásamt lögreglumönnum, ákærða Albert Klahn Skaftasyni og verjanda hans, Erni Clausen, hrl. Við athugun í kirkjugarðinum voru viðstaddir lögreglumenn í Hafnarfirði og kirkjugarðsvörður þar.

Að beiðni dómaranna hefur dómsmálaráðuneytið hlutast til um, að Interpol reyni að hafa uppi á Gunnari Jónssyni, Lokastíg 18, sem í skjölum málsins greinir.

Vegna þess, að mikið vantar á, að yfirheyrslum sé lokið í máli þessu og ósamræmi er í framburðum ákærðu ákveða dómarar samkvæmt 16. gr. 1. nr. 7<sup>4</sup>, 1974 að þinghöld í málínu verði lokuð fyrst um sinn.

Kl. 10.00 er mættur í dóminum Bragi Steinarsson, saksóknari.

Mættur er í dóminum Páll A. Pálsson, hdl., og skipar dómurinn hann verjanda ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Dómurinn skipar Jón Oddsson, hrl., verjanda ákærða Sævars Marinós Ciesielski. Verjandinn er ekki mættur, en

af hans hálfu mætir Kristján Stefánsson, hdl.

Mættur er Hilmar Ingimundarson, hrl., og skipar dómurinn hann verjanda ákærða, Tryggva Rúnars Leifssonar.

Mættur er Órn Clausen, hrl., og skipar dómurinn hann verjanda ákærða Alberts Klahn Skaftasonar.

Sækjandi og verjendur fá afhent skjöl málsins.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., er ekki mættur, en að ósk ákærðu, Erlu Bolladóttur, er hann skipaður verjandi hennar.

Mættur er Benedikt Blöndal, hrl., og skipar dómurinn hann verjanda ákærða, Guðjóns Skarphéðinssonar.

Verjandinn óskar bókað, að hann telji aðfinnsluvert að frétt um ákæru í máli þessu var afhent fjölmöglum áður en hún var birt skjólstæðingi hans.

Verjandinn fær afhent skjöl málsins.

Finnur Torfi Stefánsson, hdl., var boðaður fyrir dóm kl. 10.30. Hann er ekki mættur. Dómarinn skipar lögmanninn verjanda ákærða, Ásgeirs Ebenezers Þórðarsonar.

Sækjanda og verjendum hefur verið tilkynnt um þinghöld í málinu næstu daga.

Kl. 10.40 kemur í dóminn Finnur Torfi Stefánsson, hdl., verjandi ákærða, Ásgeirs Ebenezers Þórðarsonar.

Viku frá.

Akæra leiðréttist að því leyti, að Guðmundur Einars-son, er fæddur 6. ágúst 1955 en ekki 6. október það ár.

Dómur gekk 5/12 1975 í sakadómi Reykjavíkur út af atferli því, sem ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni er gefið

að sök í II. kafla ákæru, 5. tl.

Sækjandi málsins lýsir því yfir, að samkvæmt því sé fallið frá ákæru að því er þetta ákæruatriði varðar.

Kl. 11.00 kemur í dóminn ákærði, Albert Klahn Skaftason, iðnnemi, Laugavegi 46 A, Reykjavík, fæddur 16. febrúar 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Örn Clausen, hrl., verjandi ákærða er mættur, svo og Páll A. Pálsson, hdl., skipaður verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar, ennfremur sækjandi málsins, Bragi Steinarsson.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi kynnst meðákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, er þeir voru saman í barnaskóla. Hafa kynni þeirra haldist síðan. Ákærði kynntist meðákærða Tryggva Rúnari árið 1972. Ákærði hefur mikil samskipti átt við Kristján Viðar og Sævar Marinó, en lítil við Tryggva Rúnar.

Ákærði kveðst hafa komið á Volkswagen bifreið ásamt Gunnari Jónssyni að Grettisgötu 82 um kvöldmatarleytið 26. janúar 1974. Þar voru fyrir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Ákærði telur, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið undir áhrifum lyfja, en ekki veitti hann því athygli, að þeir hefðu neytt víns. Ákærðu og Gunnar dvöldust fyrst um stund að Grettisgötu 82. Síðan fóru þeir út, en komu aftur og voru fram undir miðnætti. Þá fóru þeir saman á bifreiðinni og óku að skemmtistöðum hér í borginni.

Ákærði kveðst hafa numið staðar við bensínstöð, sem er við Strandgötu skammt frá Reykjavíkurvegi, þegar komið var til Hafnarfjarðar um nóttina um kl. 02. Ákærði kveður meðákærðu, Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa farið á brott úr bifreiðinni þarna. Eftir að þeir voru farnir úr bifreiðinni ók ákærði smáhring og nam staðar við veitingahúsið Skiphól, sem er skammt frá bensínstöðinni. Ákærði sá aldrei til ferða meðákærðu eftir að þeir fóru úr bifreiðinni uns þeir komu aftur. Ákærða minnir, að ákærði Kristján Viðar hafi verið með yfirhöfn, en hins vegar ekki Tryggvi Rúnar. Ákærði minnist þess ekki að hafa séð Kristján Viðar fara úr jakkanum. Ákærði kveðst ekki muna nánar en hann hefur áður skýrt frá, hvernig maður sá var klæddur, sem kom með ákærðu og ekki kveðst hann geta staðhæft, hvort hann var í yfirhöfn, en minnir frekar, að svo hafi verið.

Mynd af Guðmundi Einarssyni liggur frammi í dóminum, og er hún sýnd ákærða. Ákærði staðfestir, að myndin sé af sama manni og kom í bifreið hans með meðákærðu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari aðfaranótt 27. janúar 1974 í Hafnarfirði. Ákærða fannst Kristján Viðar þekkja Guðmund Einarsson, en hins vegar fannst honum Tryggvi Rúnar ekki þekkja hann. Á leiðinni að Hamarsbraut 11 var rætt um það að halda áfram drykkju og fannst ákærða Guðmundur fara þangað í boði þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars. Ákærði kveður þá Gunnar Jónsson hafa verið í innra herberginu að Hamarsbraut 11, er átökin byrjuðu, að hann minnir. Kveður ákærði hafa verið um misminni hjá sér að ræða, að þeir

hafi verið í fremri stofunni. Ákærðu, Guðmundur og Gunnar Jónsson voru allir í sama herbergi þegar átökin byrjuðu.

Ákærði kveður átökin hafa hafist með því, að með-ákærðu fóru þess á leit við Guðmund að hann legði út fyrir áfengisflösku. Guðmundur var tregur til, en hafði ekki gefið afsvar. Reyndu Kristján Viðar og Sævar Marinó að ná af honum veski hans. Guðmundur snerist til varnar, en ákærði sá þá aldrei ná af honum veskinu. Ákærði kveðst þó telja, að svo hafi verið. Ákærði kveður Kristján Viðar hafa byrjað átökin með því að hrinda Guðmundi, en síðan ráðist á hann. Ákærði tekur fram, að þeir hafi notað þessa aðferð við að ná veskjum af mönnum, eftir því sem þeir hafi sagt honum. Ákærði kveðst hafa séð Sævar Marinó reyna að ná veskinu af Guðmundi en ekki varð hann var við, að hann aðhefðist meira. Ákærði varð ekki var við, að Sævar Marinó færi burtu meðan á átökunum stóð. Ákærði sá ekki Sævar Marinó sparka í höfuð Guðmundar eftir að hann var fallinn í gólfíð, en kveður geta verið, að svo hafi verið þó hann sæi það ekki. Eftir að átökin byrjuðu milli Guðmundar og Kristjáns Viðars, tók Tryggvi Rúnar þátt í þeim. Greiddi hann Guðmundi hnefahögg í andlitið, en hve mörg getur hann ekki sagt um. Ákærði minnist þess, að Guðmundur kastaðist upp að vegg við högg frá ákærða Tryggva Rúnaviði. Guðmundur féll í gólfíð og lá endilangur í fremra herberginu að átökunum afstöðnum. Ákærði sá ekki lífsmark með Guðmundi og varð þess ekki var að hann reyndi að risa upp.

Ákærða er bent á, að nokkurs misræmis gæti í skýrslu hans nú og fyrri domskýrslu. Ákærði tekur fram af því til-efni, að hann muni ekki nákvæmlega um átökin í öllum smá-atriðum. Kveðst ákærði ekki hafa séð öll átökin. Ákærði kveðst hafa setið kyrr á meðan átökin fóru fram og hið sama sé að segja um Gunnar Jónsson. Þeir áttu engan þátt í átökunum og hvöttu meðákærðu ekki til peirra.

Ákærða er sýndur í dóminum byssustingur sá, sem er á ljósmyndunum á dskj. nr. XV. Ákærði kveður Kristján Viðar hafa átt sams konar byssusting og var hann stundum með hann. Ákærði man ekki eftir því að hafa séð Kristján Viðar með byssustinginn að Hamarsbraut 11 umrætt sinn. Hann kveðst aldrei hafa séð Kristján Viðar stinga Guðmund með byssustingnum.

Ákærði kveðst aldrei hafa fundið vonda lykt í bifreiðinni af líki Guðmundar Einarssonar, hvorki við flutningana aðfaranótt 27. janúar 1974, né heldur um miðjan ágúst sama ár. Ákærða fannst Sævar Marinó hafa forystu um flutninga á líki Guðmundar. Ákærði staðhæfir, að Sævar Marinó hafi verið með í ferðinni, er líkið var flutt aðfaranótt 27. janúar 1974. Ákærði er öruggur um það, að lak hafi verið utan um lík Guðmundar. A leiðinni suður eftir, er þeir voru að flytja líkið, man ákærði eftir því, að meðákærðu ræddu um, hvar þeir ættu að fela líkið, en ekki man ákærði eftir að annað hafi verið rætt.

Ákærði staðhæfir, að Gunnar Jónsson hafi ekki verið með í ferðinni. Ákærði kveðst hafa hitt Gunnar Jónsson í

nokkur skipti eftir framangreindan atburð, en aldrei ræddu þeir um það, er gerst hafði. Gunnar fór af landi brott um mitt sumar 1974 og var ástæðan sú, að bandarískur maður, sem nefndur var "Dog" var vísað af landi brott. Einnig fór með "Dog" íslensk stúlka, sem heitir Anna. Ákærði kveður Gunnar Jónsson hafa komið til landsins veturinn 1975-1976. Ákærði kveðst hafa heyrt, að hann hafi verið vist-aður á Kleppsspítala en af hvaða ástæðu veit hann ekki.

Ákærði kveður meðákærðu aldrei hafa rætt við sig um það er gerðist aðfaranótt 27. janúar þar til um miðjan ágúst, að rætt var um að flytja lík Guðmundar. Ákærði kveður meðákærðu ekki hafa nefnt við sig, er líkið var flutt, hvað til stæði, fyrr en komið var út í hraunið.

Ákærði kveður tvær skóflur hafa verið notaðar til að grafa líkið í kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Var önnur stunguskófla, er var í bifreið ákærða, en hina skófluna lagði ákærði Kristján Viðar til og man ákærði ekki, hvernig skófla það var. Ákærði kveðst ekki geta tilgreint nánar en hann hefur áður gert, hvar lík Guðmundar sé grafið í kirkjugarðinum í Hafnarfirði.

Ákærði telur sig ef til vill kannast við Elínborgu Rafnsdóttur, til heimilis að Hvassaleiti 18, en Sigríði Magnúsdóttur kannast hann ekki við. Ákærði kveðst ekki hafa séð til ferða Elínborgar í Hafnarfirði umrædda nótt.

Ákærði er beðinn að gefa skýringu á því misræmi, sem er í framburðum hans í máli þessu. Ákærði kveðst ekki geta gefið frekari skýringar á því en áður hefur verið gert.

Ákærði kveður það ekki hafa haft áhrif á framburð sinn í máli þessu, sú skoðun hans, að hann gæti átt refsingu í vændum, ef upp kæmist um mál þetta.

Þá skýrir ákærði frá því, að meðákærðu hafi aldrei nefnt við hann, hvað hann ætti að segja ef upp kæmist um hvernig dauða Guðmundar Einarssonar bar að höndum, en búið var að gefa ákærða í skyn, hvað það mundi þýða fyrir hann, ef hann segði frá.

Ákærði vísar að öðru leyti til skýrslu sinnar í domi um málsatvik með áorðnum breytingum.

Upplesið, játað rétt bókað.

Víkja frá.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, þriðjudaginn 22. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 9.40 kemur fyrir dóminn sem vitni, Einar Baldurs-son, verkamaður, Hraunprýði, Blesugrót hér í borg, 59 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að Guðmundur Einarsson, sonur þess hafi farið að heiman að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 um kl. 20 og ekki sést síðan. Höfðu 3 piltar komið að sækja hann og hann farið með þeim. Vitnið kveðst hafa séð þeim bregða fyrir, er þeir fóru á brott, en ekki séð hverjir mennirnir voru. Síðar frétti vitnið, að þetta hefðu verið Ásgeir Þorsteinsson, kallaður Gilli, til heimilis að Bakkakoti, Blesugrót, Kristinn Magnússon, kallaður Kiddi, til heimilis að Dalbæ í Blesugrót. Hver 3. maðurinn var, kveðst vitnið ekki vita fyrir víst. Vitnið vissi ekki hvert þeir voru að fara og heyrði ekki fyrr en síðar, að þeir hefðu farið í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Vitnið veit ekkert um, hvaða verðmæti Guðmundur hafði meðferðis. Guðmundur var ekki í yfirhöfn. Hann var klæddur í köflóttan jakka, grænleitar buxur og var í brúnum skóm. Vitnið veit ekki í hvernig skyrtu hann var. Vitnið kveður Guðmund ávallt hafa verið heilbrigðan. Guðmundur og piltar þeir, sem með honum voru höfðu neytt einhvers áfengis áður en þeir fóru á brott. Vitnið hafði aldrei heyrt Kristján Viðar Viðarsson nefndan áður en mál þetta kom upp og veit ekki til, að hann hafi nokkurn tíma komið heim til þess með Guðmundi. Vitnið frétti síðar, að þeir Kristján Viðar og Guðmundur hefðu verið saman í barnaskóla. Vitnið hafði aldrei heyrt nefnda

pá Sævar Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnar Leifsson og veit ekki til þess, að Guðmundur hafi þekkt þá.

Vitnið kveðst leiðréttta skýrslu þá, er það gaf hjá Nirði Snæhólm til samræmis við það, er nú hefur verið rak-  
ið. Vitnið kannast ekki við að hafa sagt Nirði, að Guð-  
mundur hafi verið með þúsund krónur í peningum og flösku  
af víni, er hann fór.

Vitnið kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá rannsókn-  
arlöggreglu með áorðnum breytingum.

Vitnið kveður það ekki rétt eftir sér haft í skýrslu  
þess frá 29/1 1974 að búið væri að tala við piltana, sem  
fóru með Guðmundi, en þeir hafi ekki vitað, hvort Guðmundur  
hefði komist inn á ballið, því þeir hafi orðið viðskila  
við húsið og ekki hist eftir það. Vitnið segir, að sér  
hafi alltaf verið sagt, að Guðmundur hefði verið á ballinu  
í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 10.10.

Kl. 10.10 kemur í dóminn sem vitni, Ásgeir Þorsteinson, nemi, Bakkakoti, Blesugrót hér í borg, 21 árs að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skyrrir frá því, að Guðmundur Einarsson, Kristinn Magnússon og þriðji pilturinn, sem vitnið minnir að hafi verið Gunnar Ástþórsson, Minna-Knarrarnesi, Vatnsleysuströnd hafi komið heim til þess um kl. 21 að því er það telur að kvöldi 26. janúar 1974. Þeir höfðu áfengi meðferðis, en vitnið varð

ekki vart við að þeir hefðu neytt áfengis. Vitnið fór með þeim að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ til Sigurbjörns Haraldssonar. Var verið þar um kvöldið við drykkju. Upp úr kl. 23 að vitnið telur, var farið á dansleik í Albýðuhús-inu í Hafnarfirði. Með þeim fóru auk Sigurbjörns Haraldssonar, piltur að nafni Gunnar, sem vitnið veit ekki nánari deili á og ef til vill fleira fólk. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við Guðmund Einarsson eftir að það kom inn á dansleikinn og ekki vita hvað af honum varð.

Guðmundur var yfirhafnarlaus, en í stökum jakka og buxum en nánar um klæðnað hans kveðst vitnið ekki vita. Hann var nokkuð mikið með áhrifum áfengis. Vitnið kveðst hafa farið af dansleiknum nokkru fyrir klukkan 02. Tók það leigu-bíl er út kom og létt aka sér heim til sín. Vitnið kveðst hafa verið nokkuð með áhrifum áfengis en ekki mikið.

Vitnið kveðst hafa gengið að veitingahúsinu Skiphól eftir að út kom og tekið leigubíl þar. Vitnið pekkir Kristján Viðar Viðarsson frá því þeir voru í barnaskóla og einnig kannast það við Sævar Marinó Ciesielski. Vitnið kveðst ekki hafa séð menn þessa í Hafnarfirði umrædda nótt. Vitnið pekkir ekki Tryggva Rúnar Leifsson.

Vitninu eru kynntar skýrslur þess hjá rannsóknar-löggreglu og kveðst það staðfesta þær með áorðnum breytingum.

Vitnið telur sig kannast við Elínborgu Rafnsdóttur og minnir, að hún hafi verið með sér í skóla. Vitnið kveðst ekki hafa séð Elínborgu í Hafnarfirði framan-greinda nótt.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið lýsir sig trúá á Guð. Löglega undirbúið  
vinnur það eið að framburði sínum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 10.37.

Kl. 10.37 kemur í dóminn sem vitni, Kristinn Már  
Magnússon, verkamaður, Dalbæ, Blesugrót hér í borg, 23 ára  
að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi farið heim til Guðmundar Einarssonar að kvöldi 26. janúar 1974 eftir kvöldmat. Vitnið telur, að það hafi verið eitt síns liðs, en þó gæti Gunnar Ástþórsson hafa verið með því. Vitnið kveður þá hafa haft áfengi um hönd heima hjá Guðmundi. Eftir nokkra viðvöl var farið heim til Ásgeirs Þorsteinsonar að vitnið minnir. Það getur þó ekki fullyrt um það. Síðan var farið til Sigurbjörns Haraldssonar við Tjarnarflöt 10 í Garðabæ og verið þar um kvöldið. Neyttu þeir áfengis heima hjá Sigurbirni. Þeir dvöldust þar fram undir miðnætti og fóru þá á dansleik í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði. Vitnið varð viðskila við Guðmund á dansleiknum, en sá honum bregða fyrir. Vitnið telur, að það hafi farið á brott af dansleiknum um kl. 01.30 eða hálftíma áður en honum lauk. Hafði það orðið viðskila við þá Guðmund og Ásgeir. Vitnið man ekki, hvenær það sá Guðmund síðast á dansleiknum. Hann var eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mikið, að vitnið gat merkt. Guðmundur var yfirhafnarlaus, en í jakka.

Um klæðnað hans að öðru leyti man vitnið ekki. Vitnið hafði ekki heyrt Guðmund nefna það, að hann ætlaði að fara neitt sérstakt eftir dansleikinn. Vitnið fór með Sigurbirni Haraldssyni að Skiphól eftir dansleikinn. Voru þeir þar fyrir utan í 15-20 mínútur, en fóru þá á brott í leigubifreið. Eins og áður greinir sá vitnið ekki Guðmund eftir að það fór út af dansleiknum. Vitnið kveðst minnast þess, að þeir Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski væru með því í barnaskóla, en Tryggva Rúnar Leifsson pekkir það ekki. Vitnið sá ekki þá Kristján Viðar og Sævar Marinó umrædda nótta í Hafnarfirði.

Vitnið telur sig þekkja Elínborgu Rafnsdóttur og minnir, að það hafi hringt til hennar eftir að mál petta kom upp. Vitnið telur, að símtal petta hafi farið fram um það bil viku eftir að Guðmundur hvarf, en af hvaða tilefni man það ekki. Helst er vitnið á því, að það hafi séð í blaði, að Elínborg hefði séð Guðmund í Hafnarfirði. Elínborg vann á þessum tíma í pósthúsínu og hringdi vitnið í hana þangað. Vitnið kveðst hafa sagt Elínborgu nafn sitt og að það hefði verið með Guðmundi í Hafnarfirði. Minnir vitnið, að Elínborg segði sér, að hún væri búin að skýra löggreglunni frá því, er vitnið var að spyrja um. Vitnið man ekki frekar um samtalið við Elínborgu og man ekki hvort hún hafði orð á því, að hún hefði séð Guðmund Einarsson í Hafnarfirði.

Vitnину eru kynntar skýrslur þess hjá rannsóknarlögreglu og kveðst það staðfesta þær.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst trúá á Guð. Eftir lögmæltan undirbúning vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.14.

Kl. 11.14 mætir í dóminum sem vitni Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, húsasmiður, Köldukinn 20, Hafnarfirði, 23 ára að aldri. Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að Guðmundur Einarsson, Kristinn Már Magnússon og Ásgeir Þorsteinsson hafi komið heim til þess að Tjarnarflöt 10 í Garðabæ á milli kl. 21 og 22 að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974. Auk þess var heima hjá vitninu kona þess, Gyða Hafdís Margeirs dóttir og ef til vill Elín Birna Árnadóttir og bróðir hennar Gunnar Árnason. Var verið heima hjá vitninu þar til kl. 23 eða 23.30 um kvöldið, en þá var farið á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði. Áfengi var haft um hönd heima hjá vitninu og var Guðmundur eitthvað með áfengisáhrifum, en ekki mikið. Ásgeir Þorsteinsson var hins vegar talsvert mikið drukkinn. Vitnið og fólk það, er með því var, settist við borð í samkomuhúsinu eftir að inn á dansleikinn kom. Voru þeir Guðmundur og Ásgeir fyrst í stað við borðið, en fóru þaðan fljótlega. Vitnið sá þá ekki eftir þetta. Vitnið kveðst hafa farið á brott af dansleiknum, er honum lauk, en það var annað hvort klukkan eitt eða tvö. Beið vitnið og Kristinn Már eftir þeim Guðmundi og Ásgeiri fyrir utan uns allt fólk ið var komið út af dansleiknum, en þeir komu ekki. Vitnið og Kristinn voru á gangi fyrir utan um stund

ásamt konu vitnisins, en fóru að því búnu að veitingahús-inu Skiphól. Voru þeir þar fyrir utan í hálftíma eða lengur. Fóru þau þá brott í leigubifreið og héldu heim til sín. Vitnið telur, að Kristinn Már hafi einnig farið heim.

Vitnið kveðst ekki þekkja Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnar Leifsson. Ekki þekkir vitnið heldur Elínborgu Rafnsdóttur né Sigríði Magnús-dóttur.

Vitnið kveður nokkuð af fólk hafa verið fyrir utan Skiphól, er það kom þangað, en það hafi farið fljótlega. Vitnið sá aldrei Guðmund Einarsson eftir að það kom út af dansleiknum.

Upplesið, staðfest.

Vitnið kveður Guðmund Einarsson hafa verið í köflóttum jakka umrætt sinn, sem hann hafi oft verið í áður. Hann var ekki í frakka, en frekar um klæðnaðinn man vitnið ekki.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Löglega undirbúið vinnur það eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 11.45.

Kl. 14.00 kemur fyrir dóminn sem vitni Elínborg Jóna Rafnsdóttir, gjaldkeri, Hvassaleiti 18, 21 árs að aldri.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi farið með Sigríði Magnúsdóttur til Hafnarfjarðar á Volkswagen bifreið, sem Sigríður var nýbúin að kaupa, aðfaranótt 27. janúar 1974.

Vitnið kveður hafa verið þurrt veður en hvassst. Þær lögðu af stað frá Reykjavík um kl. 1-1.30 og voru komnar að nætur-sölunni í Hafnarfirði um kl. 1.30, en þar höfðu þær smá viðvöl. Þær óku síðan um í bænum, þar hittu þær two pilta og óku þeim heim. Síðan óku þær áleiðis til Reykjavíkur og lá leið þeirra um Strandgötu. Þegar þær komu á móts við Bæjarbíó sáu þær two menn koma á móti þeim eftir gang-stéttinni, hægra megin miðað við akstursstefnu bifreiðar-innar. Vitnið þekkti annan manninn og var það Guðmundur Einarsson til heimilis að Hraunprýði í Blesugrót hér í borg. Guðmundur var yfirhafnarlaus, en í köflóttum jakka, dökk-brúnrauðum og dökkum buxum. Vitnið hafði hitt Guðmund á dansleikjum í nokkur skipti og er alveg öruggt um, að þetta hafi verið hann. Vitninu fannst Guðmundur eitthvað með áfengisáhrifum en ekki mikið. Maðurinn sem var með Guðmundi var svipaður á hæð og Guðmundur og með mikið dökkskollitað hár, er virtist liðað. Hann hélt á jakkanum undir hendinni. Maðurinn var í einlitri ljósri skyrtu, en vitnið kveðst ekki geta alveg fullyrt um lit hennar. Vitninu virtist maður-inn vera mikið drukkinn. Vitnið telur, að klukkan hafi verið alveg um 2 eða rétt tæplega 2, er þær komu auga á Guðmund og umræddan mann, sem vitnið þekkti ekki. Sigríður, er ók bifreiðinni, þekkti einnig Guðmund og ræddi vitnið og hún saman um, að þetta væri Guðmundur. Sigríður hægði ferð-ina er þær sáu mennina og bjóst til að nema staðar og taka Guðmund upp í bifreiðina. Þegar til kom leist þeim ekkert á manninn, sem með honum var vegna þess, hve ölvaður hann

var og hættu við þetta áform sitt. Jók Sigríður ferð bifreiðarinnar. Vitninu fannst Guðmundur draga sig í hlé, og verða feiminn, er hann varð þeirra var. Þeði Guðmundur og maðurinn höfðu gefið þeim merki um að stöðva, er þær nálgugust og farið aðeins út á akbrautina. Þegar Guðmundur varð þeirra var, færði hann sig upp á gangstéttina og stakk hendinni í vasann. Hinn maðurinn hélt áfram og var eins og hann ætlaði að kasta sér á bílinn. Snerti hann bifreiðina, en í því jók Sigríður ferðina eins og áður greinir og hélt á brott. Þær vissu síðan ekki um ferðir Guðmundar þessa nótt og héldu til Reykjavíkur.

Vitnið kveðst kannast við Ásgeir Þorsteinsson, sem kallaður er Gilli, og er öruggt um, að hann var ekki með Guðmundi umrætt sinn.

Vitnið heyrði auglýst eftir Guðmundi í útvarkinu í fréttum kl. 16.00 að það telur mánudaginn 28. janúar 1974. Vitnið er þó ekki öruggt um dagsetninguna, en sama dag og það heyrði tilkynninguna hringdi það til Njarðar Snæhólms, rannsóknarlöggreglumanns og sagði honum frá vitneskju sinni um ferðir Guðmundar. Skýrsla var aldrei tekin af vitninu hjá rannsóknarlöggreglunni um það, er það vissi um ferðir Guðmundar framangreinda nótt, fyrr en 22. janúar 1977.

Um það bil tveim dögum eftir samtalið við Njörð Snæhólm hringdi maður til vitnisins. Hann hringdi fyrst heim til þess, en síðan á póstgíróstofuna, þar sem það var að vinna. Maður þessi sagðist heita Kristján, að því er vitninu heyrðist. Vitnið telur hugsanlegt að maðurinn

hafi sagst heita Kristinn. Hann sagðist vera vinur Guðmundar og bað vitnið að lýsa manni þeim, sem hefði verið með honum. Vitnið gerði það, og sagði þá maðurinn að lýsingin gæti ekki átt við neinn af vinum Guðmundar. Maður þessi sagðist vera að hjálpa til við leitina að Guðmundi, en lengra varð samtalið ekki. Vitnинu kom þessi upphringing mjög á óvart. Taldi það, að maðurinn hefði fengið upplýsingar um símanúmer þess hjá Nirði Snæhólm og gerði löggreglunni ekki aðvart. Ekki var hringt í vitnið nema í petta eina skipti út af hvarfi Guðmundar.

Vitnið var kvatt til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 22. janúar s.l. Voru því sýndar 8-9 myndir úr myndasafni löggreglunnar. Vitnið benti á mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni og taldi þá mynd líkjast mest manni þeim, er verið hefði með Guðmundi Einarssyni greint sinn. Við sakbendingu benti vitnið á mann þann, er bar spjald nr. 6. Vitnið hafði heyrt Sigríði nefna mann, sem bar spjald nr. 4 og taldi vitnið þann mann ekki koma til greina. Vitnинu finnst afar líklegt, að maður sá, er bar spjald nr. 6 hafi verið í fylgd með Guðmundi Einarssyni í Hafnarfirði. Það eina sem vitnинu fannst mæla á móti því, er það, að maður sá, er var með Guðmundi var gренri, en að öðru leyti hafi mennirnir verið eins, að því er vitnið minnir. Er vitnинu sérstaklega minnisstætt andlit mannsins, þá einkum þykkar varir hans.

Að öðru leyti vísar vitnið til skýrslna sinna hjá rannsóknarlöggreglu, sem það kveðst staðfesta í öllum at-

riðum.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið kveðst trúá á Guð. Eftir lögmæltan undirbúning vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 15.25.

Kl. 15.25 kemur í dóminn sem vitni, Sigriður Magnús-dóttir, skrifstofustúlka, Hvassaleiti 18 hér í borg, 20 ára að aldri.

Aminnt um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi farið til Hafnarfjarðar ásamt Elínborgu Rafnsdóttur aðfaranótt 27. janúar 1974 á Volkswagen bifreið, sem vitnið var nýbúið að kaupa. Vitnið ók bifreiðinni. Vitnið man ekki, hvenær þær fóru frá Reykjavík, en þær voru í Hafnarfirði á tímanum frá kl. 1-2. Þær komu við í nætursölunni í Hafnarfirði, en höfðu þær skamma viðvöl og óku svo niður í bæinn. Þær hittu í Hafnarfirði 2 litla stráka, sem þær óku heim. Eftir það óku þær áleiðis til Reykjavíkur og lá leið þeirra um Strandgötu. Þegar þær nálguðust hús nr. 6 sáu þær tvo menn á gangstéttinni hægra megin miðað við ákstursstefnu þeirra.

Mennirnir stóðu kyrrir, en gengu aðeins út á akbrautina og gáfu þeim merki um að nema staðar með því að lyfta upp þumalfingrinum. Vitnið þekkti annan manninn og var það Guðmundur Einarsson, Hraunprýði í Blesugróf. Vitnið hafði hitt Guðmund í nokkur skipti áður og var öruggt að um hann var að ræða, enda ræddu þær um það í bifreiðinni. Vitnið

sér í dóminum mynd af Guðmundi og staðfestir að það hafi þekkt hann. Guðmundur var ekki í frakka en hann var í stökum jakka, að vitnið minnir köflóttum rauðlilluðum. Nánar um klæðaburð Guðmundar man vitnið ekki. Vitninu fannst Guðmundur vera smávegis undir áhrifum áfengis, en ekki mikið. Vitnið minnir að maður sá, er var með Guðmundi hafi verið svipaður á hæð og hann. Vitnið þekkti ekki manninn, en hann var ungur að aldri og mikið drukkinn. Maðurinn hélt á jakka sínum á handleggnum. Vitnið minnir, að maðurinn hafi verið í gulri skyrtu. Maðurinn var fremur dökkhærður og með flaksandi há�. Þegar þær nálgðust mennina telur vitnið, að Guðmundur hafi orðið þeirra var, því að hann hörfaði af akbrautinni upp á gangstéttina og virtist hætta við að reyna að stöðva bifreiðina. Vitnið hafði hægt ferð bifreiðarinnar, er þær nálgðust mennina og var ætlunin að nema staðar og bjóða honum far. Þegar þær sáu, hve maður sá, er var með Guðmundi var drukkinn og mikil læti í honum hættu þær við það og jók vitnið ferðina. Virtist þá maðurinn sem var með Guðmundi ætla að kasta sér á hlið bifreiðarinnar. Af því varð þó ekki og fann vitnið ekki að hann snerti bifreiðina. Vitnið og Elínborg óku brott af staðnum og héldu til Reykjavíkur. Vissu þær ekki um ferðir Guðmundar eftir þetta. Vitnið varð ekki vart við að neinir aðrir væru í fylgd með Guðmundi og manninum. Það minnir, að eitthvað fólk hafi verið þarna á ferli. Vitnið vissi um, að Elínborg hafði tilkynnt rannsóknarlöggreglunni um það, er að framan greinir, þegar

lýst hafði verið eftir Guðmundi í fjölmíðum. Elínborg skýrði vitninu frá símhringingu, sem hún hafði fengið eftir viðtalið við Njörð Snæhólm. Sagði hún að maður sá, sem talaði við hana, hefði sagst heita Kristján.

Vitnið mætti til skýrslugjafar hjá rannsóknarlöggreglu 22. janúar 1977, en fyrr hafði aldrei verið talað við vitnið um hvarf Guðmundar. Vitnið kveður sér hafa verið sýndar myndir úr safni rannsóknarlöggreglunnar. Vitnið man ekki, hve myndirnar voru margar, en telur, að þær hafi verið milli 5 og 10. Vitnið taldi að mynd af einum mannum líktist mest manni þeim, er það sá með Guðmundi umrætt sinn. Var mynd þessi af Kristjáni Viðari Viðarssyni.

Þá fór fram sakbending og benti vitnið á mann þann, er bar spjald nr. 4. Fannst vitninu maður þessi líkjast mest manni þeim, er það sá með Guðmundi í Hafnarfirði. Það sem vitninu fannst mæla á móti því að um sama mann væri að ræða, var það, að Kristján Viðar Viðarsson, er vitnið veit nú, að bar spjald nr. 4, var feitari en maður sá, sem það sá með Guðmundi í Hafnarfirði.

Að öðru leyti vísar vitnið til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlöggreglu, sem það staðfestir réttu.

Bróðir vitnisins bjó í Hafnarfirði og þekkti vitnið vel til staðhátta þar af þeim sökum.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Eftir lögmæltan undirbúning vinnur það eið að framburði sínum.

Upplesið, játað rétt bókað.

Víkja frá kl. 16.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, miðvikudaginn 23. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson.

Einnig er mættur verjandi ákærðu Erlu Bolladóttur, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærða, Erla Bolladóttir, Hörpugötu 13, Reykjavík, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærða kveðst hafa verið heitbundin meðákærða Sævari Marinó Ciesielski í janúar 1974, og er því gætt ákv. 2. tl. 89. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærða kveðst reiðubúin að skýra frá málsatvikum,

er í I. kafla ákæru greinir.

I. kafli ákæru.

Akærðu er kynnt domskýrsla hennar frá 20. desember 1975, og farið yfir lögregluskyrsluna, sem hún þá staðfesti.

Ákærða kveðst staðfesta þennan framburð sinn og segir að rétt sé greint frá í meginatriðum.

Akærða kveðst hafa kynnst meðákærða Sævari Marinó í júlí 1973 og heitbundust þau í nóvember sama ár. Hófu þau þá sambúð að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Ákærða man ekki hvenær hún sá meðákærða Sævar síðast, áður en hún kom að Hamarsbraut 11 nótta þá, er í skýrslu hennar greinir. Ákærða hafði ekki hitt meðákærða eftir að hann kom úr ferð til útlanda með Viggó Guðmundssyni skömmu áður.

Akærða var að skemmta sér í veitingahúsínu Klúbbnum hér í borg síðustu helgina í janúar 1974. Telur ákærða að þetta hafi verið aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar. Ákærða fór á brott úr Klúbbnum um kl. 02. Þegar út úr samkomuhúsínu kom, hitti hún Auði Úlfarsdóttur Jacobsen, sem hún kannast við. Auður var þar í bifreið með unnusta sínum og tveimur piltum.

Akærða ætlaði heim til sín, en var peningalaus. Auður bauð ákærðu í samkvæmi í hús við Laugarnesveg. Fór ákærða þangað með henni og var í samkvæminu þar til um kl. 03, ásamt fólkvi, er var með Auði. Eftir það var ákærðu ekið heim til hennar. Ákærða kveðst ekki þekkja mann þann, sem ók bifreiðinni, en með í ferðinni voru Auður og unnusti hennar. Ákærða telur sig hafa komið að Hamarsbraut 11 um

kl. 3.30. Þar skildist ákærða við fólkið, sem með henni var og fór inn til sín. Ákærða bjó í kjallaranum að Hamarsbraut 11 og var íbúðin læst. Ákærða kveður þau einungis hafa haft einn lykil að íbúðinni og var Sævar með hann umrætt sinn. Ákærða tók það til bragðs að skríða inn um glugga á þvottahúsi til að komast inn í íbúðina, en það ráð hafði hún notað áður, er hún var lykillaus. Ákærða kveður hafa verið ljós í herberginu inn af stofu, en að öðru leyti var þar slökkt. Ákærða kveðst ekki muna hvar hún kveikti fyrst ljós, er hún kom inn í íbúðina, en helst getur henni dottið í hug að það hafi verið í stofunni.

Enginn var í íbúðinni, er ákærða kom þangað. Ákærða kveðst hafa séð að hellst hafði á gólfíð úr sykurpoka, er var á hillu í borði í svefnherberginu. Önnur ummerki sem bentu til átaka, kveðst ákærða ekki hafa séð. Ekki kveðst ákærða hafa séð blóðbletti neins staðar. Ekki varð ákærða vör við neina muni í íbúðinni, svo sem veski, sem hún kann-aðist ekki við. Ákærða kveðst hafa verið þreytt og lagst til svefns í herberginu inn af stofunni, stuttu eftir að hún kom inn í íbúðina. Hún var lítilsháttar með áfengis-áhrifum. Þegar ákærða hafði hattáð, varð hún þess vör að lakið vantaði í rúmið. Ákærða telur sig hafa sofnað fljót-lega eftir að hún lagðist út af. Hún vaknaði við það að hún heyrði þrusk við gluggann á herberginu, sem hún svaf í. Ákærða sofnaði eftir þetta. Hún vaknaði við það að hún heyrði að menn komu inn í íbúðina. Ákærða kveðst hafa farið á fætur og farið fram í stofuna. Dyrnar úr stofunni fram á

ganginn voru opnar og sá ákærða að búið var að kveikja ljós á ganginum. Ákærða varð vör við það að menn þeir, er inn komu fóru inn í þvottahús. Ákærða fór þá fram á ganginn, og gáði inn í þvottahúsið. Sá hún þar ákærðu Kristján Viðar og Sævar Marinó og einhvern mann, sem hún ekki þekkti.

*178cm.*

Maður þessi var frekar lítill, prekinn, ljóshærður og með hrokkið hár. Ákærða kveðst hafa séð umræddan mann í apríl 1974 og eftir það í einhver skipti, og hafi þetta verið Tryggvi Rúnar Leifsson. Ákærða tekur fram, að Tryggvi Rúnar hafi verið með þeim Kristjáni Viðari og Sævari Marinó, er hún sá hann. Minnist hún þess að hafa einu sinni séð hann heima hjá Kristjáni Viðari að Grettisgötu 82.

Pegar ákærða kom í dyrnar að þvottahúsinu sá hún að Kristján Viðar, Sævar Marinó og framangreindur maður, þ.e. Tryggvi Rúnar, voru inni í geymslunni. Man ákærða eftir því að þeir Sævar og Tryggvi stóðu álútir yfir einhverju, sem var vafid inn í lak. Kveðst ákærða strax hafa gert sér ljóst að þetta var mannslíkami. Ákærða veitti því athygli að Kristján Viðar sló saman höndunum. Ákærða sá næst að þeir tóku upp mannslíkamann, sem var vafinn inn í lakið, og báru hann gegnum þvottahúsið fram á ganginn. Ákærða var á ganginum, er meðákærðu komu þangað. Meðákærðu höfðu ekki viðvöl á ganginum, en Sævar Marinó opnaði útidyrnar og báru þeir mannslíkamann í lakinu út úr húsinu. Ákærða varð fyrir þeim, er þeir voru að þessu. Rakst Sævar á hana, svo hún féll á gólfíð. Ákærða kveðst hafa orðið mjög hrædd, er hún sá þetta og lá hún á gólfínu nokkurn tíma. Ákærða

kveður Sævar Marinó hafa komið aftur inn í íbúðina en ekki hinir mennirnir. Sævar Marinó reisti ákærðu upp og fylgdi henni inn að rúminu. Lagðist ákærða þar fyrir. Sævar sagði við ákærðu að hún skyldi aldrei segja frá þessu, en minntist að öðru leyti ekki á hvað gerst hefði. Þegar Sævar Marinó hafði rætt við ákærðu nokkra stund, fór hann út. Ákærða kveðst aldrei hafa heyrt í bíl við Hamarsbraut ll nótta þessa og hún varð ekki vör við að meðákærðu fáru á brott í bifreið. Ákærða kveðst ekki hafa séð Albert Klahn Skaftason að Hamarsbraut ll framangreinda nótta, og ekki aðra en meðákærðu, eins og áður er rakið. Ákærða kannast ekki við Gunnar Jónsson, Lokastíg 18, Reykjavík. Ákærða sér í dóminum mynd af Gunnari Jónssyni og segir nú, að hún kannist við hann. Ákærða heldur því fram, að hún hafi ekki séð Gunnar að Hamarsbraut ll. Ákærða minnist þess að Tryggvi Rúnar hafi komið fyrir pennan atburð að Hamarsbraut ll. Var það einhvern tíma í janúar 1974 að hann kom sem snöggvast inn með meðákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Albert Klahn. Þeir höfðu skamma viðvöl. Ákærða vissi ekki þá, hvaða maður þetta var og spurði ekki um það.

Ákærða lá áfram í rúminu eftir að meðákærðu voru farnir á brott. Þeir komu ekki aftur um nöttina. Ákærða er ekki viss um hvort hún sofnaði. Hún fór á fætur einhvern tíma um morguninn en er ekki ljóst hvenær það var. Ákærða kveðst skömmu síðar hafa farið út að öskutunnu og gáð í hana. Sá hún þar lak með saur í. Ákærða er örugg um að þetta var lakið af rúmi hennar. Ákærða skýrir frá í

pessu sambandi, að hún hafi veitt því athygli að blettur var í lakinu sem maðurinn var vafinn inn í, er hann var borinn út úr þvottahúsínu. Fann hún að saurlykt gaus upp. Ákærða fann sömu lykt af saurnum, er var í lakinu, er hún opnaði öskutunnuna.

Ákærða kveður Sævar Marinó hafa komið heim aftur að kvöldi sunnudagsins 27. janúar 1974 og verið heima eitthvað fram á nóttina. Ekki var neitt minnst á það, er gerst hafði nóttina áður. Ákærða vissi ekkert hvert meðákærðu fóru með mannslíkamann í lakinu og hún getur ekkert sagt um ferðir meðákærðu um nóttina. Ákærða kveðst aldrei hafa orðið vör við það að lífsmark leyndist með manni þeim, er vafinn var inn í lakið.

Ákærða kveðst ekki muna eftir að hafa rætt við þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar um nóttina, en henni er kynnt það, er Kristján Viðar segir um það í dómi. Ákærða kveður þetta þó kunna að vera, þó hún muni það ekki.

Ákærða sér mynd af Guðmundi Einarssyni. Hún minnist þess að hafa hitt hann tvívar sinnum, sennilega á árinu 1972. Ákærða man að í annað skiptið hitti hún hann að Framnesvegi 61. Ákærða vissi að Guðmundur neytti áfengis, en ekki veit hún til að hann hafi neytt fíkniefna. Ákærða vissi ekki til að Sævar og Guðmundur þekktust. Ákærða kveðst ekkert hafa vitað hvaða maður var í lakinu.

Ákærða kveðst hafa verið í gæsluvarðhaldi vegna atferlis þess er í IV. kafla ákæru greinir, í desember 1975 og verið þá spurð um hvort hún vissi um það er hún hefur nú

skýrt frá. Ákærða mundi ekki eftir þessu fyrst í stað, en við frekari yfirheyrlur rifjaðist það upp fyrir henni.

Ákærða kveðst vera alveg örugg um að meðákærðu voru ekki í íbúðinni, er hún kom þangað nött þá, er að framan greinir.

Ákærðu eru kynntar fyrri skýrslur hennar í máli þessu og kveðst hún staðfesta þær með áorðnum breytingum.

IV. kafli ákæru.

Ákærða kveður það rétt, sem henni er gefið að sök í þessum kafla ákæru. Vísað hún til skýrslu sinnar í dómi og hjá lögreglu um atferli það, er þar greinir.

Upplesið, játað rétt bókað.

Viku frá kl. 12.28.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, fimmtudaginn 24. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni, Auður Úlfarsdóttir Jacobsen, Sóleyjargötu 13, Reykjavík, 20 ára að aldri.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því að það minnist þess að hafa einhvern tíma fyrir nokkrum árum farið með Erlu Bolladóttur í bifreið til Hafnarfjarðar. Vitnið man ekki hver ók bifreiðinni, en Ómar Aðalsteinsson, nú eiginmaður þess, gæti hafa verið með í bifreiðinni. Vitnið hafði verið með Erlu í skóla en ekki var um nein kynni á milli þeirra að ræða. Vitnið man ekki hvar það hitti Erlu, en minnir að það hafi annað hvort verið við Sigtún við Austurvöll eða við Klúbbinn við Lækjarteig. Vitnið kveður það fá staðist, að þau hafi verið í Mercedes Benz bifreið umrætt sinn. Vitnið minnist þess ekki að Erla hafi farið með þeim í samkvæmi og finnst það heldur ólíklegt, en vill þó ekki alveg neita því, að það hafi verið. Vitnið kveður þetta hafa verið að næturlagi, en hvenær ársins, man það ekki. Vitnið minnist þess að Erlu var ekið að húsi sunnan við lögreglustöðina þegar til Hafnarfjarðar kom, en hvaða hús það var, man vitnið ekki. Hús það, er staðnæmst var við, stóð nokkuð frá götu. Fór Erla þar úr bifreiðinni og á bak við húsið, þar sem hún hvarf vitninu sjónum. Erla kom ekki aftur í bifreiðina, eða að minnsta kosti man vitnið ekki eftir því. Eftir þetta fór vitnið á brott og hefur ekki séð Erlu nema í eitt skipti eftir þetta.

Vitninu er kynnt skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglu

og kveðst það staðfesta hana með áorðnum breytingum.

Vitninu er kynntur framburður Erlu Bolladóttur um það er að framan greinir.

Vitnið tekur fram, að það muni ekki eftir að Erla hafi farið með þeim í samkvæmi í hús við Laugarnesveg, svo sem hún heldur fram. Annað í framburði Erlu kveðst það ekki vefengja, en víesar til framburðar síns, um að hún muni þetta ekki nákvæmlega.

Vitnið kveðst ekkert geta borið um ástand Erlu Bolladóttur. Það man ekki eftir, hvort ljós var í gluggum á húsi því, er hún fór inn í.

Eiginmaður vitnisins átti Mercedes Benz bifreið um tíma, en hvenær man vitnið ekki nákvæmlega.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið kveðst vera í þjóðkirkjunni og trúá á Guð. Löglega undirbúið vinnur vitnið eið að framburði sínum.

Vék frá kl. 10.35.

Kl. 10.45 kemur í dóminn sem vitni, Halldór Fannar Ellertsson, Snorrabraut 85, 26 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því að hann hafi verið í júlí og ágúst á s.l. ári að afplána refsingu að vinnuhælinu að Litla-Hrauni. Tryggvi Rúnar Leifsson var á þessum tíma þar í gæsluvarðhaldi, og ræddi vitnið oft við hann um mál varðandi dauða Guðmundar Einarssonar. Tryggvi Rúnar hafði orð á því, að ekki væru öll kurl komin til grafar í því,

sem fram hefði komið í málínu. Hann spurði mikið um hvað hefði verið skrifað í blöðin um málið, en taldi það hafa litla þýðingu. Tryggvi Rúnar fékk á þessum tíma að lesa dagblöð, svo sem aðrir refsifangar á Litla-Hrauni. Hann hélt því fram, að hann væri saklaus og að dómsrannsókn myndi leiða það í ljós. Vitnið man eftir því, að Páll Rúnar Elíson var viðstaddir í eitthvert skipti, er Tryggvi var að ræða þetta. Vitninu er kynntur framburður Páls Rúnars Elísonar um það, er Tryggvi Rúnar á að hafa sagt í viðurvist Páls og vitnisins. Vitnið kveðst aldrei hafa heyrt Tryggva Rúnar segja það, er í framburði Páls Rúnars greinir, og tekur fram, að það hafi aldrei heyrt það, er Páll Rúnar segir, fyrr en nú fyrir skömmu, er Gísli Guðmundsson, rannsóknarlöggreglumaður, sagði því það.

Vitninu er kynnt það, er Gísli Guðmundsson hefur eftir því í skýrslu sinni, og kveður vitnið það rétt.

Vitnið man ekki eftir því að Tryggvi Rúnar hafi nokkurn tíma gefið það í skyn hvernig dauða Guðmundar Einars-sonar bar að höndum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.10.

Mættur er í dóminum skipaður verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar, Páll A. Pálsson, hdl.

Kl. 11.10 kemur í dóminn sem vitni, Stella Ester Kristjánsdóttir, Asparteigi 2, Mosfellssveit, 39 ára að

aldri.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið er móðursystir Kristjáns Viðars Viðarssonar og er því gætt ákv. 5. tl. 89. gr. l. nr. 74, 1974.

Vitnið lýsir sig reiðubúið að bera vitni í málínu.

Vitninu er síndur byssustingurinn, sem myndin er af á dskj. nr. XV. Vitnið skýrir frá því að það hafi verið fyrir 2-3 árum a.m.k., statt að Grettisgötu 82 hjá Ingíríði Finnsdóttur, móður sinni, en ömmu Kristjáns Viðars. Sýndi móðir vitnisins því hníf að vitninu fannst, sem hún sagði að Kristján Viðar væri með, og hafði áhyggjur af því, vegna óreglu á Kristjáni og fólki, sem vendi komur sínar til hans. Vitnið man ekki hvar móðir þess náði í hnífinn, en hnífur þessi var mjög áþekkur hníf þeim, sem myndin er af á dskj. nr. XV. Vitnið ræddi mál þetta aldrei við Kristján sjálfan, og sá hann aldrei með hnífinn. Vitnið ráðlagði móður sinni að fleygja hnífnum. Vitnið minnir að hnífurinn hafi fyrst verið settur í bréf, en síðan settur í plastpoka með öðru rusli og staðhæfir vitnið, að hann hafi verið settur í ruslatunnu. Að öðru leyti víesar vitnið til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlöggreglu, sem því er kynnt. Kveðst það staðfesta skýrsluna í öllum atriðum, að öðru leyti en því, að aldrei var minnst á að um byssusting væri að ræða, enda hafi það ekki gert sér grein fyrir, hvers konar vopn þetta var.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.32.

Kl. 11.32 kemur í dóminn sem vitni, Ingiríður Finnsdóttir, Grettisgötu 82, fædd 25. janúar 1906.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið er amma Kristjáns Viðars Viðarssonar og er gætt ákv. 3. tl. 89. gr. 1. nr. 74, 1974.

Vitnið lýsir sig reiðubúið að bera vitni í málinu.

Vitninu er sýndur byssustingurinn, sem myndin er af á dskj. nr. XV. Vitnið skýrir frá því, að Kristján Viðar hafi komið með hníf eða byssusting mjög áþekkan þeim, sem vitnið hefur séð, er hann kom frá Kaupmannahöfn síðla sumars 1973. Sá vitnið byssustinginn í ferðatösku Kristjáns Viðars. Vitnið kveður Kristján Viðar hafa geymt byssustinginn í ferðatösku, en eigi man það eftir að hann hengdi hann upp á vegg. Kristján Viðar hafði orð á því, að hann ætlaði að eiga þetta sem minjagrip frá Danmörku. Vitnið hafði áhyggjur af byssustingnum vegna óreglu sem var í kringum Kristján. Vitnið ræddi þetta við Stellu Ester dóttur þess, er hún kom eitt sinn í heimsókn, en vitnið hafði þá rekist á byssustinginn í efsta hólfi á eldhússkáp, er það var að gera hreint. Sagði dóttir vitnisins, að það skyldi fleygja byssustingnum. Kveðst vitnið hafa vafið byssustinginn í brúnt bréf og fleygt honum í ruslatunnu. Kristján Viðar minntist aldrei á byssustinginn við vitnið eftir þetta. Vitnið kveðst aldrei hafa séð Kristján Viðar hafa byssustinginn með sér. Vitnið kveðst ekki muna nákvæmlega hvenær það fleygði byssustingnum, en langt er orðið síðan, og var það hálf búið að gleyma þessu.

Vitnið kveðst hafa fleygt byssustingnum rétt fyrir jólin skömmu eftir að dóttir þess og tengdasonur fluttu að Asparteig 2 í Mosfellssveit.

Vitnið staðfestir skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu.

Upplesið, játað rétt.

Mætir þá á ný í dóminum sem vitni, Stella Ester Kristjánsdóttir.

Vitnið kveðst hafa flutt að Asparteigi 2 í Mosfells-sveit síðast í júlí 1973.

Vitninu er nú kynntur framburður móður þess um það, hvenær byssustingnum hafi verið hent. Vitnið kveðst ekkert geta staðhæft neitt um þetta frekar en í framburði þess greinir.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.10.

Kl. 12.10 kemur í dóminn sem vitni, Helga Gísladóttir, Kelduhvammi 3, Hafnarfirði, 21 árs að aldri.

Áminnt um sannsögli.

Vitnið sér mynd af Guðmundi Einarssyni. Vitnið minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma séð Guðmund.

Vitnið kveðst hafa kynnst Sævari Marinó Ciesielski snemma á árinu 1973 og voru þau mikið saman eftir það. Vitnið man eftir því að félagar Sævars Marinós, þeir Kristján Viðar og Albert Klahn Skaftason, hafi komið einhvern tíma í heimsókn með honum til vitnisins, en það var mjög

sjaldan.

Vitninu er sýndur byssustingurinn, sem er sams konar og sá, sem myndin er af á dskj. nr. XV. Kveðst það aldrei hafa séð áþekkt vopn í fórum Sævars Marinós eða Kristjáns Viðars.

Vitninu er bent á fyrri framburð þess hjá löggreglu um kynni þess af Sævari Marinó. Vitnið tekur fram, að það muni mjög lítið eftir þessu tímabili og tekur nú fram, að það muni ekki hvenær það hafi kynnst honum.

Vitnið kveðst ekki sérstaklega muna eftir laugardagskvöldinu 26. janúar 1974 og aðfaranótt s.m.

Lilja Hjartardóttir var með vitninu í herbergi á Kópavogshæli á þessum tíma, en vitnið var við störf þar.

Vitnið man ekki hvort Sævar Marinó kom til þess framangreint kvöld eða nótt en hann var tíður gestur hjá því um þetta leyti, og kom yfirleitt á kvöldin eða nóttunni.

Vitninu er kynnt það, sem kemur fram í framburði Sævars Marinós um, að Lilja Hjartardóttir hafi komið heim í herbergið til þess af dansleik framangreint kvöld eða nótt, og verið miður sín af ástarsorg. Vitnið kveðst ekki sérstaklega muna eftir þessu, enda hafi þetta oft komið fyrir. Ekki man vitnið eftir því að Sævar Marinó hafi tekið upp flösku með Ballantyne whisky í herbergi vitnisins umrætt kvöld og gefið Sæmundi Jóhannssyni í glas.

Vitnið kveðst vísa til fyrri skýrslna sinna í máli þessu, sem það kveðst staðfesta í öllum atriðum.

Vitninu var kunnugt um bifreiðarstjóra, sem ók Sævari

mikið um þessar mundir, en eigi viði vissi vitnið hver það var. Vitnið kannaðist ekki við Viggó Guðmundsson, en veit hver hann er nú.

Vitnið man ekki eftir því, að Sævar Marinó eða aðrir ákærðu, minntust nokkurn tíma á Guðmund Einarsson, eftir að hann hvarf og farið var að auglýsa eftir honum.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.32.

Kl. 12.32 kemur í dóminn sem vitni, Páll Rúnar Elíson, Heiðardal í Blesugrót hér í borg, fæddur 28. ágúst 1953.

Aminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því að það hafi verið að afplána refsídóm að vinnuhælinu að Litla-Hrauni í ágúst 1976. Tryggvi Rúnar Leifsson var þá í gæsluvarðhaldi að Litla-Hrauni. Vitnið kveðst hafa rætt við Tryggva Rúnar í tvö skipti í klefa sínum, sem var nr. 39, um mál petta, og var Halldór Fannar Ellertsson viðstaddir í annað skiptið. Tryggvi Rúnar talaði mjög frjálslega um málið og virtist ekki hafa neinu að leyna. Hann skýrði vitninu frá því, að hann hefði verið staddir í húsi í Hafnarfirði nótt þá, er Guðmundur Einarsson hvarf, ásamt Sævari Marinó Ciesielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Hefði Guðmundur Einarsson verið þar og sennilega tvær stúlkur. Ekki minntist Tryggvi Rúnar á hvar þeir hefðu hitt Guðmund, og ekki nefndi hann nöfn stúlknanna. Tryggvi Rúnar minntist ekki á, að þeir hefðu verið undir áhrifum áfengis eða lyfja, er Guðmundur

beið bana. Hann kvað upphaf áatakanna við Guðmund hafa byrjað á þann hátt að Guðmundur hefði hótað að ljóstra einhverju upp um ákærðu. Kvaðst Tryggvi Rúnar hafa ráðist á hann og slegið hann niður. Síðan hefði Sævar Marinó spaskað í höfuð hans, þar sem hann hafi legið á gólfuru og verið að reyna að rísa á fætur. Guðmundur hefði ekki hreyft sig eftir þetta. Þeir hefðu tekið lík Guðmundar og sett það í einhvern skáp. Þeir hefðu orðið skelkaðir eftir þetta og tekið inn LSD töflur og hefði hann alveg orðið ringlaður. Hann kvaðst þó muna að lík Guðmundar hefði verið sett inn í einhvern jeppa og ekið burt í honum, en ekki kvaðst hann muna hvað hefði verið gert af því. Fleira sagði Tryggvi Rúnar ekki um þetta að vitnið man, og hann minntist aldrei á það að Kristján Viðar hefði tekið þátt í árásinni á Guðmund. Tryggvi Rúnar sagði að það hefði komið sér algjörlega að óvörum, er hann var tekinn vegna máls þessa. Hann hefði ekkert munað fyrst í stað, en síðan hefði þetta rifjast upp fyrir sér.

Vitnið skýrir frá því, að um mánaðarmótin september-október 1976 hafi verið gerð árás á sig að næturlagi á Miðtúni í Keflavík. Hafi 3 menn staðið að árásinni. Vitnið var slegið til jarðar og missti meðvitund um stund. Hafi það nefbrotnað og eins brotnað tennur í því. Vitnið veit ekki tilefni árásarinnar en grunar að hún sé í sambandi við upplýsingar þær, sem það hefur gefið í máli þessu. Vitnið hefur gefið skýrslu um þetta til rannsóknarlöggreglunnar, en veit ekki til að búið sé að hafa upp á mönnunum.

Vitnið les skyrslu sína hjá rannsóknarlöggreglu og kveðst staðfesta hana.

Upplesið, staðfest rétt.

Vék frá kl. 13.19.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, föstudaginn 25. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 10.00 er mættur í dóminum Bragi Steinarsson, saksóknari, svo og Páll Arnór Pálsson, hdl., skipaður verjandi ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Kl. 10.00 er færður í dóminn Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæslufangi í hegningarárhúsini, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

I. kafli ákæru.

Ákærða er kynnt sakarefnið í I. kafla ákæru. Kveður hann það rétt, sem honum er gefið þar að sök að því undanskildu, að Guðmundur hafi aldrei verið stunginn með hníf eða byssusting.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi þekkt meðákærða Sævar Marinó Ciesielski frá því hann var 10 ára og hafi hann kynnst honum, er þeir voru saman í barnaskóla. Hafa þeir verið mikið saman frá því árið 1972.

Ákærði kveðst hafa kynnst meðákærða Tryggva Rúnari Leifssyni árið 1971. Hafa þeir verið mikið saman síðan.

Ákærði kveðst hafa kynnst meðákærða Albert Klahn Skaftasyni, er hann var 10 ára að aldri og hafa þeir verið tölувvert saman síðan.

Ákærði skýrir frá því, að ákærðu hafi allir neytt áfengis saman tölувvert mikið og einnig fíkniefna. Hann tekur þó fram, að Sævar Marinó hafi hætt fíkniefnaneyslu árið 1972. Ákærðu hafa einkum hist að Grettisgötu 82, heima hjá ákærða, heima hjá Albert Klahn Skaftasyni að Njálsgötu 44 og eins að Vesturgötu 24. Ákærði kveður meðákærða Sævar Marinó hafa kynnst Erlu Bolladóttur í ágúst 1973. Hófust náin kynni milli þeirra og tóku þau upp sambúð um haustið eða veturinn að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Ákærði telur sig hafa komið tvisvar til þrisvar að Hamarsbraut 11 eftir að Erla og Sævar Marinó fóru að búa þar, áður en hann kom þangað aðfaránótt 27. janúar 1974. Ákærði kveðst hafa komið einn í eitt skiptið, í annað skiptið kom hann með Albert Klahn og Sævari. Ákærði kveðst ekki minn-

ast þess að hafa komið oftar að Hamarsbraut 11. Hann man ekki eftir því að hafa séð Tryggva Rúnar þar nema í eitt skipti, þ.e. aðfaranótt 27. janúar 1974, svo sem nánar verður rakið.

Ákærði segir frá því, að hann hafi verið staddur heima hjá sér að Grettisgötu 82 nokkuð seint að kvöldi 26. janúar 1974, er Tryggvi Rúnar Leifsson kom þangað. Ákærða minnir, að þegar Tryggvi kom, hafi Albert Klahn Skaftason og piltur að nafni Gunnar Jónsson, er bjó einhvers staðar við Lokastíg, verið staddir heima hjá sér, en þeir höfðu komið eitthvað fyrr um kvöldið. Ákærða er sýnd mynd af Gunnari Jónssyni og kveður hann vera um sama mann að ræða. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis, tekið Mebumal Natrium og LSD töflur. Ákærði sað Tryggva Rúnar neyta áfengis og taka inn Mebumal Natrium, en hvort hann tók inn LSD töflur veit hann ekki. Ákærði sað ekki að Albert Klahn og Gunnar Jónsson neyttu áfengis eða fíkniefna. Albert Klahn Skaftason hafði útvegað LSD töflurnar hjá Sigríði Gísladóttur að Vesturgötu 24. Um miðnætti fóru ákærðu og Gunnar Jónsson út saman. Ákærði minnist þess, að nokkuð kalt var í veðri, en að öðru leyti man hann ekki, hvernig veðrið var. Bifreið er Albert Klahn Skaftason var með, stóð á Grettisgötu, skammt frá heimili ákærða. Þetta var svört Volks-wagen bifreið, er faðir Alberts Klahn átti. Ákærðu og Gunnar fóru í bifreiðina. Albert var ökumaður bifreiðarinnar. Sat Gunnar Jónsson í framsæti við hlið Alberts, en ákærði og Tryggvi Rúnar sátu í aftursæti. Ákærðu fóru á

bifreiðinni milli skemmtistaða hér í borginni. Ákærði minnist þess, að þeir hafi m.a. ekið fram hjá Röðli. Ákærði minnist þess ekki, að þeir hafi haft neitt sérstakt í huga með ferðalagi þessu, en segir, að ætlun þeirra Tryggva Rúnars hafi verið að hitta fólk. Ákærði minnist þess ekki, að þeir hafi komið nokkurs staðar við hér í borginni. Ákærði kveður þá hafa ekið að starfsmannahúsi við Kópavogs-hæli og hafi þeir verið þar á tímanum frá kl. 01 til 01.30. Ákærðu fóru þangað til að hitta Sævar Marinó Ciesielski, er var þar hjá Helgu Gísladóttur. Ekki voru ákærðu búinir að mæla sér mótt þarna, en ákærði ætlaði að fá lánaða peninga hjá Sævari Marinó og eins kveður hann þá hafa haft hug á að fá að setjast þarna inn. Ákærði kveðst hafa vitað, að Sævar átti peninga og hafi hann ætlað að fá peningalán hjá honum til kaupa á áfengisflösku. Sævar Marinó sagðist ekki geta lánað ákærða peninga. Ákærði kveðst hafa talað sjálfur við Sævar Marinó, en meðákærðu og Gunnar Jónsson hafi verið í bifreiðinni á meðan. Ákærði kveðst ekki hafa farið inn í húsið, en talað við Sævar Marinó við útidyr. Ákærði nefndi það einnig við hann, hvort þeir gætu fengið að koma inn, en Sævar Marinó sagði, að það væri ekki hægt. Sævar Marinó hafði orð á því, að hann væri á heimleið, en eigi ákváðu þeir að mæla sér mótt á neinum ákveðnum stað. Frá Kópavogshæli var ekið til Hafnarfjarðar og telur ákærði, að klukkan hafi verið rúmlega tvö, er þeir komu þangað. Ákærðu námu staðar í Hafnarfirði, skammt frá veitingahúsínu Skiphól, neðst í brekkunni, þegar komið

er til Hafnarfjarðar. Ákærði og Tryggvi Rúnar fóru úr bifreiðinni, en Albert Klahn og Gunnar urðu eftir. Ákærðu gengu um þarna stutta stund m.a. fram hjá Skiphól, en hittu ekkert fólk. Fóru ákærðu aftur að bifreiðinni og settust inn í hana. Albert sagði, við ákærða og Tryggva Rúnar, að hann þyrfti að fara og gætu þeir ekki fengið að vera lengur í bifreiðinni. Nokkuð þjark varð út af þessu, en ákærði og Tryggvi féllust á að fara úr bifreiðinni. Ákærði kveður þá Tryggva hafa gengið þarna um um stund, m.a. fram hjá Skiphól fí átt að Alþýðuhúsinu en síðan aftur upp brekkuna. Stefndu þeir í átt til Reykjavíkur og var ætlun þeirra að reyna að fá far þangað. Þegar þeir komu upp í brekkuna, sem liggur upp úr Hafnarfirði, sáu þeir ameríkska bifreið, rauðbrúna að lit. Bifreiðin var full af fólk. Ákærði sá, þegar þeir komu að bifreiðinni, að Guðmundur Einarsson, sem hann þekkti, stóð við afturdyr bifreiðarinnar ökumannsmegin. Ákærðu spurðu hvort hægt væri að fá far með bifreiðinni. Guðmundur svaraði þeim og sagði, að hann hefði verið að biðja um að fá far og mundi það ekki vera hægt. Bifreiðinni var síðan ekið á brott og urðu þeir 3 eftir. Ákærði sá ekki fólk það, er var í bifreiðinni og veit ekkert, hvaða skrásetningarmerkni var á henni. Ákærði kveður þá hafa ætlað að reyna að komast til Reykjavíkur og veifa bifreiðum, en það hafi ekkert gengið. Ákváðu þeir þá að fara að Hamarsbraut 11 og reyna að fá lán fyrir leigubifreið. Kveðst ákærði hafa átt hugmyndina að því. Ákærði kveðst ekki muna vel, hvaða leið þeir fóru, en telur að

þeir hafi gengið eftir Strandgötu og hann man eftir, að þeir gengu fram hjá lögreglustöðinni. Þeim gekk illa að finna Hamarsbraut ll og tekur ákærði fram í því sambandi, að hann hafi aldrei komið þar áður nema í bifreið. Ákærði kveður þá ekki hafa boðið Guðmundi í samkvæmi að Hamarsbraut ll og hafi aðeins verið tilgangur þeirra með ferðinni þangað að hitta Sævar Marinó og fá lán hjá honum fyrir bifreið til Reykjavíkur.

Ákærða er nú kynnt það, er Elínborg Jóna Rafnsdóttir og Sigríður Magnúsdóttir hafa borið í málí þessu.

Ákærði skýrir frá því nánar aðspurður, að hann muni eftir því, að Tryggvi Rúnar hafi orðið viðskila við þá Guðmund nokkra stund, er þeir voru staddir á Strandgötu við skúra rétt hjá Skiphól. Var ástæðan sú, að þeir töldu minni líkur á því, að þeir gætu stöðvað bifreiðar og fengið far, ef þeir væru 3 saman. Hafi því Tryggvi Rúnar farið á bak við skúrana svo að hann sæist ekki. Ákærði og Guðmundur hafi síðan staðið tveir á gangstéttinni og veifað bifreiðum, sem fóru fram hjá. Ákærði kveðst muna eftir því, að margar bifreiðar óku fram hjá þeim, m.a. man hann eftir fólksbifreið, að hann minnir ljósblárri, sem hafi hægt ferðina, en síðan verið ekið áfram. Eftir hvítri Volkswagenbifreið kveðst hann ekki muna, er hafi hægt ferðina, er hún nálgaðist þá, en síðan verið ekið áfram. Ákærði man ekki eftir að hafa farið úr jakkanum, en þó geti það verið. Ákærði var í umrætt sinn í frakka og jakka innan undir. Hann man ekki í hvernig skyrtu hann var. Ákærði

var mikið undir áhrifum áfengis, en sérstaklega var hann undir áhrifum lyfja. Ákærði kveður það vel geta verið rétt, það sem Elínborg og Sigríður segja í framburðum sínum. Ákærði man ekki eftir því, að Guðmundur hafi nefnt, að hann þekkti stúlkur, sem hafi ekið fram hjá þeim.

Þegar að Hamarsbraut ll kom, voru ljós slökkt í íbuð þeirra Sævars Marinós og Erlu, sem var í kjallara hússins. Ákærði kveðst hafa barið að dyrum, en enginn hafi ansað. Taldi hann, að ekki mundi heyrast til sín og bankaði þá í glugga á svefnherbergi og stofu, en ekki var ansað að heldur. Ákærði kveðst hafa orðið þess var á meðan hann var að þessu, að einhver gekk fram hjá húsinu niður stíginn. Ákærði vissi ekki, hvaða maður þetta var og hreyfði sig ekki til að maðurinn tæki ekki eftir sér. Ákærði fór síðan bak við húsið og aftur að útidyrum. Stóð þá Sævar Marinó þar hjá þeim Guðmundi og Tryggva Rúnari. Ákærði sá ekki, hvort Sævar kom í bifreið á staðinn. Sævar Marinó virtist vera tregur að hleypa þeim inn í húsið, en létt þó til leiðast. Þegar inn var komið tók hann ákærða á eintal og var að finna að því við ákærða, að hann hefði komið með þá Tryggva og Guðmund. Orðrétt segir ákærði svo: "Hann (Sævar Marinó) var eitthvað reiður yfir, að ég skyldi láta Tryggva vita, hvar hann byggi". Ákærði varð ekki var við, að Sævar væri með áhrifum áfengis eða lyfja og segir ákærði í því sambandi, að Sævar smakki lítið áfengi og ekki lyf.

Ákærði skýrir svo frá klæðaburði Guðmundar Einars-  
sonar, að hann hafi verið yfirhafnarlaus, en í munstruðum

dökkleitum jakka og í dökkum buxum og dökkri skyrtu.

Guðmundur var nokkuð mikið drukkinn. Ákærði og Guðmundur höfðu kynnst, er þeir voru í barnaskóla, en lítil eða engin samskipti haft eftir það, aðeins heilsast á götu.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði vill þó leiðréttu framburð sinn. Hann segir að þeir Tryggvi Rúnar hafi hitt Guðmund við Skiphól stuttu eftir að þeir fóru úr bifreiðinni hjá Albert Klahn, svo sem áður greinir. Hafi Guðmundur farið með þeim að bifreiðinni til Alberts, en Albert hafi ekki viljað aka þeim og sagst þurfa að fara eitthvað. Var nokkurt þras út af þessu, en Albert fór á brott frá þeim. Ákærði man, að hann spurði Albert, hvort hann þekkti ekki Guðmund og hvort hann vildi ekki gera honum þann greiða að aka honum til Reykjavíkur. Sagði Albert að hann kannaðist við Guðmund, en gæti ekki ekið þeim.

Ákærða er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni og staðfestir að hann hafi þekkt hann, svo sem áður greinir.

Upplesið, játað rétt.

Var nú gert hlé á þinghaldinu kl. 12.20, en því síðan fram haldið kl. 13.45.

Ákærði bætir því við það, er hann hefur áður skýrt frá, að þeir hafi á leið til Hafnarfjarðar komið við í næstursölunni við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Höfðu þeir stutta viðvöl þar, en óku svo áfram.

Ákærði kveðst hafa fundið það, er inn í íbúðina til Sævars Marinós var komið, að hann var óánægður yfir að

hafa þá þar og talaði um, að þeir stoppuðu stutt. Ákærði kveðst hafa beðið Sævar um að lána þeim til að greiða leigu-bifreið og hafi hann ætlað að verða við því. Ákærði kveður þá Albert Klahn og Gunnar hafa komið að Hamarsbraut 11 stuttu síðar, eða um 5 mínútum síðar, að hann telur.

Ákærði man, að Albert Klahn kom inn, en hann kveðst lítið muna eftir Gunnari, en kveður hann þó hafa komið inn. Man ákærði ekki eftir honum nema á fremri ganginum. Þegar inn var komið fóru ákærðu og Guðmundur inn í stofuna og ákærði man eftir því, að Albert var þar einnig eftir að hann kom. Ákærði man hins vegar ekki eftir að Gunnar Jónsson kæmi þar inn. Ákærðu og Guðmundur settust ekki niður.

Ákærði kveðst hafa tekið inn töflur, Mebumal Natrium, sem hann fékk hjá Tryggva Rúnari. Hafi hann boðið Guðmundi töflur, en hann afþakkað og haft orð á, að honum líkaði þetta ekki. Í framhaldi af þessu var farið að ræða áfengiskaup. Kveðst ákærði hafa átt hugmyndina að því. Hafi hann beðið Sævar að lána sér fyrir flösku, en hann verið tregur til. Stakk þá ákærði upp á því, að Guðmundur greiddi helminginn af flöskunni. Guðmundur vildi ekki á það fallast. Gengu þeir Tryggvi á eftir honum með þetta, en hann neitaði. Hið næsta, sem gerðist var það, að Sævar Marinó, Tryggvi Rúnar og Guðmundur fóru inn í svefnherbergið, en ákærði varð eftir í stofunni og fékk sér töflur. Ákærði kveðst hafa orðið þess var allt í einu, að átök voru byrjuð í svefnherberginu, rétt við dyrnar á stofunni, milli Sævars Marinós, Tryggva Rúnars og Guðmundar. Ákærði sa ekki, hvernig átökin

byrjuðu, en þau hófust í framhaldi af þjarkinu um áfengis-kaupin. Áður en átökin byrjuðu í svefnherberginu man ákærði eftir því, að hann og Guðmundur höfðu ýtt hvor við öðrum, en það var þegar ákærði var að bjóða Guðmundi töflurnar. Ákærði kveðst hafa séð, að Tryggvi Rúnar sló Guðmund hnefa-högg í andlitið. Var Guðmundur pá staddur í svefnherberg-inu, rétt innan við dyrnar og ákærðu Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó hjá honum. Guðmundur féll á bakið við höggið og lenti á gólfINU inni í stofunni. Tryggvi Rúnar lagðist ofan á Guðmund og hélt honum niðri. Í því stökk Sævar út úr svefnherberginu og sparkaði í Guðmund, sennilega í höfuðið að ákærða fannst. Ekki sá ákærði, að Sævar Marinó sparkaði nema einu sinni. Eftir það hraðaði Sævar Marinó sér út úr stofunni fram á ganginn og lokaði sig inni á salerni. Tryggvi Rúnar sleppti nú Guðmundi, sem stóð upp. Ekki minnist ákærði þess að hafa séð neina áverka á honum. Guðmundur var mjög reiður. Réðist hann á ákærða og spurði hann, hvers vegna hann væri að draga sig inn í svona dópi-stabæli. Ákærði kveður Guðmund hafa slegið sig í brjóst-ið og reynt að slá sig í andlitið. Ákærði kveðst hafa barið frá sér og snúið sér við. Kom þá Guðmundur aftan að ákærða og tók hann haustaki. Ákærði gat losað sig og sló Guðmund nokkur högg í andlit og víðar. Guðmundur fél við höggin á stofugólfíð og stóð ekki upp eftir það. Guð-mundur lá að átökunum afstöðnum á ská á stofugólfINU með höfuðið í átt að dyrunum milli svefnherbergis og stofu. Hann bærði ekkert á sér. Á meðan átökin á milli ákærða

og Guðmundar áttu sér stað, var Sævar Marinó inni á snyrti-herbergi og Tryggvi Rúnar frammi á gangi við stofudyrnar. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvar Albert Klahn og Gunnar Jónsson voru á meðan á átökunum stóð, en hvorugur þeirra tók þátt í þeim, en þeir voru einhvers staðar þarna. Ákærði man eftir því, að þeir voru inni í húsinu eftir átökin. Fljótlega eftir að Guðmundur var fallinn í gólfíð kallaði ákærði á Sævar Marinó, og kom hann út af snyrtiherberginu og fór inn í stofuna. Ákærði og Sævar Marinó vildu nú losna við Gunnar Jónsson. Sagði ákærði honum, að þarna ættu að fara fram viðskipti, sem þeir kærðu sig ekki um að hann yrði vitni að, og gæti hann ekki verið viðstaddir. Raunverulega ástæðan fyrir þessu var þó sú, að þeir vildu ekki láta Gunnar sjá meira af því, sem gerst hafði en orðið var. Gunnar fór síðan á brott og sagði ákærði Albert frá því. Sagðist Albert vilja aka Gunnari heim, en ákærði veit ekki, hvort hann gerði það. Ákærði kveður það hafa verið að frumkvæði Sævars að Gunnar var láttinn fara, en engar ákvarðanir var þá búið að taka um, hvað frekar yrði gert. Ákærði ræddi við Gunnar á ganginum, en þegar hann kom aftur inn í stofuna var búið að koma Guðmundi aftur inn í svefnherbergið. Ákærðu héldu fyrst, að Guðmundur væri meðvitundarlaus, en þegar inn í svefnherbergið kom, tóku þeir á púlsi hans og gagnauga, en fundu engan æðaslátt. Var ákærðu þá ljóst, að eitthvað alvarlegt hafði gerst og greip þá skelfing. Ákærðu hófu nú að ræða saman, hvað gera skyldi. Var rætt

hvort kalla skyldi á lækni eða sjúkrabíl en frá því var  
horfið. Var ákveðið að bíða átekta og sjá hvort Guðmundur  
jafnaði sig. Ákærði sá, að blóð var í munnvíkum Guðmundar,  
en aðra áverka sá hann ekki á honum. Ákærði kveður þá  
hafa farið saman á brott úr húsinu. Héldu þeir niður  
Suðurgötu og náðu þar í leigubifreið. Létu þeir aka sér  
að nætursölunni í Hafnarfirði. Þeir höfðu þar skamma við-  
dvöl og voru komnir aftur að Hamarsbraut til eftir u.p.b.  
hálftíma. Þegar ákærðu komu til baka, var Guðmundur enn  
meðvitundarlaus og fundu þeir, að hann var farinn að kólna.  
Ákærði tekur nú fram, að um misminni sé að ræða hjá sér,  
að Guðmundur hafi verið í svefnherberginu á meðan þeir  
voru í burtu. Hann kveður þá hafa borið Guðmund inn í geymslu,  
sem er inn af þvottahúsi og lagt hann þar. Var ástæðan  
sú, að þeir töldu möguleika á að Erla Bolladóttir kæmi heim  
í millitíðinni og kæmi að Guðmundi inni í svefnherberginu.  
Ákærðu héldu nú áfram að ráðgast um hvað gera skyldi við  
Guðmund og datt m.a. í hug, að setja hann á útitröppur eða  
í almenningsgarð, en frá því var horfið. Tóku ákærðu loks  
þá ákvörðun að fela lík Guðmundar einhvers staðar. Ákærði  
man eftir því, að Sævar rétti honum veski, þegar þeir voru  
staddir inni í geymslunni og sagði að þetta væri veski Guð-  
mundar. Ákærði tók við veskinu og stakk því í brjóstvasann  
á jakka Guðmundar. Hann tók það skömmu síðar aftur af  
Guðmundi og gáði þá í það. Ákærði sá, að persónuskilríki  
voru í veskinu, en ekki varð hann var við, að neinir pen-  
ingar væru þar. Ákærði kveðst aldrei hafa séð Sævar Marinó

taka veskið af Guðmundi. Ákærði kveðst ekki hafa orðið þess var, að Erla Bolladóttir væri komin heim, er þeir komu aftur að Hamarsbraut 11.

Ákærði man, að Sævar fór inn í íbúðina á meðan þeir voru í geymslunni og sótti lak. Ákærði veit ekki hvert Sævar náði í lakið. Guðmundur var vafinn inn í lakið. Þegar ákærðu voru staddir inni í geymslunni heyrðu þeir umgang frammi á ganginum og sagði Sævar Marinó, að þetta væri líklega Erla. Ákærði fór til Erlu og ræddi við hana inni í stofu. Sagði ákærði, að það hefði orðið hroðalegt slys í íbúðinni, og að maður hefði dáið. Ákærði sagði henni hvað ákærðu hygðust fyrir með líkið, þ.e. að fela það, en Erla sagðist ekki skipta sér neitt af þessu. Þegar þetta gerðist var Albert Klahn kominn. Sagði Sævar, að hann væri úti í bíl og væri hann búinn að tala við hann. Ákærði kveður Albert Klahn ekki hafa komið inn í húsið eftir að hann kom aftur.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi verið í Kaupmannahöfn í júlí árið 1973. Ákærði kom til Bárðar Ragnars Jónssonar og konu hans, er þar bjuggu um þessar mundir. Bárður átti nokkra hnífa, m.a. byssusting, sem er sams konar og byssustingurinn, sem myndin er af á dskj. XV. Ákærði heyrði að Bárður hafði einhvern tíma undir áhrifum ofskynjunar lyfja, stungið mann með hníf í öxlina. Einnig var ákærði sjónarvottur að því, er þeir Sævar Marinó voru hjá Bárði, að Bárður var með hníf í belti og gerði sig líklegan til að stinga Sævar Marinó með honum. Ákærði

kveðst hafa tekið byssustinginn hjá Bárði og haft hann með sér hingað til lands. Ákærði hafði byssustinginn í herbergi sínu. Festi ákærði hann upp á vegg en gekk ekki með hann. Ákærði kveðst ekki hafa verið með byssustinginn né neinn hníf að Hamarsbraut ll framangreinda nótt. Hann tekur aftur fyrri framburð hjá löggreglu um að hann hafi stungið Guðmund Einarsson með byssustingnum svo að hann hlaut bana af. Ákærði kveður sögu þessa algerlega út í loftið. Hafi hann sagt löggreglunni hana, vegna þess að hann var orðinn ruglaður af stöðugum yfirheyrslum, bæði um petta mál og "Geirfinnsmálið" og hafi sagan verið sögð til að flýta málínu. Eins og áður greinir, ræddi Sævar Marinó við ákærða og sagðist vera búinn að tala við Albert Klahn og hefði Albert fallist á að flytja líkið á brott. Ákærði kveður þá alla hafa borið lík Guðmundar út úr húsinu að Hamarsbraut ll. Hann man ekki eftir því að Erla Bolladóttir yrði fyrir þeim í ganginum og félli við, a.m.k. hafi það ekki verið af sínum völdum. Ákærði kveðst aldrei hafa fundið neina lykt af líki Guðmundar. Hann varð þess ekki var, að blóð eða saur kæmi í lakið, sem hann var vafinn innan í. Þegar út á tröppurnar að Hamarsbraut ll kom, hætti ákærði að bera líkið, en Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar báru það að bifreið Alberts Klahn, sem var skammt frá húsinu og snéri afturendi hennar að því. Ákærði fór inn í bifreiðina, strax og hann kom að henni og settist í aftursæti. Fyrst var ætlunin að koma líki Guðmundar fyrir í geymsluhólfi bifreiðarinnar, en það var alltof

lítið og var líkið sett á gólfíð aftan við framsæti. Ákærði tók á móti líkinu inni í bifreiðinni. Tryggvi Rúnar settist í aftursæti við hlið ákærða, Sævar Marinó fór aftur inn í húsið til að tala við Erlu. Hafði Sævar Marinó beðið ákærða að gera það, en ákærði vísað því frá sér. Ákvað þá Sævar Marinó að gera það sjálfur. Sævar Marinó var stutta stund inni í húsinu og þegar hann kom til baka settist hann í framsæti bifreiðarinnar við hlið Alberts Klahn. Ákærði tók ekki LSD eða önnur fíknilyf fyrr en síðar um nóttina, og hann varð ekki var við, að Tryggvi Rúnar gerði það, fyrr en eftir að heim til ákærða kom. Ekki var ákveðið hvert halda skyldi, er lagt var af stað með líkið. Sævar Marinó stjórnaði ferðinni og ákvað, að ekið skyldi í átt að álverinu. Áður en lengra var haldið var farinn vegurinn að Sædýrasafnинu, en er að hliði safnsins kom, var snúið við og síðan ekið áfram. Ákærði hefur sýnt lögreglunni hvert ekið var og kveður hann þar rétt frá greint. Hann man eftir því að ekið var inn á afleggjara, sem er vinstra megin við Reykjanesbrautina gegnt álverinu. Var ekinn nokkur spölur eftir afleggjaranum, en hve langt man ákærði ekki. Þegar Albert Klahn taldi ekki fært lengra var numið staðar og líkið tekið út úr bifreiðinni. Ákærðu báru líkið út í hraunið í suðurátt, en Albert varð eftir í bifreiðinni á meðan. Ákærðu gengu inn í hraunið nokkurn spöl, en hve langt getur hann ekki sagt um. Námū þeir staðar, er þeir komu að hraungjótu og settu líkið þar. Ákærðu létu lakið vera utan um líkið. Ákærði og Tryggvi

Rúnar sóttu stóran hellulaga stein og lögðu hann ofan á líkið. Steinn þessi huldi það ekki alveg. Sótti ákærði 3 - 4 steina til viðbótar og lagði yfir höfuð líksins. Ákærði kveðst ekki hafa kastað steinunum á líkið, heldur lagt þá varlega að því og hið sama sé að segja um stóra steininn. Líkið var alveg hulið af steinum og sást ekkert í það. Ákærða minnir, að Albert Klahn hafi haft ljós bifreiðarinnar kveikt á meðan þeir voru í burtu, en ákærði telur, að þeir hafi verið um 15-20 mínútur að bera líkið út í hraunið og koma því fyrir. Ákærði man ekki, hvort komið var við á Hamarsbrautinni í bakaleiðinni. Hann kveður Albert hafa ekið þeim til Reykjavíkur. Ók hann heim til ákærða að Grettisgötu 82 og fóru ákærði og Tryggvi Rúnar þar úr bifreiðinni, en Sævar varð eftir hjá Albert Klahn. Hafði Sævar á orði að láta aka sér að starfsmannahúsi við Kópavogshæli. Ákærði telur, að klukkan hafi verið um 4, er þeir komu að Grettisgötu 82. Þegar heim til ákærða kom, tóku ákærðu inn LSD töflur. Þegar áhrifa þeirra fór að gæta fór ákærði að ræða um það við Tryggva Rúnar, að maður hefði dáið í Hafnarfirði. Sagði Tryggvi Rúnar, að það væri tóm ímyndun og létt ákærði sannfærast um að svo væri. Ákærðu sofnuðu út frá LSD neyslunni og sváfu til morguns. Fram er komið að leigubifreið var þöntuð að Grettisgötu 82, kl. 7 að morgni 27. janúar 1974. Ákærði kveðst ekki munna eftir þessu. Enginn sími var í íbúðinni hjá ákærða á þessum tíma. Þrjár íbúðir eru í húsinu að Grettisgötu 82. Ákærði sá í blöðunum, að lýst var eftir Guðmundi Einars-

syni og hafin leit að honum. Ákærði var þá búinn að gleyma  
því er gerðist framangreinda nótt. Ræddu ákærðu aldrei  
samан um það, er gerst hafði.

Ákærði skýrir frá því aðspurður, að sér hafi fund-  
ist óhugnanlegt að þurfa að vera með líkið í bifreiðinni  
og því forðast að hafa fæturna ofan á því. Ákærði man  
þó ekki til að hafa haft orð á þessu. Veski Guðmundar  
Einarssonar, er ákærði hafði tekið aftur af honum, kveðst  
ákærði hafa kastað í höfnina í Hafnarfirði, er ákærðu komu  
úr hrauninu. Ákærði man ekki til þess, að úr hafi verið  
tekið af Guðmundi Einarssyni.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi ekki hreyft við  
líki Guðmundar Einarssonar eftir að það var flutt suður í  
hraunið og veit ekki til þess að það hafi verið gert.  
Höfðu meðákærðu aldrei orð á þessu við ákærða. Ákærði  
kannast ekki við að lík Guðmundar hafi verið flutt í  
kirkjugarð svo sem fram hefur komið í málínu. Er hann  
sérstaklega spurður um kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Hann  
neitar, að hafa átt nokkurn þátt í að flytja líkið þangað.  
Ákærða er kynnt skýrsla hans hjá lögreglu frá 14. október  
1976 (dskj. LI). Ákærði kveður skýrslu þessa ekki hafa  
við nein rök að styðjast. Hann hafi ekki komið með þá  
sögu að líkið hafi verið flutt í kirkjugarð. Ákærði er  
ítrekað spurður um það, hvort hann viti hvar lík Guðmundar  
Einarssonar sé niður komið og svarar hann því þannig:  
"Eg veit ekki, hvar líkamsleifar Guðmundar eru, séu þær  
ekki í Hafnarfjarðarhrauni".

Upplesið, játað rétt.

Víkja frá kl. 17.48.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, mánudaginn 28. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson.

Einnig eru mættir Páll A. Pálsson, hdl., skipaður verjandi Kristjáns Viðars Viðarssonar og Örn Clausen, hrl., skipaður verjandi Alberts Klahn Skaftasonar.

Kl. 10.10 er færður í dóminn ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærða eru kynntir framburðir hans í domi 11. janúar 1976 og það úr lögregluskyrslu, er hann staðfesti þá, svo og framburður hans s.l. föstudag, 25. þ.m., um átökin að

Hamarsbraut 11, er Guðmundur Einarsson beið bana. Ákærða er bent á misræmi milli framburðanna. Ákærði segir framburðinn frá 25. þ.m. vera réttari. Hann hafi ekki munað eins vel um málsatvik 11. janúar 1976 eins og nú.

Ákærði er sérstaklega inntur eftir því, er kemur fram í framburði hans, að Sævar Marinó hafi sparkað í Guðmund eftir að hann var fallinn. Í dómsframburðinum frá 11. janúar 1976 kveðst ákærði hafa séð, að Sævar Marinó sparkaði í síðu og höfuð Guðmundar, þar sem hann lá á gólfínu inni í stofu, en í framburði hans 25. þ.m. kveðst ákærði hafa séð hann sparka í Guðmund, sennilega í höfuðið að ákærða fannst. Ákærði segir síðari framburðinn vera réttari.

Ákærði kveðst viðurkenna að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í V. kafla ákæru. Vísar ákærði til skýrslu sinnar í domi um málsatvik.

Kl. 10.35 kemur í dóminn ákærði, Albert Klahn Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Fer nú fram samprófun um það, er í milli ber í framburðum ákærðu.

Í framburði ákærða Alberts Klahn segir, að ákærðu hafi að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. 1974 farið að ýmsum samkomuhúsum í borginni til að sjá út drukkna menn og taka af þeim veski. Ákærði Albert Klahn kveður þetta kallað að fara á "bísann". Ákærði kveður vera átt við með þessu, að sjá út drukkið fólk og fá með einhverjum hætti hjá því

peninga eða áfengi. Ákærði kveðst halda fast við framburð sinn í sakadómi frá 4. þ.m.

Ákærði, Kristján Viðar, kveður þá hafa ætlað að hitta kunningja til að komast með þeim í heimahús til að geta verið við drykkju. Frekara samræmi næst ekki um þetta at-riði.

Ákærði Kristján Viðar hefur haldið því fram, að hann, Tryggvi Rúnar og Guðmundur Einarsson, hafi farið fótgangandi frá bifreið ákærða, er stóð í nánd við Skiphól nótt þá, er að framan greinir að Hamarsbraut ll í Hafnarfirði.

Ákærði Albert Klahn kveður þetta vera rétt og hafi verið um misminni hjá sér að ræða, er hann sagði, að hann hefði ekið þeim. Ákærði man ekki eftir að hann sæi til ferða þeirra á leiðinni. Nánar aðspurður um þetta segir ákærði Albert Klahn, að hann muni eftir því, að þeir 3 hafi komið að bifreiðinni til hans við Skiphól og beðið hann að aka sér, en hann ekki viljað á það fallast. Segir ákærði að sér hafi ekki fundist maður sá, sem var með Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, viðkunnanlegur. Ákærðu og Guðmundur höfðu beðið ákærða að aka sér til Reykjavíkur. Þeir sögðust ætla að Hamarsbraut ll, er ákærði vildi ekki fallast á að aka þeim til Reykjavíkur. Ákærði ók til Reykjavíkur, en síðan aftur til Hafnarfjarðar að Hamarsbraut ll. Þegar ákærði og Gunnar Jónsson, sem með honum var, komu að Hamarsbraut ll voru ákærðu og Guðmundur komnir þar inn. Ákærði man ekki, hvort Sævar var þá kominn, en hann kom alveg um þetta leyti.

Framburður Kristjáns Viðars 25. þ.m. um þetta atriði er nú lesinn.

Ákærði Albert Klahn man ekki eftir, að hann hafi séð Guðmund Einarsson áður. Ákærði kveðst hafa séð Kristján Viðar taka inn svefntöflur að Hamarsbraut 11, og eins Tryggva Rúnar.

Ákærði Kristján Viðar telur það rétt vera, að Tryggvi Rúnar hafi tekið inn svefntöflur.

Ákærði Albert Klahn kveður ákærðu hafa verið búna að tala um það, að þeir ætluðu að hafa samkvæmi að Hamarsbraut 11. Hafi Sævar verið búinn að láta liggja að því áður, að hann væri á heimleið. Ákærði man ekki, hvort hann og meðakærðu voru búinir að ákveða að hittast að Hamarsbraut 11, er hann fór á brott frá þeim við Skiphól. Ákærði Albert kveður þá alla hafa sest niður er þeir voru komnir að Hamarsbraut 11.

Ákærði Kristján Viðar kveður þetta geta verið, en man þetta ekki fyrir víst.

Framburður Alberts Klahn um átökin að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana, er nú lesinn í heyranda hljóði.

Ákærði Kristján kveðst nú minnast þess, að Gunnar Jónsson var í svefnherberginu að Hamarsbraut 11, er átökin byrjuðu, en hvar Albert Klahn var, man hann ekki.

Ákærði Kristján Viðar segir það rétt vera að hann hafi ýtt við Guðmundi, svo sem Albert Klahn segir. Ákærði kveður tilefnið hafa verið það, að hann hafi boðið Guðmundi töflur,

en hann ekki þegið þær, en ætlað að taka þær af sér.

Albert Klahn kveðst ekki muna eftir þessu.

Ákærði Kristján Viðar segir það ekki rétt, að þeir hafi farið að þreifa á Guðmundi til að vita, hvort hann væri með veski.

Ákærði Albert Klahn kveður sér hafa sýnst átökin byrja með því, að ákærðu hafi farið að þreifa á Guðmundi til að kanna hvort hann væri með veski. Hafi Kristján Viðar byrjað að hrinda Guðmundi og rétt á eftir hafi Tryggvi Rúnar hlaupið að honum og slegið til hans.

Ákærði Kristján Viðar neitar að hafa verið að sækjast eftir veski Guðmundar, en segir Tryggva Rúnar hafa slegið hann. Ákærði minnist þess ekki að hafa tekið þátt í viðureigninni við Guðmund, fyrr en eftir að hann hafði fallið, í fyrra skiptið og var staðinn upp aftur. Ákærði kveður það ekki rétt hjá Albert Klahn, að þeir hafi ráðist allir 3 saman á Guðmund og barið hann uns hann féll á gólfíð með vitundarlaus. Ákærði kveðst halda fast við fyrri framburð sinn um það er gerðist, er Guðmundur beið bana.

Framburður Kristjáns Viðars um átökin er nú lesinn í heyranda hljóði. Albert Klahn kveðst ekki geta skýrt nánar frá átökunum, en hann hefur áður gert. Hann man, að hann sá ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggva Rúnar í átökum við Guðmund í dyrunum milli svefnherbergis og stofu. Ákærði kveðst ekki hafa séð Guðmund standa á fætur aftur, eftir að hann féll í gólfíð. Ákærði kveðst ekki hafa séð Kristján Viðar slá Guðmund niður, svo sem hann

segir. Samræmi næst ekki í framburðum ákærðu um þetta atriði.

Ákærðu ber saman um að ekið hafi verið að Hamarsbraut ll aftur eftir að lík Guðmundar hafði verið flutt út í Hafnarfjarðarhraun. Ákærðu ber saman um, að Sævar hafi farið smástund inn að Hamarsbraut ll, en komið aftur og síðan hafi verið ekið áleiðis til Reykjavíkur.

Ákærði Kristján Viðar heldur því fram, að staðnæmst hafi verið í nánd við höfnina í Hafnarfirði og hann þar farið úr bifreiðinni og hent veski Guðmundar í sjóinn.

Albert Klahn kveðst ekki kannast við þetta, a.m.k. man hann ekki eftir þessu.

Albert Klan telur, að Sævar Marinó hafi farið úr bifreiðinni við Kópavogshælið. Kristján Viðar segist ekki viss um þetta. Hann minnir frekar, að Sævar Marinó hafi verið í bifreiðinni, er að Grettisgötu 82 kom og hann (ákærði) og ákærði Tryggvi Rúnar fóru úr bifreiðinni.

Albert Klahn kveðst muna eftir því, að numið var staðar í nánd við Kópavogshæli og Sævar Marinó fór þar inn og var inni langan tíma. Ákærði kveðst ekki alveg þora að fullyrða, hvort hann hafi orðið eftir, en er frekar á því.

Ákærði Kristján Viðar kveðst vilja fullyrða að Sævar Marinó hafi verið í bifreiðinni, er hann og meðákærði Tryggvi Rúnar fóru úr henni að Grettisgötu 82, og hafi Sævar Marinó farið á brott með Albert. Næst ekki frekara samræmi um þetta.

Lesinn er framburður ákærða Alberts Klahn um hálstak það, er Tryggvi Rúnar tók á honum eftir að þeir komu úr hrauninu frá því að flytja lík Guðmundar Einarssonar. Kristján

Viðar kveðst muna eftir þessu, en ekki vita, hvers vegna  
Tryggvi Rúnar gerði þetta.

Framburður ákærða Alberts Klahn um flutning á líki Guðmundar Einarssonar úr hrauninu við Hafnarfjörð í kirkju-garðinn í Hafnarfirði í ágúst 1974, er nú lesinn í heyranda hljóði. Kveðst ákærði Albert Klahn halda fast við þennan framburð sinn.

Kristján Viðar kannast ekki við að hafa tekið þátt í flutningi á líki Guðmundar úr Hafnarfjarðarhrauni, svo sem Albert Klahn segir og veit ekki til að meðákærðu hafi flutt líkið. Ákærði kveðst ekkert hafa hreyft við líki Guðmundar eftir að því hafði verið komið fyrir í Hafnarfjarðar-hrauni aðfaranótt 27. janúar 1974. Ákærði kveðst ekki geta bent á, hvar lík Guðmundar sé niðurkomið. Ákærði Kristján Viðar kveðst aldrei hafa grafið neitt í kirkjugarðinum í Hafnarfirði og aldrei komið þar inn.

Ákærði Albert Klahn skýrir nú frá því, að ekið hafi verið að enda álversins, sem er fjær Hafnarfirði, er lík Guðmundar Einarssonar var flutt í Hafnarfjarðarhraun. Var ekið þar út fyrir veginn eftir vegi, sem er samsíða Reykjanesbraut til baka. Síðan var beygt inn á afleggjara, sem er um það bil á móts við mitt álverið og ekið inn í hraunið beina stefnu en ekki beygt til vinstri frá því eftir afleggjara, a.m.k. einn kílómeter, uns ekki var hægt að aka lengra með góðu móti.

Ákærði Kristján Viðar kveður þetta rétt.

Upplesið, játað rétt.

Akærði Albert Klahn kveður það rétt, sem honum er gefið að sök í VIII. kafla ákæru. Vísar hann til skýrslu sinnar fyrir dómi um sakarefnið.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.30.

Kl. 14.10 kemur í dóminn ákærða, Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 89. gr. l. nr. 74, 1974. Með henni mætir verjandi hennar, Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Mætir þá ákærði Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74, 1974.

Fer nú fram samprófun um það, er í milli ber í framburðum ákærðu.

Framburður ákærða, Kristjáns Viðars, að því er Erlu varðar og einnig framburður Erlu Bolladóttur í rannsóknarlögregluskyrslu 20. desember 1975, eru lesnir í heyranda hljóði.

Akærða kveðst halda fast við það, er hún hefur skýrt frá í máli þessu.

Akærði Kristján Viðar kveður það geta verið rétt,  
sem Erla segir. Akærði Kristján Viðar heldur því fram, að hann hafi rætt við ákærðu, en ákærða Erla kveðst ekki munu um það.

Akærði kveðst ekki hafa orðið þess var, að ákærða yrði fyrir ákærða, Sævari Marinó á ganginum að Hamarsbraut 11, er þeir voru að bera lík Guðmundar Einarssonar út úr

húsinu og dytti.

Ákærða kveðst halda fast við þennan framburð.

Ákærði Kristján Viðar kveður Sævar Marinó hafa sótt lakið, sem sett var utan um Guðmund Einarsson eftir að þeir komu aftur að Hamarsbraut 11.

Ákærða kveðst ekki muna eftir þessu. Þau eru nánar um þetta spurð, en halda hvort fast við framburð sinn.

Ákærði kveðst ekki vita, hvert Sævar Marinó sótti lakið.

Ákærða kveðst halda fast við það, að hún hafi séð saur í lakinu, sem maðurinn var vafinn inn í og fundið vonda lykt, en ákærði kveðst ekki hafa orðið var við neitt slíkt.

Upplesið, játað rétt bókað.

Viku frá.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, þriðjudaginn 29. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Komnir eru í dóminn Bragi Steinarsson, saksóknari, og Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi ákærða, Sævars Marinó Ciesielski.

Kl. 10.10 er færður í dóminn ákærði, Sævar Marinó Ciesielski, Grýtubakka 10, Reykjavík, nú gæslufangi í hegningarárhúsínu, fæddur 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði kveðst ekki vilja viðurkenna að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi kynnst meðákærða Kristjáni Viðari, er þeir voru 11-12 ára gamlir. Þeir hafa hist stundum síðustu árin, en ekki verið mikið saman.

Ákærði kveðst hafa kynnst meðákærða Tryggva Rúnari veturinn 1972, en þeir hafi verið lítið saman aðeins hist annað slagið heima hjá Kristjáni Viðari og víðar.

Ákærði kynntist Albert Klahn Skaftasyni, er þeir voru 10 ára að aldri. Hafa þeir verið lítið saman síðustu ár.

Ákærði veit, að meðákærðu hafa allir neytt fíkniefna síðustu ár, bæði hass og LSD. Einnig hafa þeir notað örvandi og róandi lyf og áfengi. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis, smakkað hass, en ekki neytt LSD. Ákærðu hafa aðallega hist að Grettisgötu 82 heima hjá Kristjáni Viðari og heima hjá Albert Klahn að Njálsgötu 44.

Ákærði kynntist Erlu Bolladóttur haustið 1973. Var

það í húsi við Framnesveg og voru Albert Klahn og Kristján Viðar þar staddir. Tókust milli þeirra nái kynni, en ekki heitbundust þau. Þau áttu barn saman, er fæddist í september 1975. Erla bjó að Hamarsbraut 11, er ákærði kynntist henni. Ákærði og Erla voru mikið saman og dvaldist ákærði hjá henni að Hamarsbraut 11 einstöku sínum, en ekki taldi hann sig eiga þar heimili og var aldrei skráður þar heimilisfastur. Var þannig ekki um sambúð hjá þeim að ræða.

Ákærði kveður Albert Klahn og Kristján Viðar hafa komið að Hamarsbraut 11. Man ákærði eftir þeim þar um jólaleytið 1973. Ákærði veit hins vegar ekki til að Tryggvi Rúnar hafi nokkurn tíma komið að Hamarsbraut 11.

Ákærði kveður þá Viggó Guðmundsson hafa farið til útlanda í janúar 1974. Kom ákærði úr því ferðalagi 24. janúar sama ár að hann minnir, en Viggó einhverjum dögum áður. Viggó hafði meðferðis frá Kaupmannahöfn hass, er ákærði átti. Hefur fíkniefnadómstóllinn það mál til meðferðar. Viggó ók ákærðu mikið um þessar mundir.

Ákærði minnist þess, að hann kom heim til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974 um kl. 20 að hann minnir. Eitthvað var þar af fólk auk Kristjáns Viðars og man ákærði eftir því að þar voru Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn Skaftason og Gunnar Jónsson, Lokastíg 18. Ákærði varð þess var, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar voru undir áhrifum einhverra lyfja og sömuleiðis Gunnar Jónsson. Ákærði sá ekki að

Albert Klahn hefði neytt lyfja. Eitthvað var rætt um fíkniefni þarna og man ákærði eftir því, að Albert Klahn ætlaði að útvega Kristjáni Viðari LSD. Ákærði hafði einhverja viðvöl að Grettisgötu 82, en hann man, að um kl. 10-10.30 var hann staddur að Vesturgötu 24 hjá Sigríði Gísladóttur. Ákærði man, að þar var margt fólk. Ákærði hitti þarna Albert Klahn og var hann að kaupa LSD hjá Sigríði. Ákærði bað Albert að aka sér suður á Kópavogshæli að starfsmannahúsi þar, en þangað ætlaði ákærði til að hitta Helgu Gísladóttur, sem hann var þá í tygjum við og vera þar um nóttina. Albert færðist undan því að aka ákærða, þar sem hann væri að flýta sér. Skildist ákærða, að hann væri búinn að lofa Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari að aka þeim. Ákærði man ekki, hvort Gunnar Jónsson var með Albert á Vesturgötunni. Albert fór síðan á brott, en ákærði tók leigubifreið að starfsmannabústað við Kópavogshæli. Ákærði telur sig hafa verið kominn til Helgu Gísladóttur í starfsmannahúsið um kl. 10.30-11. Ákærði man eftir því, að auk Helgu ræddi hann við mann að nafni Sæmundur, sem kom þarna til Helgu. Man ákærði það, að hann veitti Sæmundi wiskylögg. Um kl. 24 kom Albert Klahn akandi á bifreið að starfsmannabústaðnum. Með honum í bifreiðinni voru ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar, svo og Gunnar Jónsson. Kristján Viðar fór úr bifreiðinni og ræddi við ákærða á ganginum. Kristján Viðar sagði ákærða, að þeir hefðu verið að keyra á milli skemmtistaða hér í borginni, eða verið á svokölluðu "bíseríi" eða "putteríi", en ekkert

orðið ágengt að ákærða skildist. Bíserí eða putterí segir ákærði vera veskispjófnaði. Kristján Viðar bað ákærða að lána sér 5000 krónur til kaupa á áfengi. Ákærði kveðst hafa verið með um 60.000 krónur á sér eða jafnvel meira. Ákærði sagðist ekki geta lánað Kristjáni neitt og væru peningar sínir geymdir að Hamarsbraut ll. Var ástæðan fyrir neituninni sú, að Tryggvi Rúnar var með Kristjáni og vissi hann, að einhver ætti peninga var hann láttinn eyða þeim. Ákærði kveður Kristján hafa verið bæði drukkinn og undir áhrifum fíkniefna. Ákærði man ekki betur en að Kristján segði, að þeir væru á leið til Hafnarfjarðar, þar sem þeir ætluðu að vera fyrir utan skemmtistaði. Ákærði hitti ekki að máli aðra, er voru í bifreiðinni. Ákærði fylgdi Kristjáni til dyra og sá, er Kristján fór inn í bifreiðina. Gunnar Jónsson sat í framsæti og sá ákærði að hann opnaði fyrir Kristjáni Viðari. Ákærði sá, að Albert var á svartri Volkswagen bifreið af eldri gerð.

Ákærði neytti áfengis í starfsmannahúsi Kópavogs-hælis og varð mikið ölvaður. Hann man eftir því að eftir að Kristján var farinn, kom stúlka til Helgu, sem hét Lilja. Man ákærði, að hún var í einhverri ástarsorg út af pilti, sem hún var með og ekki hafði viljað sinna henni. Ákærði kveðst muna óglöggt það sem síðar gerðist þessa nót vegna ölvunar. Hann man, að hann fór frá starfsmannahúsínu að Hamarsbraut ll, en klukkan hvað man hann ekki fyrir víst. Ákærði fór í leigubifreið, sem hann man ekki, hvar hann tók. Ákærði fór þangað vegna þess, að íbúðin var oft opin

og hann var hræddur um, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi kynnu að fara inn í hana og setjast þar að drykkju. Ákærði átti enga peninga geymda í íbúðinni. Hann segist þó hafa verið búinn að segja Kristjáni það eins og áður greinir. Ákærði hafði ekki rætt við meðákærðu um að hitta þá aftur síðar um nóttina. Þegar ákærði kom að Hamarsbraut ll voru þar ljós í gluggum og stóð bifreið Alberts Klahn við útidyr að hann minnir. Húsið var opið og fór ákærði inn í kjallaraíbúðina. Þegar inn kom sá ákærði, að í íbúðinni voru þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar, Albert Klahn og Gunnar Jónsson og einhver maður, sem ákærði ekki pekkti. Ákærði man ekkert hvernig maður þessi leit út. Ákærða er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni og kveður hann það eflaust hafa verið hann, sem var í íbúðinni með þeim Gunnari. Ákærði er nánar spurður um útlit Guðmundar Einarssonar og klæðaburð, en hann kveðst ekkert muna um það. Ákærði tekur fram, að hann muni lítið eftir klæðaburði meðákærðu og Gunnars, nema Gunnar hafi verið í úlpu, svo og Albert. Ákærði er um það spurður, hvar meðákærðu og Gunnar Jónsson hafi verið hver fyrir sig, er hann kom inn. Ákærði skýrir nú frá því, að Guðmundur Einarsson hafi setið við skáp í stofunni, Tryggvi Rúnar hafi setið við skrifborð, Albert hafi verið í dyrunum milli svefnherbergis og stofu og Gunnar Jónsson inni í svefnherberginu. Ákærði man, að Kristján Viðar kom á móti honum, er hann kom inn í stofuna.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.00.

Er nú gert hlé á þinghaldinu.

Kl. 14.00 er dómpingi fram haldið og eru þá komnir í dóminn Bragi Steinarsson, sækjandi málsins, svo og ákærði og verjandi hans.

Ákærði skýrir nú frá því, að klukkan hafi verið um 2 að því er hann minnir, er hann kom að Hamarsbraut 11. Ákærði man og, að þeir Tryggvi Rúnar og Kristján hafi verið í leðurjökkum. Guðmundur Einarsson var yfirhafnarlaus, dökkklæddur, í stökum jakka og buxum. Ákærði kveður Kristján Viðar hafa verið bæði ölvaðan og undir áhrifum lyfja. Kveðst ákærði kannast við að hafa fundið að því við Kristján Viðar, að hann léti Tryggva Rúnar vita, hvar hann byggi. Tryggvi Rúnar var einnig ölvaður og undir áhrifum lyfja og mikil ókyrrð í honum. Gunnar virtist og vera drukkinn, en Albert allsgáður að sjá. Guðmundur Einarsson var drukkinn. Andrúmsloftið var þannig, að mikil spenna virtist ríkja. Ákærði kveður þá Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa farið þess á leit við sig, að hann lánaði þeim fyrir flösku og minnir ákærða, að þeir hafi nefnt 5000 krónur í því sambandi. Ákærði lét liggja að því, að það gæti komið til greina ef þeir vildu fara. Ákærði kveðst þó hafa látið í veðri vaka, að hann hefði enga peninga. Ákærði kveður Guðmund hafa haft hægt um sig fyrst eftir að ákærði kom inn. Ákærði kveður það kunna að vera, að þess hafi verið farið á leit við Guðmund að kaupa áfengisflösku, en hann man ekki hverju hann svaraði. Ákærði hafði orð á því,

fljótlega eftir að hann kom inn að Bolli Gunnarsson ætti húsnæðið, en Erla fengi að vera þar. Myndi hún ekki vilja hafa ákærðu og menn þá, sem með þeim voru, í íbúðinni. Ekki leið langur tími frá því ákærði kom inn í íbúðina þar til átök hófust.

Ákærða er sýnd mynd af Gunnari Jónssyni og kveður hann vera um hann að ræða.

Í dómsskýrslu ákærða frá 11. janúar 1976 segir hann að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi verið við útidyrnar að Hamarsbraut 11 ásamt þriðja manni, er hann kom þangað. Þeir hafi ruðst inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli ákærða og þar hafist deilur, sem enduðu með áflogum og maður verið rotaður. Ákærða er kynntur þessi framburður og hann beðinn að gefa skýringu á þeirri breytingu, sem hann gerir nú á honum. Ákærði segir framburð sinn nú vera hið rétta í málinu. Muni hann koma fram með skýringar á þessu síðar.

Ákærði skýrir frá því, að átökin við Guðmund hafi hafist í stofunni að Hamarsbraut 11 við dyrnar inn í svefnherbergið. Byrjuðu átökin með því, að Guðmundur Einarsson preif til ákærða, en ekki man ákærði, hvort hann náði taki á honum. Ákærði telur, að ástæðan fyrir þessu hafi annað hvort verið sú, að Guðmundur hafi haldið, að ákærði hefði tekið veski hans, eða þá að Guðmundur hafi verið reiður út í ákærða vegna þess að ákærði hafði vísað þeim út úr íbúðinni. Ákærði neitar að hafa tekið veskið af Guðmundi og ekki sá hann heldur neinn annan gera það. Ákærði kall-aði ekki á hjálp, þegar Guðmundur veittist að honum. Ákærðu

Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar stóðu þarna alveg við.

Sá ákærði, að Kristján Viðar sló Guðmund, að hann heldur í andlitið. Ákærði hafði haldið, að Tryggvi Rúnar ætlaði að ráðast á sig, en svo varð ekki og lagði Tryggvi Rúnar höndum til Guðmundar, eins og ákærði orðar það. Albert Klahn var þarna við, en ákærði sá hann aldrei taka þátt í átökunum. Gunnar var inni í innra herberginu á þessum tíma að ákærði heldur, og kom ekki nálægt þessu. Ákærði kveðst ekki þora að fara með hver lamdi hvern en þarna hafi hafist allsherjar slagsmál. Var Guðmundur einn á móti að ákærði heldur, þeim Tryggva Rúnari, Kristjáni Viðari og ef til vill Albert. Ákærði kveðst ekki hafa átt neinn þátt í átökunum, heldur hraðaði hann sér fram á gang í upphafi þeirra. Hafi hann farið inn á snyrtiherbergi. Kveðst ákærði hafa verið að flýja átökin, enda hafi hann haldið eins og áður greinir, að Tryggvi Rúnar hafi ætlað að ráðast á sig. Ákærði man ekki, hvað hann hafði verið lengi inni á snyrtiherberginu, er hann heyrði dynk. Ákærði heyrði Kristján kalla til síн og fór hann þá fram af snyrtiherberginu. Ákærði hélt inn í stofuna og sá, að Guðmundur Einarsson lá á gólfínu meðvitundarlaus og snéru fætur hans í átt að dyrum milli stofu og svefnherbergis. Ákærði taldi, að Guðmundur hefði verið rotaður. Ákærði sá ekki blóð á Guðmundi, en man eftir að hann var með sprungna vör. Ákærðu reyndu að fá Guðmund til að ranka við sér, en komust að raun um að hann var láttinn, er þeir athuguðu hann nánar. Ákærði kveðst aldrei hafa séð Guðmund rísa upp eftir að

hann var fallinn.

Var nú gert hlé á þinghaldinu kl. 15.45, en því fram haldið kl. 16.10.

Ákærða er kynntur framburður hans í sakadómi 11. janúar 1976. Ákærði kveður framburðinn eftir sér hafðan, en hann sé rangur. Hann kveðst nú aldrei hafa sparkað í kjálka Guðmundar, þar sem hann lá á gólfínu. Ekki kveðst ákærði heldur hafa séð Guðmund velta sér við, svo sem í framburði hans greinir, og hann hafi ekki reynt að standa upp. Sérstaklega aðspurður neitar ákærði að hafa sparkað í höfuð Guðmundar, þegar hann var að reyna að standa upp.

Þegar hér er komið sögu, óskar ákærði að eftirfarandi verði bókað eftir sér: "Eg var ekki að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Eg var hjá Helgu Gísladóttur í starfsmannabústað Kópavogshælis alla þessa nótt, ræddi við hana um morguninn um að fara að Gljúfurholti í Ölfusi. Eg hitti Erlu einhvern tíma á sunnudagskvöldið 27. janúar 1974 og var þá með Viggó Guðmundssyni. Eg var að hugsa um að fara austur í Gljúfurholt, en hætti við það vegna Erlu. Eg var upphaflega láttinn játa á mig sakir, beittur líkamlegu ofbeldi af rannsóknarmönnum, einnig af fangavörðum, hótað af Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari. Erla hótaði að fremja sjálfsmorð í júlímanuði 1976 við samprófun í fangelsinu við Síðumúla. Samprófunin stóð öðru hvoru í 8 daga, og lengst í 6 tíma í einu. Var Erla höfð þar til að koma vitinu fyrir mig. Sigurbjörn sagði við mig, að ef ég játaði ekki að hafa verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt, myndi ég

fá lífstíðaröryggisgæslu. Sigurbjörn Víðir sagði það vera orð Hallvarðar Einvarðssonar og Hallvarður Einvarðsson lét þessi orð falla í maímánuði og sagðist lofa mér því, að ég fengi að týnast í amerísku fangelsi, ef ég játaði ekki á mig sakir í Guðmundar og Geirfinnsmáli. Daginn eftir að ég fór í samprófun með Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari var höfð samprófun, þar sem Sigurbjörn Víðir lét Tryggva Rúnar Leifsson ráðast á mig og barði hann mig svolítið til. Síðan er ég átti að fara inn í fangaklefa réðist Sigurbjörn Víðir á mig, sló mig í andlitið í viðurvist Ara Ingimundarsonar, fangavarðar, tók mig á loft og fleygði mér í stól í yfirheyrsluherbergi. Í júlímaðuði, júlílok, kom fangavörður, Skúli Steinsson að nafni og biður mig að koma fram með sér. Ég spurði, hvað það væri og sagði hann mig mundu komast að því og ef ég kæmi ekki með góðu yrði ég beittur ofbeldi, en það var ávallt þeirra orðatiltæki þegar ég var láttinn fara í yfirheyrlur. Gekk ég fram, og þegar ég kem að sturtuherbergi segir hann mér að bíða að eins, tekur mig síðan hálstaki og dregur mig inn í sturtuherbergið og lætur renna í vask og gólfklút í vaskinn. Reyndi hann að dýfa mér ofan í, en tókst það ekki í fyrstu, en fékk þá Jóhann fyrrverandi lögreglumann til að aðstoða sig. Skúli spurði með hverjum ég hefði farið til Keflavíkur og hvert ég hefði farið með Guðmund Einarsson út í hraun. Eftir allar vatnsdýfingarnar var ég orðinn þjakaður og var farinn að hljóða. Þá hætta þeir og fleygja mér inn í klefa, en þetta hafði þá staðið í góða stund. Ekki hafði ég lengi

verið í klefanum, er Skúli Steinsson kemur á ný, tekur mig með ofbeldi og heldur áfram sama leiknum og áður, þar til ég var allur orðinn blautur og farinn að hljóða. Ekki veit ég hversu lengi þetta stóð, en loks kom varðstjóri, Guðjón að nafni, og kvað þetta gott í bili. Var ég síðan láttinn inn í klefa.

Daginn sem fjórmenningarnir voru handteknir í Geirfinnsmálinu sagði ég við Örn Höskuldsson, að ég gæti ekki sagt, að ég hefði farið út á bát og ekki heldur að ég hefði farið með þessum mönnum til Keflavíkur. Örn sagði þá við mig: "Farðu inn í klefa og hengdu þig". Við Gunnar Mariñoðsson sagði Örn: "Lánaðu honum reipi, svo hann geti hengt sig".

Skýrsla rannsóknarlöggreglu 22. desember 1975, skýrslur kærða, 4. janúar, 6. janúar, 30. september og 5. október 1976, eru í heild lesnar í heyranda hljóði í dóminum. Ákærði kannast við að hafa gefið skýrslur þessar og undirritað þær, en hann kveður allt rangt, er í þeim greinir um dauða Guðmundar Einarssonar. Sé hið sama að segja um skýrslu þá, er hann gaf 9. þ.m. hjá Gísla Guðmundssyni, löggreglumanni. Ákærði er ítrekað aðspurður, hvort hann hafi komið að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Hann neitar því ein-dregið og heldur því fram, að hann hafi ekki komið þangað um nóttina. Ákærði kveðst alltaf hafa haldið fram sakleysi sínu, en hafi ekki getað annað en gefið þessar skýrslur, þar sem þess hafi verið krafist.

Ákærði neitar að vita nokkuð um flutning á líki Guð-

mundar Einarssonar, hvorki þá um nóttina eða síðar. Kveðst hann ekkert vita, hvar líkið sé niður komið.

Ákærði kveður það rétt, er að framan greinir um ferðir sínar að kvöldi 26. janúar 1974, uns komið var á Kópavogs-hælið, en aðfaranótt 27. janúar dvaldi hann þar hjá Helgu Gísladóttur.

Ákærði viðurkennir, að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í IV., V. og VI. kafla ákæru. Vísar ákærði til skýrslna sinna fyrir dómi um sakarefni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Viku frá kl. 17.50.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Agústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, miðvikudaginn 30. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Komnir eru í dóminn sækjandi málsins Bragi Steinarsson og Kristján Stefánsson, hdl. f.h. Hilmars Ingimundarsonar,

hrl., skipaðs verjanda ákærða, Tryggva Rúnars Leifssonar.

Kl. 10.05 er færður í dóminn ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14, Reykjavík, nú gæslufangi í Reykjavík, fæddur 2. október 1951 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði kveðst ekki vilja viðurkenna, að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru. Ákærði neitar, að hafa ráðist á Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11 ásamt meðákærðu aðfaranótt 27. janúar 1974 og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af. Ákærði kveðst aldrei hafa komið að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, hvorki aðfaranótt 27. janúar 1974 eða fyrir þann tíma. Ákærði kveður sér hafa verið sýnt húsið að Hamarsbraut 11 í ársbyrjun 1976 til að vita, hvort hann myndi eftir því. Ákærði kveðst ekkert hafa kannast við húsið og aldrei hafa komið þar inn.

Ákærði kveðst ekkert geta sagt um, hvar hann var staddur að kvöldi laugardagsins 26. janúar og aðfaranótt hins 27. 1974. Ákærði segir það útilokað, að hann hafi verið með meðákærðu, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski í framangreint sinn, alla vega ekki er atvik það gerðist, sem ákært er út af.

Ákærði þekkir Kristján Viðar Viðarsson. Kveðst hann hafa kynnst honum eftir að hann losnaði af Litla-Hrauni 1972. Ákærðu voru mikið saman fyrst, en síðan minnkaði það og var orðið lítið, þegar komið var fram á árið 1973. Ákærði man eftir að hafa verið heima hjá Kristjáni Viðari 10.-12 janúar

1974, en ekki man hann eftir að hafa hitt Kristján Viðar aftur í þessum mánuði.

Ákærði kveðst þekkja Sævar Marinó mjög lítið og að eins í gegnum Kristján Viðar. Ákærði man eftir að Sævar Marinó kom heim til Kristjáns í það skipti, er ákærði var heima hjá Kristjáni í janúar 1974. Man ákærði, að þeir fóru saman á dansleik.

Ákærði þekkir Albert Klahn Skaftason mjög lítið og man ekki eftir að hafa hitt hann á þessum tíma.

Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Guðmund Einarsson og man ekki eftir að hafa nokkurn tíma hitt hann. Ákærði sér mynd af Guðmundi. Kveðst ákærði ekki kannast við hann.

Ákærði man ekki eftir að hafa komið til Hafnarfjarðar í janúar 1974, og hann kannast ekki við að hafa verið þar aðfaranótt 27. janúar það ár, hvorki með Kristjáni Viðari eða öðrum.

Eru þá framburðir ákærða í dómi 11. janúar, 22. mars og 30. apríl 1976, svo og lögregluskyrslur þær, er ákærði pá staðfesti, lesnar í heyranda hljóði.

Ákærði kannast við að framburðir hans í dómi og fyrir lögreglu séu rétt eftir hafðir, en hann segir nú, að framburðir þessir séu rangir. Ákærði er beðinn að gefa skýringu á þeirri breytingu, sem hann gerir á framburðum sínum. Er sérstaklega brýnt fyrir ákærða að segja rétt til um þetta.

Ákærði óskar nú eftirfarandi bókað: "Þegar ég var tekinn fyrst 23. desember 1975 heima hjá mér, var borin upp á mig þessi sök, að ég hefði í samráði við Kristján

Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski orðið Guðmundi Einarssyni að bana. Síðan var ég yfirheyrður. Mér varð mikið um þetta, þar sem ég var saklaus í þessu máli. Ég gat ekki sofið og mér var neitað um svefntöflur. Síðan liðu 2-3 dagar, þar til þurfti að sprauta mig niður, til að ég gæti sofið, enda var ég kominn með óráð. Ég vil taka það fram, að upp úr þessu voru borin á mig tvö önnur stórmál, að ég hafi átt að verða stúlku að bana í Vík í Mýrdal og einhverjum manni í Ólafsvík, átti það að hafa verið haustið 1974. Ég tel mig alls ekki hafa verið kominn í fullt jafnvægi, þegar ég var tekinn í yfirheyrslur dag eftir dag, sem oft voruðu í 12 tíma. Ekkert kom annað til umræðu en að ég ætti að játa þetta mál, sem upp á mig var borið. Það var alveg sama hvað ég sagði, þeir tóku ekki mark á því. Ég átti bara að játa að hafa verið með fyrrgreindum mönnum við nefndan verknað. Fyrstu dagana átti ég að skýra frá því sjálfur, hvernig þetta atvikaðist. Sagði Örn Höskuldsson, að ég fengi að rotna í 2 ár í Síðumúla. Það væri hægt að halda mér þann tíma. Í þessum yfirheyrslum voru yfirleitt 3, Örn Höskuldsson, Sigurbjörn Víðir Eggertsson og Eggert Bjarnason. Áfram héldu hótanirnar og sögðu þeir, að ég yrði dæmdur fyrir þetta, því það væru allir búrir að játa og bentu á mig. Loks kom að því, að ég sá mér ekki annað fært en að játa á mig þáttöku í verknaðinum, þar sem mér fannst það skynsamlegra, úr því sem komið var. Fannst mér yfirheyrslurnar með þeim hætti, að ég játaði þetta með því hugarfari, að hið sanna kæmi í ljós, þegar

málið kæmi fyrir dómara".

Akærða er nú kynntur framburður Páls Elísonar fyrir sakadómi Reykjavíkur 24. þ.m.

Akærði kveður framburður Páls Rúnars vera alger ósannindi og kveðst hann aldrei hafa rætt þetta mál við Pál Rúnar, hvorki að Litla-Hrauni né annars staðar.

Akærða er bent á skýrslu Ásgeirs Karlssonar, geðlæknis. Akærði kannast við að hafa sagt við Ásgeir, það er í skýrslu hans greinir. Hann segist hafa nefnt fjárborg við hann, en ekki í sambandi við þetta mál.

Pá er ákærða kynnt skýrsla þeirra Sigurbjörns Víðis Eggertssonar og Haraldar Árnasonar, dags. 8. þ.m. Jafnframt eru ákærða sýndar myndir af fjárborg þeirri, er í skýrslunni greinir. Akærði kveðst muna eftir að rætt hafi verið við sig um fjárborg þá, er í skýrslunni greinir. Telur hann sig kannast við einhverja fjárborg, en veit ekki, hvort um þessa fjárborg er að ræða.

Akærði er spurður um Gunnar Jónsson, Lokastíg 18, og sýnd mynd af honum. Akærði kveðst ekki kannast við mann þennan.

Akærða er bent á lýsingu á herbergjaskipan að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði og skýrsla hans um það atriði frá 9. janúar 1976 lesin í heyranda hljóði. Akærði kannast við að hafa skýrt frá eins og í skýrslunni greinir. Akærða er sýndur uppdráttur af kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11.

Akærði er um það spurður, hvernig hann hafi vitað svo nákvæmlega um herbergjaskipan að Hamarsbraut 11, hafi hann

aldrei komið þar eins og hann heldur fram. Ákærði skýrir frá því, að hann hafi í yfirheyrsrum hjá rannsóknarlöggreglunni fengið að vita, hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut 11 og sé lýsing sín á henni á því byggð.

Ákærði er enn spurður um það, hvort hann hafi orðið valdur að dauða Guðmundar Einarssonar ásamt meðákærðu, en hann heldur fast við framburð sinn fyrir dóminum í dag.

Ákærði viðurkennir að það sé rétt, sem honum er gefið að sök í II. kafla ákæru að undanskildu nauðgunarbrotinu í 2. tl. Vísar ákærði til skýrslna sinna í domi um málsatvik.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.08.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, fimmtudaginn 31. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málssins Bragi Steinarsson.

Kl. 10.10 kemur í dóminn ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Mættur er verjandi hans Hilmari Ingimundarson, hrl.

Mætir þá til samprófunar ákærði, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Mættur er verjandi hans, Páll A. Pálsson, hdl.

Fer nú fram samprófun og er framburður ákærða, Kristjáns Viðars Viðarssonar lesinn í heyranda hljóði. Kveður ákærði Kristján Viðar framburðinn réttan í öllum atriðum.

Ákærði Tryggvi Rúnar neitar að hafa verið með ákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974, svo sem Kristján Viðar heldur fram. Hann kveðst halda fast við fyrri framburð sinn. Hann kveður framburð ákærða Kristjáns Viðars allan vera lygi. Ákærðu halda báðir fast við framburði sína og samræmi næst ekki.

Framburður ákærða, Tryggva Rúnars er lesinn í heyranda hljóði. Kveðst ákærði halda fast við framburð sinn. Samræmi næst ekki í framburðum ákærðu og samprófun næst ekki.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði Kristján Viðar víkur úr dóminum kl. 10.45.

Dómurinn og verjandi ákærða Tryggva Rúnars athuga

nú gögn frá fullnustudeild sakadóms um, hvort Tryggvi Rúnar hafi verið að afplána dóma að Litla-Hrauni í janúar 1974, og eins í ágúst þ.á. Samkvæmt gögnum þessum, er ákærði ekki á Litla-Hrauni á þessum tíma. Þá eru endurrit af dóum yfir ákærða athuguð, og kemur ekki fram að hann hafi verið í gæsluvarðhaldi á þessum tíma.

*Junnspur*  
*Merk*  
*af T.R.*

Kl. 11.00 mætir til samprófunar ákærði, Albert Klahn  
Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Er nú framburður ákærða, Alberts Klahn lesinn í heyranda hljóði.

Mætir þá í dóminum Örn Clausen, hrl., skipaður verjandi ákærða Alberts Klahn Skaftasonar.

Akærði Albert Klahn kveðst halda fast við framburðinn í öllum atriðum. Akærða Albert Klahn er skýrt frá framburði Tryggva Rúnars frá 30. þ.m., þ.e. að Tryggvi Rúnar hafi ekki verið með ákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. janúar 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana í átökum að Hamarsbraut 11.

Akærðu halda báðir fast við framburði sína og næst ekki samræmi.

Upplesið, játað rétt.

Akærði Albert Klahn og verjandi hans viku frá kl. 11.22.

Kl. 11.26 mætir í dóminum ákærði, Sævar Marinó Cies-

ielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Er nú fyrri hluti framburðar ákærða Sævars Marinós frá 29. þ.m. lesinn í heyranda hljóði.

Mætir þá í dóminum Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski.

Fer nú fram samprófun.

Ákærði Tryggvi Rúnar kveðst minnast þess að hafa einhvern tíma verið í bifreið með Viggó Guðmundssyni og Kristjáni Viðari í leit að ákærða Sævari Marinó, en hvort það hafi verið í það skipti, er í framburði ákærða Sævars Marinós greinir, getur hann ekki fullyrt um.

Aðspurður hvort ákærði Tryggvi Rúnar hafi verið með meðákærðu Kristjáni Viðari og Albert Klahn að kvöldi 26. janúar 1974, þá svarar ákærði Tryggvi Rúnar því orðrétt þannig: "Ég get ekki staðfest það svoleiðis. Ég var svo mikið með þessum mönnum að ég get ekkert fullyrt um það hvort ég var með þeim þetta sinn. Það er rétt að við vorum oft að "putta" eða á "veskjabísirí", en hvort það var þetta kvöld eða ekki man ég ekki".

Ákærði Sævar Marinó segir að hann hafi talið að ákærði Tryggvi Rúnar hafi verið í bifreið hjá Albert er Kristján Viðar átti tal við hann í starfsmannabústað við Kópavogs-hæli um kl. 24 að kvöldi 26. janúar 1974. Ákærði Sævar Marinó kveður Tryggva Rúnar hafa verið að Grettisgötu 82 umrætt kvöld, svo og Gunnar Jónsson. Ákærði Tryggvi Rúnar kveðst ekkert geta fullyrt um þetta. Hann er um það

spurður hvort hann neiti því, og er svar hans á þá leið, að hann geti ekkert fullyrt um það. Þá skýrir ákærði frá því eins og áður greinir, að hann hafi einu sinni komið að Kópavogshæli, að hann minnir, í bifreið Viggós Guðmundssonar, en það hafi alveg eins getað verið í bifreið Alberts Klahn. Ákærði man eftir svartri Volkswagen bifreið, sem Albert Klahn var með.

Þá skýrir ákærði Tryggvi Rúnar frá því, að hann hafi á þessum tíma lítið verið með meðákærðu, þar sem hann hafi verið farinn að búa með stúlku.

Frekara samræmi næst ekki í framburðum ákærðu.

Upplesið, játað rétt.

Verjandi ákærða Tryggva Rúnars óskar þess að ákærði Sævar Marinó sé spurður þess, hvort hann hafi séð Tryggva Rúnar í bifreið Alberts Klahn fyrir utan starfsmannahús Kópavogshælis umrædda nótt. Sævar Marinó svarar því til að hann minnist þess ekki að hafa séð hann, en hafi talið það, sem fyrr segir.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði Sævar Marinó og verjandi hans víkja frá kl. 12.12.

Kl. 12.13 kemur í dóminn ákærða, Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. tl. 89. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með ákærðu mætir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., skipaður verjandi hennar.

Framburður ákærðu Erlu Bolladóttur um það, er hún

sá að Hamarsbraut ll aðfaranótt 27. janúar 1974, er nú les-  
inn í heyranda hljóði og segir hún framburðinn réttan í  
öllum atriðum.

Ákærðu er kynnt það, er ákærði Tryggvi Rúnar segir,  
þ.e. að hann neiti að hafa verið að Hamarsbraut ll framan-  
greinda nótt. Ákærða kveðst engu að síður halda fast við  
framburð sinn um þetta.

Ákærða heldur því fram að ákærði hafi komið fyrir  
26. janúar 1974 að Hamarsbraut ll, en hann neitar því ein-  
dregið.

Ákærða kveðst hafa gefið lýsingu á ákærða Tryggva  
Rúnari, er hún var yfirheyrð hjá rannsóknarlöggreglu 20.  
desember 1975. Engin lýsing á ákærða er bókuð í framburði  
hennar, en hún kveðst hafa dregið upp mynd af manninum í  
tæknideild rannsóknarlöggreglunnar.

Samræmi næst ekki í framburðum ákærðu.

Ákærða staðhæfir að Tryggvi Rúnar sé sá maður, er  
hún sá að Hamarsbraut ll umrædda nótt.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 12.32.

Var nú gert réttarhlé en dómpinginu síðan fram  
haldið kl. 14.00.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-  
son, saksóknari.

Kl. 14.05 kemur í dóminn ákærði, Albert Klahn Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Einnig er mættur ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með honum mætir verjandi hans Jón Oddsson, hrl.

Fer nú fram samprófun.

Er framburður ákærða, Alberts Klahn Skaftasonar  
að því er snertir meðákærða Sævar Marinó lesinn í heyranda  
hljóði. Ákærði kveðst halda fast við framburð sinn.

Ákærði Sævar Marinó kveður framburðinn rangan að  
öllu leyti, nema að ákærðu komu að starfsmannabústaðnum  
við Kópavogshæli og báðu ákærða um peningalán.

Samræmi næst ekki og er samprófun án árangurs.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 14.26.

Kl. 14.26 kemur í dóminn sem vitni, Eggert Norðdal  
Bjarnason, rannsóknarlöggreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykja-  
vík, 39 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið hafði í upphafi á hendi rannsókn í framan-  
greindu máli ásamt Erni Höskuldssyni, fulltrúa yfirsaka-  
dómara og Sigurbirni Víði Eggertssyni, rannsóknarlöggreglu-  
manni, en síðan bættust við fleiri í hópinn, eins og fram  
kemur í skýrslu rannsóknarlöggreglu.

Bókun sú, er í framburði ákærða Sævars Marinós greinir,  
um meðferð þá, sem hann telur sig hafa orðið fyrir í fang-  
elsinu í Síðumúla, er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið

skýrir frá því að það kannist ekki við neitt af því, er ákærði heldur fram í bókun þessari. Vitnið tekur fram, að því sé ekki kunnugt um að ákærði hafi verið beittur líkamlegu ofbeldi við rannsókn máls þessa eða hótunum um það. Vitnið kveður ákærða alltaf hafa verið yfirheyrðan sjálfstætt og hafi hann skýrt frá af fúsum og frjálsum vilja, en spurningar oft verið endurteknar, svo sem oft sé venja við rannsóknir. Ákærði var að öllu jöfnu prúður og viðræðugóður við yfirheyrlur, en það kom þó nokkuð oft fyrir, að hann kallaði rannsóknarmennina öllum illum nöfnum. Ákærði gerði sig líklegan til að hlaupa á brott úr yfirheyrslum í nokkur skipti og varð þá að taka hann og koma honum aftur í sæti sitt. Í eitt sinn hljóp hann á brott úti. Hljóp Örn Höskuldsson hann uppi og felldi hann til jarðar og síðan var ákærði færður aftur í fangelsið. Ákærði var ekki með járn, er þetta gerðist og gekk við hlið rannsóknarmanna. Vitnið tekur fram, að þeir rannsóknarmennirnir hafi ekki átt von á að ákærði hlypist á brott í þetta sinn.

Þá er vitninu kynntur framburður ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar. Vitnið man eftir því að á milli jóla og nýárs árið 1975 var Tryggvi Rúnar eitthvað miður sín í fangelsinu í Síðumúla. Fór hann að hafa orð á því hvort þessi líðan gæti verið samviskubit, því að hann hefði aldrei haft samviskubit af neinu, sem hann hefði gert. Vitnið kveður ákærða aldrei hafa verið beittan neinum hótunum, að því að það geti borið um. Hann hafi skýrt sjálfstætt frá málsatvikum af frjálsum vilja.

Vitnið tók skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifs-syni 9. janúar 1976. Lýsti hann herbergjaskipan að Hamarsbraut ll í Hafnarfirði, svo sem í skýrslunni greinir. Vitninu er kynnt það, er ákærði segir í framburði sínum, um að hann hafi í yfirheyrlum hjá rannsóknarlöggreglunni fengið að vita hvernig herbergjaskipan var að Hamarsbraut ll, og að lýsing sín sé á því byggð. Vitnið segir þetta ekki rétt og hafi ákærði sjálfstætt lýst herbergjaskipan- inni.

Vitnið skýrir frá því að við rannsókn póstsvikamáls-ins, sbr. IV. kafla ákæru, hafi grunur vaknað á því að ákærðu kynnu að vera viðriðnir dauða Guðmundar Einarssonar, en rannsóknarlöggreglumenn höfðu áður heyrt orðróm í þá átt. Við yfirheyrlu 20. desember 1975 yfir Erlu Bolladóttur, styrktist þessi grunur, og hélt rannsókn málsins áfram í framhaldi af því.

Upplesið, játað rétt.

Kemur þá einnig í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Akkærða er kynntur framburður vitnisins að því að hann snertir.

Upplesið.

Viku frá kl. 15.30.

Kl. 15.30 mætir í dóminum Sigurbjörn Víðir Eggerts-  
son, rannsóknarlöggreglumaður, Asparfelli 4 hér í borg, 28

ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Mætta er kynnt það, er ákærði Sævar Marinó hefur látið bóka orðrétt eftir sér í framburði sínum.

Mætti skýrir frá því að hann kannist ekki við að hann hafi nokkurn tíma minnst á það við ákærða að hann yrði settur í lífstíðar öryggisgæslu. Hins vegar hafi ákærði mikið talað um þetta sjálfur, og greinilega óttast þetta.

Mætti kannast ekki við að hafa nokkurn tíma heyrt Hallvarð Einvarðsson hafa orð á því, að ákærði fengi að týnast í amerísku fangelsi, ef hann játaði ekki sakir á sig í Guðmundar- og Geirfinnsmáli. Kveðst mætti aldrei hafa haft orð á þessu við ákærða.

Mætti skýrir frá því, að eitt sinn er tilraun var gerð til samprófunar milli ákærðu Sævars Marinós og Tryggva Rúnars, hafi þeir byrjað að bera sakir hvor á annan. Hafi þeir lent í orðahnippingum og Tryggvi Rúnar þrifioð í skyrtu Sævars að framan og e.t.v. lyft honum upp. Mætti stöðvaði Tryggva Rúnar strax og meiddist Sævar Marinó ekkert. Var samprófuninni þar með lokið.

Mætti kveður það algjör ósannindi hjá ákærða að hann hafi ráðist á ákærða, er ákærði átti að fara inn í fangaklefa og slegið ákærða í andlitið, tekið hann á loft og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Einu skiptin, sem mætti hefur purft að snerta ákærða, er það þegar hann ætlaði að hlaupa út úr yfirheyrslu, og kom það fyrir oftar

en einu sinni.

Mætti kannast ekkert við það, sem ákærði segir um Skúla Steinsson.

Mætti skýrir frá því, að ákærði hafi verið mjög misjafn við yfirheyrlur. Stundum hafi hann verið prúður en stundum mjög æfur, og kallað þá rannsóknarlöggreglu-mennina öllum illum nöfnum.

Mætti kveður oftast hafa farið vel á með sér og ákærða og hafi hann oft gert ákærða greiða.

Upplesið, játað rétt.

Mætir þá ákærði Sævar Marinó.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Akærða er kynntur framburður mætta. Heldur hvor fast við framburð sinn.

Akærði vék frá kl. 16.00.

Pá kemur að nýju fyrir dóminn sem vitni, Sigurbjörn  
Víðir Eggertsson.

Áminntur um sannsögli.

Í framburði Tryggva Rúnars Leifssonar 9. janúar 1976 hjá löggreglu, lýsir hann herbergjaskipan að Hamarsbraut 11. Ákærði neitar nú að hafa komið þar og segir að hann hafi fengið upplýsingar um þetta hjá rannsóknarmönnum. Vitnið segir þetta ekki rétt. Akærði hafi skýrt sjálfstætt  
frá þessu atriði og minnir að hann hafi gert skissu af  
herbergjaskipaninni. Vitnið veit ekki hvort skissan er  
til.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 16.05.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem,

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, föstudaginn 1. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum Bragi Steinarsson, sækjandi málsins. Einnig er mættur í dóminum Finnur Torfi Stefánsson, hdl., skipaður verjandi ákærða, Ásgeirs Ebenezar Þórðarsonar.

Kl. 11.10 kemur í dóminn ákærði, Ásgeir Ebenezer Þórðarson, sjómaður, Sigtúni 35, Reykjavík, fæddur 15. ágúst 1950 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Ákærða er birt ákærðan á dskj. nr. I. Kveður ákærði það rétt, sem honum er gefið þar að sök. Vísar ákærði til skýrslna sinna hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um málsatvik.

Ákærði óskar eftir því, að Finnur Torfi Stefánsson, hdl., verði skipaður verjandi sinn í málinu. Ákærði felur verjanda sínum að taka við birtingu á dómi í málinu og segja til um áfrýjun hans.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði og verjandi hans víkja  
úr dómi kl. 11.14.

Lögð eru nú fram eftirfarandi skjöl, er snerta fyrsta kafla ákæru.

- A Nr. LXIV. Skýrsla rannsóknarlöggreglunnar.  
- - LXV. Spjöld með ljósmyndum af ákærða Kristjáni Viðari Viðarssyni.  
- - LXVI. Spjöld með ljósmyndum af ákærða Sævari Marinó Ciesielski.  
- - LXVII. Spjöld með ljósmyndum af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni.  
- - LXVIII. Spjöld með ljósmyndum af Albert Klahn Skaftasyni.  
- - LXIX. Spjöld með ljósmyndum af ákærðu Erlu Bolladóttur.  
- - LXX. Spjöld með ljósmyndum af ákærða Guðjóni Skarphéðinssyni.

Málsskjölin fylgja.

Kl. 13.13 mætir í dóminum ákærði, Guðjón Skarphéðins-son, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæslufangi í Reykjavík,

fæddur 19. júní 1943 að Marðarnúpi í Vatnsdal.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Ákærði tekur fram varðandi ákæruefnið í 2.tl. VI.  
kafla ákæru, að bifreið sín R-45248 hafi komið með m/s  
Reykjafossi til Reykjavíkur frá Rotterdam 12. desember  
1975, en ekki 2. þess mánaðar. Ákærði kveðst hafa haft  
grun um það, að hass það, er fannst í bifreiðinni hefði  
verið falið þar, en um það kveðst hann enga vissu hafa  
haft. Ákærða er bent á það, sem hann hefur sagt um þetta  
í lögregluskyrslu og skýrslu fyrir dómi, en hann kveðst  
engu að síður halda fast við þetta.

Ákærði óskar bókað, að annar meðákærðu í málinu,  
þ.e. Sævar Marinó hafi sérstaklega rætt það við ákærða,  
hversu mikinn áhuga fíkniefnalöggreglan hefði á málum  
ákærða og hefði hann undir grun fyrir misferli í þessum  
málum. Síðar hafi komið fram í viðtölum við fíkniefnalög-  
reglu, að þetta var rétt, þeir hefðu fylgst með honum lengi.  
Af þessum sökum kveður ákærði að sér hafi fundist mjög  
ólíklegt að meðákærðu kæmu hassinu fyrir í bifreið hans.

Ákærði segir að sér hafi ekki verið ljóst í Rotter-  
dam, að hassinu hefði verið komið þar fyrir, en honum var  
orðið þetta ljóst, áður en bifreiðin kom hingað til lands.

Ákærði kveðst að svo stöddu ekki gera frekari at-  
hugasemdir við framburði sína í sakadómi í ávana- og fíkni-  
efnamálum.

Upplesið, játað rétt bókað.

Ákærði víkur frá kl. 13.37.

Með ákærða mætti verjandi hans, Benedikt Blöndal, hrl.

Kl. 13.39 mætir í dóminum sem vitni, Högni Ófeigur Einarsson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Eyjabakka 16, 32 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið var vottur, er Eggert Bjarnason, rannsóknarlägreglumaður, tók skýrslu af ákærða Tryggva Rúnari Leifssyni 9. janúar 1976. Vitnið var ekki viðstatt, er skýrslan var tekin af ákærða, en það man, að það skrifaði undir skýrsluna sem vottur, er yfirheyrslu var lokið. Vitnið man, að ákærði lýsti skýrsluna rétta í viðurvist þess. Ákærði undirritaði skýrsluna í viðurvist vitnisins.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vék frá kl. 13.45.

Kl. 13.46 mætir í dóminum sem vitni, Gunnar Marinó Marinósson, varðstjóri í fangelsinu við Síðumúla, 52 ára að aldri.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það, sem Sævar Marinó Ciesielski hefur látið bóka orðrétt eftir sér í framburði sínum. Vitnið kannast ekki við það, er ákærði heldur þar fram. Kveðst vitnið hvorki hafa séð eða heyrt það, er ákærði segir. Vitnið varð aldrei vart við það, að ákærði Sævar Marinó sætti illri meðferð í fangelsinu við Síðumúla á meðan hann var þar í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Þá er vitninu kynnt það, er ákærði Tryggvi Rúnar hefur látið bóka eftir sér.

Vitnið kveðst yfirleitt ekki hafa verið viðstatt yfirheyrslur í framangreindu máli. Vitnið kannast við að hafa undirritað sem vottur skýrslu Tryggva Rúnars 9. janúar 1976. Vitnið man ekki, hvort það var viðstatt, er skýrsla Tryggva var lesin, en það hefur örugglega verið viðstatt, er hann undirritaði skýrsluna og staðfesti hana rétta.

Upplesið, staðfest rétt bókað.

Vék frá kl. 14.04.

Kl. 14.05 kemur í dóminn Skúli Ævar Steinsson, fangavörður að Litla-Hrauni, áður í Síðumúla, Háeyrarvöllum 32, Eyrarbakka.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Mætti var fangavörður í fangelsinu í Síðumúla, er Sævar Marinó var þar í gæsluvarðhaldi á s.l. ári. Mætti kveður hafa gengið mjög illa að fá ákærða til að þrífa sig og eins til að þrífa klefa sinn. Mætti man eftir því, að einhvern tíma á meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, neitaði ákærði að fara í bað og eins að þrífa klefa sinn. Kveðst mætti þá hafa tekið utan um ákærða og farið með hann fram á bað, sett hann þar inn og læst því. Ákærði fór í bað og þrifit síðan klefa sinn á eftir. Síðan hlýddi ákærði alltaf mætta um að þrífa sjálfan sig og klefa sinn. Ákærði var ekki beittur neinum harðræðum í umrætt sinn og ekki var minnst á mál þetta eða Geirfinnsmálið í því sambandi, enda

ekki í verkahring mætta. Lýsing sú, sem ákærði gefur á meðferðinni á sér, sé fjarri öllu lagi.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vék frá.

Komin er í dóminn kl. 14.53 gæslufanginn, Kristján Viðar Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Einnig er mættur ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Er nú framburður ákærða Kristjáns Viðars Viðarssonar lesinn í heyranda hljóði um það, er gerðist að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 og síðar þá nótt. Ákærði Sævar Marinó kveðst "sér vitandi" ekki hafa verið að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Ákærði Kristján Viðar kveðst halda fast við framburð sinn. Samræmi næst ekki milli ákærðu um það, er Kristján Viðar kveður hafa gerst að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 og það, er gerðist eftir að farið var þaðan.

Upplesið, játað rétt bókað.

Ákærði Kristján Viðar kannast við að hafa farið í kirkjugarðinn í Fossvogi með Sævari Marinó í ágúst 1974 og fleira fólki, er þeir urðu viðskila við. Þetta var að degi til og voru þeir að leita að leiði Kristins Esmars Skarphéðinssonar, en fundu ekki.

Ákærði Sævar Marinó víkur

úr domi kl. 15.20.

Ákærði Kristján kveðst vilja leiðréttta framburð sinn að því leyti, að hann sé ekki viss um, hve langur tími leið frá því þeir Guðmundur og Tryggvi Rúnar komu að Hamarsbraut 11, þangað til Albert og Gunnar komu þangað, en það hafi ekki verið langur tími. Þá minnist ákærði þess, að Gunnar Jónsson var í innra herberginu, er átökin hófust.

Ákærði skýrir frá því, að hann hafi farið í afplánun að Litla-Hrauni í byrjun febrúar 1974 og verið þar til 13. ágúst sama ár.

Upplesið, játað rétt.

Ákærði Kristján Viðar  
vék frá kl. 15.28.

Kl. 15.28 kemur í dóminn ákærða, Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. tl. 89. gr. 1. nr. 74, 1974.

Þá kemur í dóminn til samprófunar Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Er nú framburður ákærðu um það, er hún sá að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 lesinn í heyranda hljoði.

Ákærða kveðst halda fast við framburð sinn.

Samprófun fer fram og kveðst ákærði einnig halda fast við framburð sinn um að hann hafi ekki verið á Hamarsbraut 11 þessa nótt.

Ákærði óskar eftir því, að ákærða verði spurð að  
því, hvort Sigurbjörn Víðir, rannsóknarlöggreglumaður, hafi

nefnt við ákærða lífstíðar öryggisgæslu við samprófun ákærðu  
í fangelsinu í Síðumúla 19. júlí 1976. Ákærða segir það  
rétt vera. Ákærða segir Sigurbjörn Víði hafa sagt, að  
ákærði fengi lífstíðar öryggisgæslu, þ.e. lífstíðarfangelsi,  
ef hann ekki játaði að hafa verið að Hamarsbraut 11, er  
Guðmundur Einarsson beið bana.

Upplesið, játað rétt.

Víku frá.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, föstudaginn 15. apríl, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kominn er í dóminn sækjandi málsins Bragi Steinars-  
son, saksóknari.

Kl. 9.40 kemur í dóminn sem vitni Sigurður Stefán  
Almarsson, Karfavogi 33, fæddur 30. ágúst 1956.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi verið að afþlána refsídóm á Litla-Hrauni á árinu 1975. Skömmu fyrir jól kveðst vitnið eitt sinn hafa verið að ræða við ákærða Kristján Viðar Viðarsson. Í samtali þessu skýrði Kristján vitninu frá því, að Sævar Marinó Ciesielski og Erla Bolladóttir hefðu getað náð út úr Pósti og síma árið áður um einni milljón króna. Vitnið lét rannsóknarlöggreglunni í té upplýsingar um þetta. Vitnið kveður Kristján Viðar ekki hafa nefnt við sig nein önnur brot, er hann vissi um. Minntist hann aldrei við vitnið á það með hverjum hætti Guðmundur Einarsson og Geirfinnur Einarsson hefðu beðið bana, og ekki heyrði það heldur aðra fanga ræða um það á þessum tíma.

Síða VII

Upplesið, játað rétt.

5/12 74 Nj. Smœð. Víkur frá kl. 9.57.

Kl. 10.15 kemur fyrir dóminn sem vitni, Smári Kjartan Kjartansson, Reykjavík, Ölfusi, fæddur 30. ágúst 1953.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi verið að aka Volkswagen bifreið, er það hafði tekið á leigu á bílaleigu, um Hafnarfjörð að faranótt 27. janúar 1974. Tveir menn voru með vitninu í bifreiðinni, en vitnið man ekki hvaða menn það voru. Vitnið kveðst hafa ekið m.a. fram hjá veitingahúsinu Skiphól og telur, að klukkan hafi þá verið um 2. Vitnið kveðst ekkert muna um mannaferðir í kringum samkomu-

húsið. Vitnið man ekki eftir neinum manni, er var þar á ferð, sem vakti sérstaklega athygli þess.

Vitninu er nú kynnt það sem kemur fram í skýrslu Njarðar Snæhólm, aðalvarðstjóra í rannsóknarlöggreglunni, um viðtal hans við vitnið 31. janúar 1974. Vitnið kveður sig aðeins ráma í það, er þar kemur fram. Vitnið kveðst ekkert geta nánar um þetta sagt en fram kemur í viðtalinu við Njörð. Vitnið getur ekkert sagt nákvæmlega um hvaða tíma þetta var, en þetta hafi verið á tímabilinu 2-3. Vitnið man ekkert, hvernig maðurinn var klæddur, er í viðtalinu við Njörð greinir og ekki man það eftir hvernig hann leit út. Maður sá, er í frásögn vitnisins greinir var nokkuð mikið fullur og var að reyna að stöðva bifreiðar. Maðurinn fór út á götuna í veg fyrir bifreið vitnisins og datt þar. Vitnið þurfti að nema staðar af þessum sökum. Maðurinn stóð síðan upp og gekk yfir götuna og síðan á brott, en hvert veit vitnið ekki. Vitnið kveður manninn aldrei hafa snert bifreiðina. Vitnið man, að það gaf hljóðmerki og stóð þá maðurinn upp. Vitnið sá ekki, hvernig maðurinn datt. Það varð ekki vart við að hann væri neitt eftir sig eftir byltuna. Vitnið skýrir frá því, að maðurinn hafi verið á Reykjavíkurvegi við gangbrautarljósin, sem eru við frystihúsið Frost h.f. Vitnið minnir, að maðurinn hafi verið á gangstéttinni hægra megin miðað við akstursstefnu þess, en það var á leið frá Hafnarfirði.

Vitnið kveðst ekki hafa kannast við Guðmund Einarsson og man ekki til að það hafi nokkurn tíma séð hann.

Vitninu er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Vitnið getur ekki sagt neitt um, hvort það var Guðmundur Einarsson, er það sá umrætt sinn.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 10.43.

Kl. 10.44 kemur fyrir dóminn sem vitni, Elías Kristján Helgason, iðnnemi, Norðurvangi 12, Hafnarfirði, fæddur 8. janúar 1957.

Áminntur um sannsögli.

Vitninu er kynnt það, sem fram kemur í framburði Sveins Rúnars Vilhjálmssonar um að það hafi verið í bifreið með Sveini og Smára Kjartani Kjartanssyni í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974. Vitnið kveður það hafa komið fyrir, að það hafi verið í bifreið með framangreindum mönnum á þessum tíma, en man ekki hvort svo var aðfaranótt 27. janúar 1974. Vitnið man ekkert, hvar það var umrædda nótt.

Vitninu er kynnt skýrsla þess hjá rannsóknarlöggreglu 25. janúar 1977, og segir það hana rétta í öllum atriðum.

Þá er vitninu kynntur framburður Sveins Rúnars Vilhjálmssonar. Vitnið kveðst ekki muna eftir atburði þeim, er í framburði Sveins greinir.

Vitninu er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Vitnið kannast ekki við Guðmund og minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma séð hann.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 11.05.

Kl. 11.05 kemur fyrir dóminn sem vitni Kjartan Kjartansson, fangavörður, Hrafnhólum 8, Reykjavík, fæddur 1. ágúst 1932 í Reykjavík.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið hefur verið fangavörður í hegningaráhúsinu að Skólavörðustíg 9. Vitnið skýrir frá því, að snemma í janúar 1976 hafi Einar Bollason, Magnús Leópoldsson og Valdemar Olsen verið settir í gæsluvarðhald í fangelsið við Síðumúla. Af því tilefni var vitnið fengið til að annast fangavarðarstarf þar. Vitnið gegndi þessu starfi þar til í apríl eða maí, er það veiktist. Á þessum tíma voru í gæsluvarðaldi í fangelsinu við Síðumúla, ákærði Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Erla Bolladóttir.

Bókun Sævars Marinós Ciesielski í þinghaldi 29. mars s.l. um meðferð á sér í fangelsinu við Síðumúla, er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið kveðst ekki geta borið um af eigin raun það er þar kemur fram. Vitnið minnist þess að hafa heyrt talað um, að Örn Höskuldsson hafi viðhaft þau ummæli, er í niðurlagi bókunarinnar greinir, en getur ekki staðhæft, hvort það var viðstatt.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt yfirheyrlur yfir ákærðu. Vitnið kveðst því ekki geta borið um af eigin raun, hvort beitt hafi verið líkamlegu ofbeldi við ákærða Sævar Marinó, en vitnið heyrði, að yfirheyrlurnar voru

ácaflega hávaðasamar. Vitnið varð ekki vart við að ákærði Sævar Marinó væri beittur ofbeldi eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu. Vitnið varð vart við það, að fangaverðir virtust yfirheyra ákærða Sævar Marinó, eða blanda sér að óþörfu í hans mál. Nefnir vitnið í því sambandi Skúla Steinsson og Högna Einarsson. Ekki var það þó gert að beiðni rannsóknarmanna, að það viti til. Vitninu fannst ákærði Sævar Marinó, sæta meira harðræði í fangelsinu en aðrir fangar í sama málí, að vitninu fannst að ástæðulausu, þar sem Sævar hafi hegðað sér afburðavel frá sjónarmiði fangavarðar. Ekki varð vitnið vart við það, að ákærði Sævar sýndi tregðu á að þrífa sig og klefa sinn.

Þá er vitninu kynnt bókun ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar í þinghaldi 30. mars s.l. Vitnið kveðst ekkert geta borið um það er í bókuninni greinir, enda sé því mál Tryggva Rúnars algerlega ókunnugt.

Upplesið, játað rétt.

Vitnið skýrir frá því, að því finnist vanta eitt atriði enn í og segir það orðrétt: "Eg var þarna ásamt fleiri fangavörðum staddur í milliherbergi milli varðstofu og yfirheyrslusals fangelsisins, sem er fyrst til hægri, er inn í fangelsið kemur. Að yfirheyrslu þeirra Eggerts Bjarnasonar og Sigurbjörns Viðis yfir Sævari Marinó liðinni, fannst mér, að yfirheyrlunni ætti að vera lokið. Svo var þó ekki. Gekk Gunnar Guðmundsson, yfirlangavörður, þá mjög berserks-lega inn í yfirheyrsluherbergið og upphófst vægast sagt allmikill hávaði og ég leit í augu nærstaddir fangavarða.

Ég var ekki viss um, hverjum bæri skylda til að opna hurðina og athuga, hvað þarna færí fram. Þegar ég sá ekki, að neinn hefði kjark til að athuga hvað væri að gerast, opnaði ég hurðina. Ég sá ekki, að Gunnar Guðmundsson væri í hættu staddur, en mér virtist sem Sævar Marinó hefði verið svínþeygður, enda hefði hann ella ekki kallað: "Stilltu þig, stilltu þig, Gunnar, Gunnar". Gunnar Guðmundsson skipaði mér að loka tafarlaust. Ekki heyrði ég að fleira gerðist þarna inni".

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.10.

Kl. 12.10 kemur í dóminn sem vitni Ari Ingimundarson, fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Hamraborg 8, Kópavogi, fæddur 29. apríl 1953.

Áminntur um sannsögli.

Bókun Sævars Marinós um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla er nú lesin í heyranda hljóði. Vitnið kveðst ekki kannast við að hafa heyrt um það, er Sævar Marinó segir þar. Vitnið er sérstaklega spurt um það atriði, sem Sævar Marinó segir, að það hafi verið sjónarvottur að, þ.e. að Sigurbjörn Víðir hafi slegið hann í andlitið, tek-ið hann upp og fleygt honum í stól í yfirheyrsluherbergi. Vitnið kannast ekki við að hafa séð þetta og veit ekki til að þetta hafi átt sér stað. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við það, að ákærði Sævar Marinó væri beittur **ofbeldi** eða hótunum um ofbeldi í fangelsinu.

Bókun Tryggva Rúnars er og lesin í heyranda hljóði.  
Vitnið var ekki viðstatt neinar yfirheyrslur í málínu og  
getur ekkert borið um það er fram kemur í bókun hans.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.24.

Kl. 12.25 kemur í dóminn Jóhann Gunnar Friðjónsson,  
fangavörður í fangelsinu við Síðumúla, Þverbrekku 4, Kópa-  
vogi, fæddur 24. maí 1941.

Aminntur um sannsögli, en jafnframt gætt ákv. 2. mgr.  
77. gr. l. nr. 74, 1974.

Mætta er kynnt bókun Sævars Marinós í þinghaldi 29.  
mars s.l. um meðferðina á sér í fangelsinu við Síðumúla.  
Mætti kveðst ekki kannast við neitt það, er ákærði Sævar  
Marinó segir í bókuninni. Mætti var ekki viðstaddir yfir-  
heyrslur í málínu. Mætti kveður Sævar Marinó hafa verið  
þrýðisfanga og gert það, sem hann var beðinn um, en þó þurfti  
að ítreka við hann að prífa sig og klefa sinn. Mætti kann-  
ast ekki við, að hann hafi veitt Skúla Steinssyni aðstoð  
við að dýfa Sævari Marinó ofan í vask, svo sem Sævar Marinó  
heldur fram, og veit ekki til að það hafi verið gert.  
Mætti veit ekki til þess, að nokkurn tíma hafi komið til  
átaka, er Sævar átti að fara í bað. Hann man þó eftir að  
Skúli Steinsson sótti Sævar Marinó eitt sinn inn í klefann  
til þess að fara í bað, og hélt utan um hann á leiðinni fram  
á bað. Ekki varð vitnið vart við að Sævar væri beittur neinu  
ofbeldi.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.40.

Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi ákærða Sævars  
Marinós var viðstaddir þinghaldið.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, þriðjudaginn 19. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kominn er í dóminn sækjandi málsins, Bragi Steinars-  
son, saksóknari.

Einnig er mættur skipaður verjandi Kristjáns Viðars-  
sonar, Páll A. Pálsson, hdl.

Kl. 10.44 mætir í dóminum ákærði, Kristján Viðar  
Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Akærði kveðst nú vilja breyta framburði sínum um það, er hann kom að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt Guðmundi Einarssyni og ákærða Tryggva Rúnari Leifs-syni.

Akærði skýrir nú frá því, að við nánari athugun hafi rifjast upp fyrir sér, að um ákærða Albert Klahn hafi verið að ræða, en ekki ákærða Sævar Marinó, er kom niður stíginn að húsinu á meðan ákærði, meðákærði Tryggvi Rúnar og Guð-mundur voru enn utan dyra. Akærði kveðst hafa farið inn um glugga og síðan opnað húsið. Voru ákærðu, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn, svo og Guðmundur Einarsson og Gunnar Jónsson nýkomnir inn í húsið, er ákærði Sævar Marinó kom. Voru þeir á ganginum og höfðu sest þar niður, en höfðu ekki farið inn í íbúðina.

Akærði er nánar spurður um flutninginn á líki Guð-mundar Einarssonar inn í hraunið. Kveðst ákærði halda fast við fyrri framburð sinn um það og hafi líkið sér vitanlega, aldrei verið flutt úr hrauninu. Akærði telur, að þeir hafi verið um stundarfjórðung að bera líkið inn í hraunið frá bif-reiðinni og námu þeir staðar tvisvar á leiðinni til þess að hvíla sig.

Akærði kveðst hafa skriðið inn um glugga á þvottahúsi, er hann fór inn í húsið að Hamarsbraut 11. Hafði ákærði Sævar Marinó sagt ákærða áður, að hægt væri að komast inn um þennan glugga.

Akærði skýrir frá því, að Gunnar Jónsson hafi ekki verið í fylgd með ákærða Albert Klahn, er hann gekk niður

stíginn að húsinu, en Gunnar hafi komið rétt á eftir. Ákærða minnir, að ákærði Albert hafi sagt sér, er hann kom á staðinn, að Gunnar biði í bifreiðinni.

Upplesið, játað rétt bókað.

Viku frá kl. 11.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, föstudaginn 22. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Lögð eru fram þessi skjöl:

Nr. LXXI. Skýrsla rannsóknarlöggreglunnar.

- LXXII. Uppdráttur af Hafnarfirði.

- LXXIII. Ljósmynd frá Landmælingum Íslands,  
er merkt er inn á leiðir þær, er  
ákærðu Kristján Viðar og Albert  
Klahn segjast hafa farið með lík  
Guðmundar Einarssonar.

- Nr. LXXIV. Spjöld með ljósmyndum úr Kapelluhrauni.
- LXXV. Spjöld með ljósmyndum úr kirkjugarðinum í Hafnarfirði.
- LXXVI. Fæðingarvottorð Guðmundar Einarssonar.
- LXXVII-LXXVIII. Vottorð frá Hagstofu Íslands um búsetu ákærðu Sævars Marinós og Erlu.
- LXXIX. Vottorð frá Manntali Hafnarfjarðarbæjar.
- LXXX-LXXXII. Vottorð frá fangelsinu við Síðumúla, Hegningarhúsi og lögreglunni í Hafnarfirði.

Málsskjölin fylgja.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Vottar: Haraldur Henrysson.

Hafdís Agústsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ar 1977, þriðjudaginn 26. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 11.30 kemur í dóminn sem vitni Sveinn Rúnar Vilhjálmsson, sjómaður, Smyrlahrauni 42, Hafnarfirði, fæddur 8/10 1957 í Hafnarfirði.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið kannast við, að hafa hringt til Sveins Björns-sonar, yfirlöggreglubjóns í rannsóknarlöggreglunni í Hafnarfirði 31/1 1974 og skýrt honum frá, að hann hefði séð til ferða manns, sem hann taldi vera Guðmund Einarsson á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði að faranót 27. janúar sama ár. Vitnið kveðst hafa verið að aka á bílaleigubíl um Hafnarfjörð um-rædda nótt. Vitnið man, að með því í bifreiðinni var Elías Helgason. Vitnið minnir, að fremur hált hafi verið á götunum og snjóþæfingur, en veður gott. Þegar þeir voru staddir neðst á Reykjavíkurvegi á móts við Hverfisgötu á tímanum frá kl. 02.15 - 02.30 sáu þeir mann á gangstéttinni hægra megin. Maðurinn virtist vera mikið ölvaður og var hann að reyna að stöðva bifreiðar. Maður þessi var stór með dökkt mikið hár. Hann var yfirhafnarlaus og í köflóttum jakka. Maðurinn gekk út á götuna í veg fyrir bifreið vitnisins. Vitnið hægði ferðina og fór maðurinn yfir götuna að götu-eyjunni. Þegar hann var rétt að komast þangað, féll hann í götuna. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvernig hann datt, en telur, að hann hafi einungis fallið á hnén. Maðurinn stóð strax upp og virtist vitninu honum ekki verða meint af fallinu. Gekk hann áfram vestur yfir götuna. Vitnið hafði eins og áður greinir hægt ferðina vegna mannsins, en ekki

numið staðar. Vitnið kveður manninn hafa staðið á götueyjunni, er það ók fram hjá honum. Vitnið ók á brott og vissi ekki meira um ferðir manns þessa.

Vitnið sá í blöðunum, einhvern næstu daga, að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, Hraunprýði, Blesugróf, er var sagður hafa sést síðast á ferli í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar. Vitnið sá mynd af Guðmundi er einnig birtist í blöðunum. Er vitnið ekki í neinum vafa um, að umræddur maður var Guðmundur Einarsson.

Vitnið sér í dóminum mynd af Guðmundi Einarssyni og segir, að um hann geti hafa verið að ræða greint sinn.

Vitnið kveðst miða framangreinda tímaákvörðun við það, að það hafi verið við Alþýðuhúsið, er dansleik lauk þar um kl. 02. Kveðst vitnið hafa beðið við Alþýðuhúsið í 20-25 mínútur.

Vitnið kveðst staðfesta skýrslur sínar hjá rannsóknarlöggreglunni með áorðnum breytingum.

Upplesið, staðfest.

Vék frá kl. 11.53.

Viðstaddur þinghaldið var Bragi Steinarsson, saksóknari.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Vottar:

Haraldur Henrysson.

Hafdís Agústsdóttir.

Ásgeir Magnússon.

Ár 1977, laugardaginn 30. apríl, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem domsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Eins og fram hefur komið í framburðum ákærðu, á Gunnar Jónsson, Lokastíg 18 hér í borg, að hafa verið með ákærðu að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt 27. 1974, er Guðmundur Einarsson beið bana að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði í átökum. Undanfarnar vikur hefur verið haldið uppi spurnum um Gunnar, en upplýsingar um dvalarstað hans komu ekki fyrr en í þessum mánuði. Í bréfi, er hann skrif-aði móður sinni, sem búsett er hér í borginni sagðist hann vera staddur í Torremolinos á Spáni. Lét móðir Gunnars dóminum í té upplýsingar um þetta. Af þessu tilefni var ákveðið, að rannsóknarlöggreglumennirnir Gísli Guðmundsson og Torfi Jónsson fáru til Torremolions og hefðu tal af Gunnari og bæðu hann að koma hingað til lands og bera vitni í máli þessu. Þeir fóru til Spánar laugardaginn 23. apríl s.l. Hittu þeir Gunnar Jónsson og féllst hann á að koma hingað til lands og bera vitni í máli þessu. Komu rannsóknarlöggreglumennirnir með Gunnar hingað til lands í gær. Gisti Gunnar á hóteli hér í borginni í nótt og var löggreglu-maður á vakt yfir honum.

Bragi Steinarsson, saksóknari, er kominn í dóminn.

Kl. 10.22 kemur fyrir dóminn Gunnar Jónsson, Loka-

stíg 18, Reykjavík, fæddur 9. febrúar 1956 í Reykjavík.

Áminntur um sannsögli, en jafnframt vakin athygli  
mætta á ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Mætta var send kvaðning til Spánar um að mæta fyrir  
dómi í framangreindu máli. Var honum kynnt í kvaðningunni  
af hvaða tilefni hann ætti að mæta.

Málið er nú reifað fyrir mætta og rakti hann ýmsa  
bætti málsins sjálfstætt.

Þar sem reifunin hefur tekið alllangan tíma, þykir  
eftir atvikum rétt að fresta formlegri skýrslutöku, enda  
kveðst mætti vera eftir sig eftir langa ferð.

Upplesið, játað rétt.

Dómurinn ákveður, að fresta þinghaldinu til mánu-  
dagsins 2. maí kl. 13.30 og að lögreglumaður verði með  
mætta fram að þeim tíma. Mætti kveðst fallast á þetta,  
en óskar frekar eftir að fá að vera heima hjá sér.

Upplesið, játað rétt.

Gunnar Jóseph Jónsson.

Víkur frá kl. 15.10.

Dómþingi slitið kl. 15.21.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Ásgeir Magnússon.

Ár 1977, mánudaginn 2. maí, var dómþing sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kominn er í dóminn Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 13.36 kemur í dóminn Gunnar Jónsson.

Aminntur um sannsögli, en jafnframt vakin athygli hans á ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

NB. Mætta er sýnt morgunblaðið frá 30. janúar 1974, en á annari blaðsíðu er lýst eftir Guðmundi Einarssyni og fylgir mynd af Guðmundi. Mætti telur sig muna, að hann hafi séð frétt þessa, en eigi setti hann það í samband við neitt, sem hann hefði orðið sjónarvottur að dagana á undan. Mætti þekkti ekki Guðmund Einarsson. Mætti kveðst þekkja ákærða, Albert Klahn Skaftason og hafi þeir verið saman í gagnfræðaskóla. Eftir að þeir hættu í skóla hittust þeir annað slagið, en þó gat liðið langur tími á milli.

Mætta eru nú sýndar myndir úr sakaskrá af 20 mönnum. Mætti er beðinn að segja til um, hverja af mönnum þessum hann þekki. Tekur hann viðstöðulaust úr myndunum myndir af premur ákærðu í máli þessu, þ.e. ákærðu Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnari Leifssyni. Mætti man eftir nafni Sævars Marinós, en ekki hinna. Hann man þó, að ákærði Kristján Viðar bjó að Grettisgötu 82. Einnig man hann eftir því, að ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson hafði komið þar.

Mætti minnist þess, að hann hafi komið að Grettisgötu 82 ásamt Albert Klahn á tímabilinu frá 2.-6. janúar 1974 að degi til. Mætti man eftir að ákærði Kristján Viðar var þar. Kveðst mætti hafa kannast við hann. Einnig man mætti eftir því, að Tryggvi Rúnar Leifsson var þar, en mætti hafði ekki kynnst honum áður. Mætti vissi, hver ákærði Sævar Marinó var, en er ekki öruggur á, að hann hafi verið þarna umrætt sinn. Mætti kveðst hafa haft beyg af þeim ákærða Kristjáni Viðari og Sævari Marinó og taldi hann að betra væri að vera ekki of nærri þeim. Mætti man, að Sævar er smávaxinn og að hann gekk svartklæddur og segir mætti það geta verið, að hann hafi verið í leðurjakka. Ákærði Kristján Viðar er stór og þybbinn, munnstór og geiflaði oft munninn. Mætti man eftir, að Tryggvi Rúnar er kraftalegur og með ljóst hár, að mætta minnir. Hann létt mjög í veðri vaka, að hann kynni að slást. Mætta er þetta minnisstætt vegna þess, að hann hafði til umráða 1.200 krónur eða svo og geti verið að hann hafi látið Albert Klahn fá peningana. Atti að kaupa hass og ætlaði Albert Klahn að kanna möguleika á því. Mætti man, að þeir Albert Klahn dvöldust nokkra stund að Grettisgötu 82, einn til two klukkutíma, að mætti telur. Mætti man eftir því, að tveir bræður komu að Grettisgötu 82 umrætt sinn, og var unnusta eða eiginkona annars þeirra með þeim. Mætti man eftir að hann fór í söluturn til að kaupa vindlinga. Hafði hann skamma viðvöl að Grettisgötu 82 eftir að hann kom aftur. Fóru þeir Albert Klahn saman heim til mætta að Lokastíg 18 og borðuðu,

en fóru síðan heim til Alberts Klahn og dvöldust þar fram eftir kvöldi. Mætti fékk ekkert hass að Grettisgötu 82. Hins vegar fékk hann eitthvað, sem hann taldi vera LSD. Henti hann því í klósettið, er hann kom heim. Eigi man mætti, hver létt það í té.

Mætti sér 9 myndir úr sakaskrá og eru þar á meðal myndir af bræðrunum Hreini og Leifi Vilhjálmssonum. Mætti bendir á mynd af Hreini Vilhjálmsyni og segir, að hann telji hann vera annan bræðranna, sem var að Grettisgötu 82 greint sinn.

Mætti skýrir frá því, að hann muni eftir því að hafa komið með Albert Klahn að Grettisgötu 82 einhvern tíma nokkru síðar á bifreið. Mætti kveður petta geta hafa verið 2-3 vikum síðar. Eigi man mætti um hvert leyti sólarhringsins petta var, en minnir frekar, að dimmt hafi verið. Mætti fór aldrei inn í húsið. Mætti segir geta verið, að Albert hafi farið parna inn. Mætti man ekki hvort það var í petta skipti eða einhvern tíma síðar, að hann var að aka með Albert milli staða hér í borginni. Mætti man ekki, hvernig bifreið Albert var á. Mætti telur, að auk þeirra hafi tveir menn verið í bifreiðinni og peir hafi setið í aftursæti. Mætta minnir, að annar manna þessara hafi verið ákærði Kristján Viðar eða Sævar Marinó, en hver hinn maðurinn var, kveðst hann ekki muna fyrir víst. Mætti man ekki í hvaða erindagerðum peir voru, en er helst á, að peir hafi verið að aka milli skemmtistaða til þess að leita að einhverjum manni. Mætti man ekki hvar var komið

við. Hann man ekki sérstaklega eftir að komið hafi verið við á Kópavogshæli í þessari ferð. Einhvern tíma var þó komið þar við og man mætti, að hann fór ekki út úr bifreiðinni í það skipti. Minnir mætta, að hann hafi þá verið með Albert, en hvort fleiri voru í bifreiðinni man hann ekki. Mætti man ekki, að farið væri frá Kópavogshæli til Hafnarfjarðar, en einhvern tíma um þetta leyti man hann eftir því, að hann var í bifreið með Albert Klahn í Hafnarfirði og að numið var staðar í brekkunni á Reykjavíkurvegi. Mætti man ekki eftir því, hverjir voru fleiri í bifreiðinni, en þetta var að næturlagi. Mætta finnst endilega að fleiri hafi verið í bifreiðinni og eitthvað hafi verið um að vera. Mætti man ekki, hvort þeir hittu einhvern og ekki man hann eftir Guðmundir Einarssyni parna. Mætti man eitthvað eftir því, að Albert var að amast við því að fleiri kæmu í bifreiðina. Mætti tekur þó fram, að það geti hafa verið í annað skipti, sem Albert var að amast við þessu. Mætti man, að framangreinda nótt var ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði, sem er við Suðurgötu. Mætti man ekki, hvort numið var staðar parna við hús, en hann minnir, að þeir hafi verið 2 eða 3 í bifreiðinni. Mætta finnsta, að numið hafi verið staðar við eitthvert hús og að þeir Albert hafi farið inn. Hann minnir, að þeir hafi farið inn í íbúð í kjallara. Mætti man ekki eftir að hann hafi farið nema inn á ganginn. Honum er minnisstæður stigi upp á loft í húsinu, er blasir við, er inn kemur, og eins man hann eftir að hafa litið inn í þvottahús og geymslu,

er var opið. Mætti kom s.l. laugardag að Hamarsbraut ll í Hafnarfirði og fannst honum hann kannast við það, er að framan greinir. Einnig kom honum kunnuglega fyrir gangurinn. Mætti man ekki eftir herbergjaskipan að öðru leyti. Mætti sér myndir frá Hamarsbraut ll í Hafnarfirði. Hann rámar í að það hafi verið tveggja herbergja íbúð, sem hann kom inn í. Mætti tekur fram í þessu sambandi, að hann muni eftir stuttri viðvöl í 2ja herbergja íbúð með Albert, þar sem spilað var á grammófón, eða m.k. talað um músík. Mætta rámar í einhvern grammófón, er var í innra herbergi í horni út við gluggann. Mætti man eftir, að Albert var örugglega með honum, en hvaða fleira fólk var þar man hann ekki, nema honum finnst, að húsráðandi hafi verið þar. Mætti man eftir einhverju þrasi parna, en af hvaða tilefni það var man hann ekki, og ekki man hann eftir átökum. Honum finnst þó þrasið tengjast meira við brekkuna á Reykjavíkurvegi. Mætti kveðst ekki geta staðhæft, að ákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar hafi verið parna. Mætti man ekki, hvort var erindið á framangreindan stað. Mætti man ekki, hvort hann fór af stað þeim, er að framan greinir.

Mætti kveðst aldrei hafa tekið inn LSD, en hins vegar hefur hann reykt hass. Mætti kveður það geta verið, að hann hafi reykt hass í janúar 1974. Mætti kveðst hafa haft grun um að Sævar Marinó soldi hass. Mætti vissi ekki, hvor Sævar bjó á þessum tíma. Mætti hefur séð mynd af Erlu Bolladóttur. Hann telur sig einhvern tíma hafa séð

hana, en man ekki hvar. Ekki vissi mætti um samband þeirra Erlu Bolladóttur og Sævars Marinós. Mætti vissi ekki til, að Sævar væri með neinni stúlku og ekki vissi hann til þess, að hann vendi komur sínar á Kópavogshælið til Helgu Gísladóttur. Mætti hafði komið til Helgu Gísladóttur á Kópavogshælið í 2 skipti. Mætti kannaðist við Ingibjörgu, er starfaði einnig á Kópavogshæli.

Mætti skýrir frá því, að ákærðu hafi aldrei neitt minnst á Guðmund Einarsson við sig og ekki höfðu þeir heldur orð á því, hvað gerst hefði að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974. Mætti man eftir því, að hann hitti ákærða Kristján Viðar og ef til vill fleiri ákærðu í máli þessu í Vestmannaeyjum í mars 1974 og var þá ekkert minnst á þetta. Einnig man hann eftir að hafa hitt Sævar Marinó í húsi við Laugaveg í júní eða júlí 1974.

Mætti fór utan í ágúst 1974 og var erlendis þar til um miðjan desember sama ár. Fór hann síðan utan aftur 27. janúar 1975 og hefur verið erlendis síðan.

Upplesið, játað rétt bókað.

Víkur frá kl. 16.49.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Ár 1977, priðjudaginn 3. maí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kominn er í dóminn Bragi Steinarsson, saksóknari.

Kl. 10.14 mætir í dóminum ákærði, Albert Klahn

Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Reynt hefur verið að ná til verjanda ákærða, Arnar Clausen, hrl., en það hefur ekki tekist.

Ákærði kveðst reiðubúinn að gefa skýrslu í málinu, þótt verjandi hans sé ekki viðstaddir.

Farið er yfir það í framburði ákærða, sem snertir Gunnar Jónsson, og kveðst ákærði halda fast við þann framburð sinn.

Ákærði staðhæfir, að hann og Gunnar Jónsson hafi komið að Grettisgötu 82 um kvöldmatarleytið 26. janúar 1974. Voru þeir á Volkswagen bifreið, sem faðir ákærða átti. Ákærði lagði bifreiðinni á Grettisgötunni, skammt frá húsinu nr. 82. Þeir fóru heim til ákærða Kristjáns Viðars og höfðu þar um klukkutíma viðvöl. Ákærði Kristján Viðar var heima hjá sér, svo og ákærði Tryggvi Rúnar var þar einnig. Ákærði kveður Gunnar hafa kannast við ákærða Kristján Viðar, en telur, að hann hafi ekki þekkt ákærða

Tryggva Rúnar. Ákærði Sævar Marinó var ekki þarna og sá ákærði hann ekki á Grettisgötu 82 þetta kvöld. Ákærði vissi, að Gunnar Jónsson kannaðist við Sævar. Ákærði man, að Gunnar Jónsson hafði komið þarna áður og telur ákærði, að það hafi verið skömmu fyrir jól. Ákærði man ekki, hverjir voru þarna þá að undanskildum Kristjáni Viðari. Ákærði og Gunnar fóru brott af Grettisgötu 82, er þeir höfðu verið þar í um klukkustund, en komu aftur þangað og giskar ákærði á, að klukkan hafi þá verið um 10. Þeir voru að Grettisgötu 82, þar til um miðnætti, er þeir fóru út saman að aka um borgina, eins og í framburði ákærða greinir. Gunnar sat í framsæti við hlið ákærða, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar í aftursæti. Gunnar sat síðan í framsæti bifreiðarinnar á meðan á akstrinum stóð um nóttina. Ákærða er ekkert sérstakt minnisstætt um Gunnar á meðan á akstrinum stóð. Gunnar hafði neytt einhvers áfengis, en var ekki ölvaður. Ákærði veit hins vegar ekki til þess, að hann hafi neytt lyfja. Ákærði kveður hafa verið ekið fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði á leiðinni að Hamarsbraut 11, en þá voru ákærði og Gunnar tveir einir í bifreiðinni. Ákærði man ekki eftir að hafa ekið með Gunnari í annað skipti í Hafnarfirði. Ákærði kveður erindi þeirra Gunnars á Hamarsbrautina hafa verið að athuga með hass, að því er hann telur, en hann vissi, að Sævar Marinó hafði haft hass til sölu. Ákærði man, að þeir fóru báðir inn í kjallaraíbúðina að Hamarsbraut 11. Ákærði man eftir því, að ákærðu Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Guðmundur voru að Hamars-

braut ll, en hvort Sævar Marinó var kominn þá, kveðst hann ekki muna fyrir víst, en hann kom um svipað leyti. Ákærði man ekki eftir, hvort grammófónmúsik var í íbúðinni.

Hann man ekki eftir neinum grammófóni þar. Ákærði heldur, að þeir hafi beðið eitthvað í ganginum að Hamarsbraut ll, áður en þeir fóru inn í innri stofuna. Ákærði kveður átökin hafa hafist, skömmu eftir að þeir komu og er öruggur um, að Gunnar sá þau. Ákærði veit ekki til þess, að Gunnar hafi neitt kannast við Guðmund Einarsson. Ákærði og Gunnar fóru á brott af Hamarsbraut ll skömmu eftir að átökunum lauk, og fannst ákærða, að átökin hefðu fengið á Gunnar. Lýsti það sér í því, að Gunnar vildi komast sem fyrst á brott frá Hamarsbraut ll. Ákærði man ekki eftir, að þeir hafi rætt um átökin, hvorki í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur né síðar.

Upplesið, játað rétt.

Kl. 11.00 mætir í dóminum til samprófunar Gunnar Jónsson.

Áminntur um sannsögli.

Fer nú fram samprófun milli mætta og ákærða. Er farið yfir framburð ákærða og jafnframt er mætti spurður um málsatvik. Mætti kveður mikið hafa rifjast upp fyrir sér, er gerðist að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt hinn 27. 1974.

Svo sem í fyrri framburði mætta greinir, kveðst hann hafa kannast við þá Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggva Rúnar Leifsson. Tryggva Rúnar

þekkti mætti þó minnst. Mætti kveður það vel geta verið, að hann hafi komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar. Mætti man ekki vel um þetta, en verið geti, að hann hafi farið inn í húsið. Hann kveðst ekki vera öruggur um þetta, en man, að einhver beygur var í honum eftir að hann hafði verið að Grettisgötu 82 hjá Kristjáni Viðari dagana 2.-6. janúar 1974. Mætti hafði neytt einhvers áfengis heima hjá sér, en var ekki drukkinn. Mætti man eftir því, að þetta kvöld var hann að aka með Albert Klahn Skaftasyni milli skemmtistaða hér í borginni. Mætta minnir, að þeir hafi verið að leita að einhverjum manni. Með þeim í bifreiðinni voru tveir menn og sátu þeir í aftursæti. Menn þessir voru Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson. Mætti man eftir því, að þeir ætluðu að reyna að ná í áfengi með einhverjum hætti, en ekki man hann eftir, að veskjabjófnar hafi verið nefndir í þessu sambandi. Mætti man ekki til, að neitt hefðist upp úr krafsinu. Mætti man eftir því, að ekið var að Kópavogshæli, en ekki man hann í hvaða tilgangi: Þó er hann á því, að þeir hafi ef til vill verið að leita að Sævari Marinó til þess að fá hjá honum peninga. Mætta minnir fastlega, að Kristján Viðar hafi farið úr bifreiðinni við Kópavogshælið og farið þar inn. Ekki vissi mætti við hvern Kristján Viðar ætlaði að tala, en það gæti hafa verið Sævar Marinó, svo sem áður greinir. Mætti, Albert Klahn og Tryggvi Rúnar biðu í bifreiðinni á meðan. Mætti man, að Tryggvi var spenntur og órór og talaði mikið. Kristján Viðar minntist ekkert á

erindi sitt, er hann kom til baka og ekki hafði hann orð á því, hvort hann hefði fengið peninga. Pó geti verið, að hann hafi nefnt við Tryggva Rúnar eitthvað um þetta at-riði. Mætti man eftir, að í framhaldi af þessu var ekið til Hafnarfjarðar. Mætti man ekki vel um aksturinn, en hann man eftir því, að staðnæmst var á Reykjavíkurvegi í brekkunni, sem liggur niður í Hafnarfjörð. Fóru Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar þar úr bifreiðinni, en ekki veit mætti í hvaða tilgangi, en grunar þó, að það hafi verið í því skyni að ná í áfengi. Mætti og Albert Klahn biðu í bifreiðinni meðan þeir voru í burtu. Mætti man ekki hve lengi þeir biðu, en þegar þeir komu aftur, man mætti eftir einhverjum manni, er var með þeim. Mætti sá manninn ekki vel og getur ekki lýst honum. Mætti tekur fram í þessu sambandi, að það sé meira um það að ræða, að hann hefði orðið mannsins var, frekar en að hafa beinlínis séð hann. Mætta minnir, að þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar hafi ætlað að reyna að fá far fyrir sig og manninn í bifreiðinni. Albert Klahn vildi það ekki og upphófst þjark út af þessu. Man mætti, að Albert Klahn vildi ekki hafa meira með þá að gera og ók á brott ásamt mætta. Þeir fóru áleiðis til Reykjavíkur, en snéru síðan við áleiðis aftur til Hafnarfjarðar. Mætti telur Albert Klahn hafa ráðið ferðinni. Minnir mætta, að komið hafi til tals að ná í hass eða jafn-vel fara í heimsókn, en eigi var neinn ákveðinn staður nefndur í því sambandi. Mætti man, að ekið var fram hjá lögreglustöðinni í Hafnarfirði og síðan í nánd við hús

skammt frá. Var ekki ekið alveg að húsinu en bifreiðinni lagt á bílastæði fyrir framan. Mætta minnir, að Albert hafi fyrst farið úr bifreiðinni og haldið að Hamarsbraut 11, til að athuga hvort einhver væri heima, en mætti beðið í bifreiðinni á meðan. Albert kom eftir skamma stund og fóru mætti og hann saman að húsinu. Mætti kveður útidyr á kjallara hafa verið opnar og ljós inni á gangi íbúðarinnar. Mætta er sérstaklega minnisstæður stiginn upp á loft í húsinu, en hann blasir við, þegar inn er komið.  
*Hætti þa  
þeir komu  
at Hamarsbraut 11*  
Einnig man mætti eftir að hurð á þvottahúsi var opin og að hann sá þar inn. Mætti man ekki, hvern hann hitti fyrst að Hamarsbraut 11, en hann man eftir, að þar voru Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Einnig finnsta honum Sævar Marinó hafa komið, jafnvel seinna. Mætti man einnig eftir manni, frekar stórum en grönum. Hann var vel klæddur og betur klæddur en þeir hinir. Mætti getur ekki gefið nánari lýsingu á manni þessum. Mætta hefur verið sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni. Kveður hann vel geta verið, að um hann hafi verið að ræða en er ekki alveg viss. Mætta finnsta vera um sama mann að ræða og komið hafði að bifreiðinni í brekkunni á Reykjavíkurvegi. Mætti man eftir, að hann fór á snyrtiherbergi, er var á gangi íbúðarinnar, áður en hann fór inn í stofurnar. Mætti man eftir, að hann fór inn í innra herbergi íbúðarinnar, er hann kom af snyrtiherberginu og settist þar hjá Albert Klahn. Mætta minnir, að hann hafi spurt, hvort hægt væri að spila á grammófón, er þarna var, en hvort spilað var, man hann ekki. Mætti

man, að eitthvað var talað um að kaupa áfengisflösku og geti verið, að það hafi verið nefnt viðmanninn. Mætti kveðst ekki hafa verið beinlínis hræddur þar na inni, en hafði á tilfinningunni að betra væri að fara varlega. Mætti kveðst hafa sett traust sitt á Albert. Mætta minnir, að Kristján Viðar hafi stjakað viðmanninum og ýtt honum upp að ísskáp, eins og í því skyni að leggja áherslu á orð sín, að fá manninn til að leggja peninga í flösku. Mætti sá ekki, að farið væri ofan í vasa mannsins til að taka veski hans. Mætti man einnig eftir því, að Tryggvi Rúnar stökk fram eins og tilbúinn til átaka. Mætti man það, að einhver "hasar" varð eða átök, en nánar getur hann ekki greint frá þeim. Mætti kveður hljóta að vera, að átökin hafi borist inn í næsta herbergi, þar sem hann hafi ekki séð þau greinilega. Mætti man ekki eftir því að hafa séð hníf eða barefli í fórum viðstaddir. Mætti telur, að ákærði Sævar Marinó hafi verið kominn, er átökin áttu sér stað. Mætti fór fljótlega á brott ásamt Albert Klahn eftir að átökin hófust. Er hann ekki við, hvort þeim var þá lokið. Minnir hann, að hann hafi séð einhverja ruddamennsku út undan sér um leið og hann fór út, en man ekki nánar, hvað það var. Hann kveðst ekki hafa séð manninn liggja á gólfínu og ekki heyrði hann manninn hrópa á hjálp, svo hann muni. Mætti var hræddur og leið mjög illa. Hann hafði litla peninga á sér, en taldi að umræddir menn gætu verið til alls vísis. Mætti kveðst hafa hraðað sér á brott og kallað til Alberts að koma einnig. Hann hafi hraðað sér

út og Albert komið á eftir honum. Albert ók mætta rakleitt heim til mætta að Lokastíg 18. Þó geti verið, að þeir hafi haft viðkomu hjá sölturni á leiðinni. Mætti fór úr bifreiðinni, er heim til hans kom, en Albert hélt á brott.

Eins og áður greinir man mætti eftir að lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, en ekki setti hann hvarf hans neitt í samband við það, er gerst hafði að Hamarsbraut 11. Menn þeir, er viðstaddir voru að Hamarsbraut 11 greint sinn, minntust aldrei á atburð þennan við mætta.

Mætti kveðst enga hugmynd hafa haft um, að umræddur maður kynni að hafa beðið bana í átökunum.

Upplesið, játað rétt.

Mætti tekur þó fram, í sambandi við hvort veski mannsins hafi verið tekið, að hann rámi í, að eitthvað hafi verið um veskið talað. Mætta minnir, að kallað hafi verið upp: "Veskið mitt, veskið mitt" og átökin hafi hafist í framhaldi af því.

Upplesið, játað rétt bókað.

Akærði, Albert Klahn, er um það spurður af hverju hann hafi ekki nefnt mætta Gunnar fyrr í máli þessu. Akærði kveðst enga skýringu geta á því gefið.

Upplesið, játað rétt.

Víkja frá kl. 15.50.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Ágústsdóttir.

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Ár 1977, miðvikudaginn 4. maí, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari, er mættur.

Kl. 10.10 kemur í dóminn Gunnar Jónsson.

Aminntur um sannsögli, en vakin athygli mætta á ákv.

2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Mætta eru nú kynntir framburðir ákærðu Kristjáns Viðars, Tryggva Rúnars Leifssonar og Sævars Marinós Ciesielski.

Mætti kveðst halda fast við fyrri framburð um að hann muni ekki eftir að hafa farið inn til Kristjáns Viðars að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar, en þó geti það verið.

Mætti segir framburð Sævars Marinós um komuna að Grettisgötu 82 og síðar að Vesturgötu 24 eiga við, er mætti kom að Grettisgötu 82 dagana 2.-6. janúar 1974. Mætti kveðst ekkert hafa frekar fram að færa um ferðina milli skemmtistaða í Reykjavík að Kópavogshæli og síðar til Hafnarfjarðar að kvöldi 26. janúar og aðfaranótt hins 27. 1974. Telur hann að ákærði

Kristján Viðar greini í öllum atriðum rétt frá ferðinni, svo og komuna að Hamarsbraut 11. Mætta rámar eitthvað í að rætt hafi verið um að Kristján Viðar hafi farið inn um glugga að Hamarsbraut 11 og opnað dyrnar. Mætti kveður Sævar Marinó hafa komið á staðinn rétt eftir að mætti og Albert komu þang- að. Geti verið að mætti hafi verið á snyrtiherberginu, er Sævar Marinó kom. Eitthvað rámar mætta í, að Sævar Marinó hafi ekki verið ánægður með að þeir hefðu farið inn í íbúðina. Mætta fannst óvissa ríkja þarna. Mætti telur sig muna eftir að hafa farið inn í innra herbergi og sest niður hjá Albert Klahn. Man mætti að Albert sat nær dyrunum milli stofanna. Mætti man eftir að hann sá Kristján Viðar stjaka við manninum og maðurinn ýtti honum frá sér. Fannst mætta þetta vera í fremri stofunni og Kristján Viðar gera þetta í því skyni að fá manninn til að leggja út fyrir áfengisflösku. Mætti man eftir frekari átökum í innra herberginu. Telur mætti sig muna að maðurinn hafi skollið upp að ísskáp eða einhverjum skáp og eins að hann skall á vegg. Mætti man eftir Tryggva Rúnari tilbúnum til átaka, en sá hann aldrei greiða manninum högg svo hann muni. Mætti telur sig muna eftir að Sævar Marinó bað um hjálp í þann mund sem átökin voru að byrja. Mætti getur ekki greint frá átökunum nánar, en þetta gerðist allt mjög fljótt og fannst mætta manninum vera sýndur hrottaskapur. Mætti man ekki eftir að maðurinn reyndi að koma sér út, og ekki man hann heldur eftir að hann hafi kallað á hjálp. Mætti telur sig hafa orðið áskynja um að maðurinn hafi rotast en getur ekki skýrt það nánar,

hvaðan hann hefur það, hvort hann hafi séð það sjálfur eða hafa heyrt talað um það.

Mætta rámar í það, að hann hafi átt tal við Kristján Viðar frammi á gangninum í þann mund að mætti var að fara út. Hafi Kristján Viðar verið að tala um einhver viðskipti, sem ættu að fara fram, sem hann vildi ekki láta mætta fá vitneskju um og væri best að mætti færi. Geti verið að í framhaldi af því hafi mætti beðið Albert að aka sér heim eða Albert boðist til þess. Mætti telur að átökin hafi staðið stutt og finnst honum að þau hafi farið fram í tveimur lotum. Mætti telur sig hafa farið út úr herbergjunum alveg í þann mund, er átökunum var að ljúka. Mætti segist aldrei hafa heyrt um það talað að maðurinn væri láttinn.

Mætti kveðst hafa orðið mjög skelfdur við átökin og kunni það að vera skýringin á hve erfiðlega honum hefur gengið að rifja þetta upp. Hann segir þetta núna vera orðið ljóst fyrir sér í meginindráttum.

Upplesið, játað rétt.

Víkur frá kl. 12.08.

Kl. 13.30 mætir í dóminum Gunnar Jónsson.

Áminntur um sannsögli en mætta jafnframt bent á ákv.

2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Kl. 13.35 er mættur í dóminum ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. gr. l. nr. 74, 1974.

Mættur er verjandi ákærða Tryggva Rúnars, Hilmar

Ingimundarson, hrl., og verjandi ákærða Kristáns Viðars  
Viðarssonar, Páll A. Pálsson, hdl.

Fer nú fram samprófun.

Mætti kveðst kannast við Tryggva Rúnar Leifsson, er  
hann sér hann nú í dóminum. Akærði kveðst hins vegar ekki  
kannast við mætta, en getur ekki fullyrt um það hvort hann  
hafi séð hann áður.

Rakin er framburður mætta í málinu og kveðst hann  
halda fast við framburð sinn.

Akærði kveðst og halda fast við framburð sinn og  
neitar að hafa verið að Hamarsbraut ll umrætt sinn. Næst  
ekki samræmi í framburðum mætta og ákærða.

Upplesið, játað rétt.

Akærði vék frá kl. 13.50.

Kl. 14.24 kemur í dóminn ákærði, Kristján Viðar  
Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Fer nú fram samprófun milli ákærða og mætta. Er  
framburður Kristjáns Viðars um átökin að Hamarsbraut ll  
lesinn í heyranda hljóði.

Akærði og mætti segjast kannast við hvorn annan.

Mætti kveðst vísa til framburðar síns um málsatvik.  
Hann kveðst ekkert hafa við framburð ákærða að athuga.

Akærða hefur verið kynntur framburður mætta. Kveðst ákærði  
ekkert hafa við hann að athuga.

Upplesið, játað rétt.

Akærði vék frá kl. 14.32.

Kl. 14.32 kemur í dóminn ákærði, Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Fer nú fram samprófun milli ákærða og mætta.

Akærði kveðst kannast við mætta og nefnir nafn hans.

Mætti kveðst og kannast við ákærða.

Akærði heldur því fram að Gunnar Jónsson hafi komið að Grettisgötu 82 að kvöldi 26. janúar 1974, til Kristjáns Viðars Viðarssonar. Mætti kveðst vísa til fyrri framburðar síns um þetta. Mætti segir að eftir sínu besta minni hafi ákærði verið að Hamarsbraut li aðfaranótt 27. janúar 1974.

Samræmi næst ekki í framburðum ákærða og mætta.

Heldur hvor fast við framburð sinn.

Upplesið, játað rétt.

Akærði vék frá kl. 14.40.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Ar 1977, fimmtudaginn 5. maí, var dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Lagt er fram:

Nr. A LXXXIII. Spjöld með úrkippum úr blöðum, þar sem lýst er eftir Guðmundi Einarssyni.

Sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari, er mættur.

Kl. 10.20 kemur í dóminn Gunnar Jónsson.

Allir framburðir mætta í málí þessu eru lesnir í heyranda hljóði.

Mætti skýrir frá því, að þegar hann hafi rifjað mál þetta upp s.l. nótt minni hann "mjög fastlega" að það hafi verið sagt við sig, að maðurinn hefði fallið á borð og rotast í átökunum. Minnir hánn að það hafi annað hvort verið Kristján Viðar, sem sagði honum þetta á gangi íbúðarinnar, eða Albert Klahn í bifreiðinni á leið til Reykjavíkur. Þó geti hann hafa heyrt þetta út undan sér um leið og hann fór út.

Mætti segir, að allir framburðir sínir séu gefnir eftir bestu vitund, en sum atriði séu óljós fyrir sér eins og þeir beri með sér.

Upplesið, játað rétt bókað.

Af hálfu ákærvaldsins, er því lýst yfir að mætti verði ekki saksóttur eins og málið liggur nú fyrir.

Vitnið lýsir því yfir að það trúi á Guð og sé tilbúið til að staðfesta framburði sína með eiði. Mætti vann síðan eið að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning.

Vék frá kl. 12.00.

Kl. 13.45 koma í dóminn Bragi Steinarsson, saksóknari og Jón Oddsson, hrl., skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski.

Gæsluvarðhald ákærða Sævars Marinós Ciesielski rennur út síðar í dag. Með vísun til ákæruskjala á hendur ákærða í máli þessu, er gerð krafa af hálfu ákærvalds, um fram lengingu gæsluvarðhaldsins.

Kl. 14.05 kemur í dóminn ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Var nú kveðinn upp svohljóðandi

#### ú r s k u r ð u r :

Ar 1977, fimmtudaginn 5. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristins-syni og Haraldi Henryssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Með ákæruskjali dags. hinn 8. desember 1976, er Sævar Marinó Ciesielski, fæddur 6. júlí 1955, nú gæslufangi í Hegningarhúsinu í Reykjavík, ákærður fyrir að hafa ráðist á Guðmund Einarsson, Hraunprýði í Blesugrót, að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, aðfaránótt 27. janúar 1974 ásamt Kristjáni

Viðari Viðarssyni og Tryggva Rúnari Leifssyni og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Einnig er Sævar Marinó í sömu ákæru ákærður fyrir þjófnaði, skjalafals, fjárvík og smygl á hassi.

Þá er Sævar Marinó ákærður með ákæru, dags. 16. mars s.l. fyrir að hafa ásamt nefndum Kristjáni Viðari og Guðjóni Skarphéðinssyni ráðist á Geirfinn Einarsson, Brekkubraut 15 í Keflavík, í Dráttarbrautinni þar í bæ aðfaranótt 20. nóvember 1974 og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Einnig er ákærði ákærður fyrir rangar sakargiftir.

Meðferð málss þessa er ólokið.

Ákærði hefur setið í gæsluvarðhaldi frá 12. desember 1975.

Þykir rétt með tilvísun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að framlengja gæsluvarðhald hans í allt að 150 daga frá deginum í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Ákærði, Sævar Marinó Ciesielski, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 150 daga frá deginum í dag að telja.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði að ákærða og verjanda hans viðstöddum. Ákærði tekur sér 24 klukkustundarfrest til ákvörðunar um áfrýjun.

Vék frá kl. 14.20.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Hjördís Þorsteinsdóttir.

Ar 1977, mánudaginn 16. maí, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 15.00 kemur í dóminn ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74, 1974.

Með honum mætir verjandi hans, Hilmar Ingimundarson, hrl.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að gæsluvarð-haldsúrskurður yfir Tryggva Rúnari Leifssyni verði framlengdur.

Var nú kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ar 1977, mánudaginn 16. maí var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni og Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni kveðinn upp úrskuður þessi.

Aðfaranótt 27. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einars-son, Hraunprýði, Blesugrón hér í borg, í Hafnarfirði og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 8. desember 1976 hefur verið höfðað mál á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni, fæddum 2. október 1951, Selásbletti 14 hér í borg, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski fyrir að hafa ráðist á Guðmund að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Þá er málið höfðað gegn ákærða Tryggva Rúnari fyrir að valda eldsvoða að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fyrir nauðgun og nokkra þjófnaði.

Akærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, var upphaflega úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 23. desember 1975 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Síðasti úrskurðurinn yfir ákærða var kveðinn upp hinn 17. desember 1976. Skyldi ákærði samkvæmt honum sæta gæsluvarðhaldi í allt að 150 daga frá kl. 16.45 þennan dag. Úrskurður þessi rennur því út í dag.

Meðferð máls þessa er ekki lokið. Þykir rétt með tilvísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að fram lengja gæsluvarðhald Tryggva Rúnars Leifssonar í allt að 150 daga.

#### Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald ákærða, Tryggva Rúnars Leifssonar, fram lengist í allt að 150 daga.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði í dóminum. Af hálfu ákærða, er tekinn 24 klukkustunda frestur til að taka ákvörðun um hvort úrskurðurinn verði kærður til Hæstaréttar:

Vék frá kl. 15.15.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, miðvikudaginn 22. júní, er dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættir eru í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-son saksóknari, og skipaður verjandi ákærða Sævars Marinós Ciesielski, Jón Oddsson, hrl.

Kl. 14.15 kemur í dóminn ákærði, Sævar Marinó

Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Dómurinn ákveður að fresta skýrslutöku að sinni.

Vék frá kl. 15.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ár 1977, mánudaginn 27. júní var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari. Einnig er mættur Ingvar Björnsson, hdl., lögmaður vitnisins Einars Gunnars Bollasonar.

Kl. 10.10 kemur í dóminn sem vitni, Einar Gunnar Bollason, Heiðvangi 5, Hafnarfirði, fæddur 6. nóvember 1943.

Áminntur um sannsögli en jafnframt gætt ákv. 89. gr. l. nr. 74, 1974.

Vitnið skýrir frá því að Erla Bolladóttir hafi flutt

inn í kjallaraíbúðina að Hamarsbraut ll ásamt Bolla föður þeirra, sumarið 1973. Bolli veiktist í nóvember s.á og fluttist Sævar Marinó þá til Erlu að Hamarsbraut ll. Vitnið kveðst ekki geta staðhæft neitt um það, hvort þau Sævar og Erla voru heitbundin, en allavega hafi þau búið saman. Vitnið man að það kom einu sinni í íbúðina, er þau voru ekki heima, og virtist umgengni vera þar mjög ábótavant. Konan á hæðinni fyrir ofan hafði kvartað við vitnið um hávaða og umgang frá íbúðinni. Vitnið kveðst ekkert vita um ferðir Sævars og Erlu aðfaranótt 27. janúar 1974. Íbúðin þar sem Erla bjó, var sold í mars 1974, en Erla fór ekki úr henni fyrr en skömmu fyrir afhendingu. Vitnið tók dót það, sem skilið hafði verið eftir í íbúðinni og sá um þrif á íbúðinni. Vitnið varð ekki vart við neitt, sem benti til þess að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni. Það man ekki eftir að hafa séð blóðbletti og ekki man það eftir ljósleitu laki.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.20.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hjörðís Þorsteinsdóttir.

Atli Arason.

Ár 1977, þriðjudaginn 5. júlí, var dómping sakadóms

Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 16.30 er mætt í dóminum ákærða Erla Bolladóttir.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með henni mætir skipaður verjandi hennar Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl.

Einnig er mættur ákærði Sævar Marinó Ciesielski.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Með honum mætir skipaður verjandi hans, Jón Oddsson, hrl.

Að beiðni verjanda ákærða Sævars, er eftirfarandi spurning lögð fyrir Erlu.

"Hittust ákærði og ákærða að Hamarsbraut 11 aðfaranótt 27. janúar 1974?"

Svar ákærðu: "Já".

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 16.40.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Ásta Einarsdóttir.

Ragnar Þorsteinsson.

Ar 1977, þriðjudaginn 16. ágúst, var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Sakadómsmálið:

Ákærvaldið

gegn

Kristjáni Viðari Viðarssyni,

Sævari Marinó Ciecielski,

Tryggva Rúnari Leifssyni,

Albert Klahn Skaftasyni,

Erlu Bolladóttur,

Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni

og

Guðjóni Skarphéðinssyni.

Kl. 10.00 kemur í dóminn sem vitni Hinrik Jón Þórisson, Heiðarbæ 9, Reykjavík, fæddur 29. ágúst 1952.

Áminntur um sannsögli.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi þekkt ákærða Sævar Marinó Ciecielski um árabil. Einnig þekkti vitnið Erlu Bolladóttur, Kristján Viðar Viðarsson og Albert Klahn Skaftason. Sævar Marinó var mikið í fíknaefnasölu á þessum tíma og einstaka sinnum kom fyrir að hann neytti fíkniefna. Albert Klahn og Kristján Viðar neyttu töluvert mikið fíknaefna og Erla eiththað. Vitnið kveðst sjálft hafa notað fíkniefni. Stöfuðu kynni þeirra Sævars m.a. af því.

Vitnið man, að Sævar minntist einhvern tíma á að láta menn, sem honum var illa við hverfa, en einkum var það Kristján Viðar, sem hafði orð á því. Vitnið kveður hafa komið fyrir, að Sævari sinnaðist við það og hafði hann á orði að stytta því aldur. Vitnið telur sig muna, að Sævar Marinó hafi einhvern tíma sagt við það að það skyldi vara sig á, að ekki færí eins fyrir því og Geirfinni. Vitnið kveður þó geta verið, að það hafi verið Kristján Viðar er sagði þetta, því að hann hafi meira og minna verið með slíkar hótanir.

Vitnið skýrir frá því, að það hafi mikið verið með ákærðu Sævari Marinó og Kristjáni Viðari á árunum 1974-1975. Albert Klahn var einnig með þeim, en Gunnar Jónsson kveðst vitnið ekki hafa hitt fyrr en síðar úti í Kaupmannahöfn, líklega haustið 1975. Tryggvi Rúnar var einnig með þeim á þessum tíma. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að eftir mánaðamótin janúar - febrúar 1974, var eins og Tryggvi Rúnar forðaðist að vera með Sævari og Kristjáni. Var hann lítið með þeim upp frá því.

Vitnið skýrir frá því, að um mánaðamótin jan. - febr. 1974 hafi það eitt sinn farið með þeim Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Albert Klahn að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, en þar bjuggu Sævar Marinó og Erla um þær mundir. Vitnið kveðst ekki geta sagt hvaða dag þetta var, en það hafi verið 1 - 2 dögum eftir að það kom frá Amsterdam. Vitnið man, að ákærðu vildu ekki, að það færí með þeim til Hafnarfjarðar, en af hvaða ástæðu veit það ekki. Það varð þó úr, að vitnið fékk að fara með ákærðu. Vitnið minnir, að

Albert Klahn hafi ekið bifreiðinni. Minnir vitnið, að það hafi verið jeppi. Þegar að Hamarsbraut ll kom, vildu ákærðu ekki hleypa vitninu inn, en af hvaða ástæðu veit það ekki. Voru þeir með hótanir við vitnið og man vitnið eftir, að Kristján sagði eitthvað á þá leið hvort leyfa ætti vitninu að fara með honum. Sævar Marinó dró úr þessu, en Kristján Viðar sagði við vitnið, að það mætti velja á milli þess að fara í bæinn sjálft, eða hann fleygði því fram af hömrúnunum þarna fyrir neðan. Vitnið kveðst hafa verið leitt yfir því að fá ekki að fara inn með ákærðu, þar sem það langaði að vita, hvað ákærðu væru að aðhafast, en vitninu hafði skilist að eitthvað stæði til og taldi, að um eitthvað gróðraball væri að ræða. Vitnið hvarf frá Hamarsbraut ll við svo búið og hitti ákærðu ekki fyrr en síðar.

Vitnið man eftir því, að Sævar Marinó var handtekinn einhvern tíma í byrjun febrúar 1974. Einum til tveimur dögum síðar flutti vitnið inn til Erlu að Hamarsbraut ll og bjó þar um hálfus mánaðar skeið. Vitnið var þarna í boði Erlu, en Sævar komst ekki að þessu fyrr en eftir á. Erla var mjög taugaveikluð og telur vitnið, að ástæðan fyrir þessu hafi verið sú, að hún vildi ekki vera ein. Öreiða var í íbúðinni og tók vitnið þar fljótlega til. Vitnið kveðst hafa séð blóðbletti í svefnherbergi, sem er inn af stofu. Man vitnið sérstaklega eftir tveimur blóðblettum í gólfteppi. Var annar, sem var nokkuð stór innarlega í herberginu, en hinn, sem var nokkru minni, var nálægt dyrunum fram í stofuna. Vitnið sá einnig blóð víðsvegar um herbergið og er sérstaklega minnis-

stætt, að það sá blóð á dívani. Vitnið kveðst af þessu tilefni hafa spurt Erlu hvaða blettir þetta væru. Þegar Erla sagði því, að þetta væri blóð, kveðst vitnið hafa spurt hana, hvort átök hefðu orðið þarna inni. Erla neitaði því, en sagði að Sævar hefði verið að steikja sér nautakjöt og blóðið væri úr því. Vitnið spurði ekki frekar út í þetta. Vitninu fannst blettirnir það stórir, að þetta væri ekki rétt, og taldi það, að átök hefðu átt sér stað í íbúðinni. Vitnið kveðst hafa fundið vonda lykt út úr ísskápnum og farið að athuga af hverju hún stafaði. Vitnið gat ekki fundið það út, en við leit í skápnum fann það two taupoka, sem voru umbúðir utan af hashi. Algengt er að slíkar umbúðir séu soðnar eftir að þær hafi verið tæmdar og seyðið drukkið. Vitnið man, að Helga Gísladóttir var stödd þarna og voru hún og Erla viðstaddir, er vitnið sauð umbúðirnar. Vitnið tók eftir því, að dökkir blettir voru á umbúðunum og taldi það, að um blóð væri að ræða. Spurði það Erlu um þetta og sagði hún, að þetta væri nautsblóð. Vitnið og Helga drukku seyðið af umbúðunum og hafði það áþekk áhrif og þegar hash er reykt. Erla vildi ekki drekka seyðið, en reykti hashköggla, sem voru eftir í umbúðunum. A meðan vitnið og Helga voru að drekka teið, spurði Erla, hvernig vitninu fyndist að drekka mannsblóð. Hún nefndi þetta einnig síðar við vitnið og fleiri. Erla nefndi ekki þá, úr hverjum þetta blóð væri, en síðar eftir að Guðmundarmálið kom til rannsóknar, sagði hún vitninu og fleirum, að blóðið hefði verið úr Guðmundi Einarssyni. Vitnið kveðst sjálft hafa þrifið íbúðina ásamt Erlu, m.a.

eitthvað blóð, en það telur, að ekki hafi verið unnt að hreinsa blóðið úr teppinu, þar sem það var storknað, og hið sama sé að segja um blóðið á dívaninum. Vitnið aðstoðaði Erlu við að flytja frá Hamarsbraut 11 og man ekki eftir því, að divaninn hafi verið fluttur þangað sem Erla flutti. Vitnið kveður divan þennan hafa verið mjóan, en getur að öðru leyti ekki lýst honum. Vitnið telur að teppi hafi verið sett yfir divaninn til þess að hylja blóðið og einnig var settur renningur yfir teppið þar sem blóðblettirnir voru.

Vitnið kveðst hafa dvalist heima hjá Kristjáni Viðari sumarið 1975 um hálfsmánaðar skeið. Vitnið man, að Kristján Viðar fór eitt sinn að ræða um Geirfinnsmálið, er þeir sátu að drykkju. Sagðist Kristján vita allt um málið. Sagði vitnið þá við Kristján Viðar af hverju hann léti ekki upplýsingar í té um málið, þar sem hann fengi hálfa milljón fyrir. Sagði Kristján, að þeir sem væru við málið riðnir væru of góðir vinir sínir til þess, að hann vildi koma upp um þá. Nánar var ekki rætt um þetta, og var vitnið vantrúað á það sem Kristján Viðar sagði.

Seint um haustið 1975 létt Sævar Marinó vitnið fá úr til þess að setja það í pant. Vitnið kveður þó geta verið að þetta hafi verið á árinu 1974. Vitnið vantaði peninga á þessum tíma og þar sem Sævar skuldaði því fór það fram á það við hann að hann léti sig fá eitthvað í þessu skyni. Sævar var mjög tregur á að láta úrið af hendi, en af hvaða ástæðu veit vitnið ekki. Vitnið er á því, að Sævar hafi verið búinn að eiga úr þetta lengi. Úr þetta var karlmannsúr

úr stáli í meðallagi stórt, með dökkri skífu og án tölu-stafa. Vitnið veit ekki um tegundina, en þetta var sæmilega gott úr. Úrið var með mjög breiðri svartri ól, og voru málmtakkar á henni. Vitnið létt mann, sem heitir Ingibergur og er sjómaður, fá úrið í pant fyrir andvirði einnar áfengis-flösku eða riflega það. Úrið var aldrei leyst út og minnir vitnið, að Ingibergur hafi sagt síðar, að hann væri bara ánægður með það. Vitnið veit ekki hvað varð af úrinu.

Upplesið, játað rétt bókað.

Vitnið kveðst ekki vera í þjóðkirkjunni. Það kveðst vera ásatrúarmaður og eiðvinnung samræmist ekki trúarsann-færing þess.

Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum eftir lögmæltan undirbúning.

Vék frá kl. 12.25.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Hafdís Agústsdóttir.

Asta Einarsdóttir.

Ár 1977, miðvikudaginn 14. september, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristins-syni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Kl. 14.10 kemur í dóminn verjandi ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar, Hilmar Ingimundarson, hrl. Leggur hann fram nr. LXXXIV. Bréf. Nr. LXXXV. Endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla. Skjölin fylgja.

Þar sem lögmaðurinn hefur gert þá kröfu að dómsformaður víki sæti í málinu er því frestað til n.k. föstudags kl. 14.00, en þá verður úrskurðað um þessa kröfu hans.

Vék frá kl. 14.15.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Ár 1977, föstudaginn 16. september, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Armanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn leggur fram:

Nr. LXXXVI-LXXXVII. Bréf frá fangageymslunni í Síðumúla (afrit).

Mættur er í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinars-  
son.

Einnig eru mættir Jón Oddsson hrl., Hilmar Ingimundarson hrl. og Benedikt Blöndal hrl.

Bréf þau er nú hafa verið lögð fram liggja frammi.

Dómuriðn getur þess að ætlunin hafi verið að mál þetta yrði flutt 3. október n.k.

Sækjandi og verjendur hafa ekkert sérstakt fram að færa og er krafa Hilmars Ingimundarsonar um að dómsformaður víki sæti tekin til úrskurðar.

Upplesið.

Sækjandi og verjendur viku úr dóminum.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ár 1977, föstudaginn 16. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem, sem dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með bréfi dagsettu 14. þ.m. hefur Hilmar Ingimundarson, hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi Tryggva Rúnars Leifssonar í máli, sem höfðað hefur verið gegn ákærða og 6 öðrum mönnum af hálfu ákærvaldsins, gert kröfu til þess að dómsformaður Gunnlaugur Briem víki sæti.

Segir svo um kröfu þessa í bréfi verjandans:

"Að endingu vil ég vekja athygli yðar á bókun 3. mars 1977 kl. 11:40 í dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, þar sem þér neitið skjólstæðingi mínum þeim skýlausa rétti að fá að tala við mig sem verjanda sinn einslega og gefið þá skýringu, að þér séuð ekki sáttur við viðbrögð og framkomu

skjólstæðings míns í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau.

Með tilliti til þessarar yfirlýsingar yðar verður ekki hjá því komist að líta svo á, að þér hafið fyrir fram tekið ákveðna afstöðu í málínu. Hefur skjólstæðingur minn því falið mér að krefjast þess, að þér víkið sæti í málí þessu, þar sem hann treystir því ekki, að þér munið líta á málíð hlutlaust eftir slíkar yfirlýsingar."

Ákærði Tryggvi Rúnar var úrskurðaður í gæzluvarðhald 23. desember 1975 vegna gruns um, að hann væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði í Blesugrót hér í borg ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciecielski og hefur hann setið í gæzluvarðhaldi síðan. Ákæra var gefin út í málínu 8. desember 1976 á hendur ákærða og framangreindum mönnum fyrir að hafa ráðist á Guðmund Einarsson að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og misþyrmt honum svo að hann beið bana af, en síðan komið líkinu fyrir á ókunnum stað. Ákærði er einnig ákærður fyrir að valda eldsvoða í Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, nauðga 18 ára stúlku og loks fyrir þjófnaði. Dómarar máls þessa fengu það til meðferðar skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 74, 1974 eftir útgáfu ákærunnar.

Hinn 16. mars s.l. var önnur ákæra gefin út á hendur þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciecielski o.fl. fyrir að hafa ráðist á Geirfinn Einarsen í Keflavík og misþyrmt honum svo að hann hlaut bana af. Hefur það mál verið sameinað framangreindu málí.

Dómararnir hófu meðferð málsins 21. mars s.l. og er henni ekki lokið að fullu ennþá. Hefur verið ákveðið,

að flutningur málsins fari fram 3. október n.k. og var verjendum málsins tilkynnt um það með bréfi 15. ágúst s.l. Var þess óskað í bréfinu að færðu þeir fram á framhaldsrannsókn yrði það gert sem allra fyrst og eigi síðar en 1. þ.m. Verjandinn hafði fengið málsskjöl afhent við þingfestingu málsins 21. mars og síðan fékk hann endurrit af yfirheyrsrum í dómi fljótlega eftir að þeim lauk í maí s.l. Verjandinn fór þess á leit að fá til afnota endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla að því er ákærða Tryggva Rúnar varðaði. Leyfði dómurinn þetta og fékk hann endurritið með bréfi, dags. 10. maí s.l. Ákærði kom fyrir dóm síðast 16. maí og var þá gæzluvarðhald hans framlengt. Var verjandi ákærða viðstaddir þinghaldið.

Við bréfi dómsins til verjandans frá 15. ágúst barst ekkert svar, fyrr en hann var kvaddur fyrir dóm 14. þ.m., en þá lagði hann fram bréf það, er áður greinir.

Bókun í nefndri dagbók, sem verjandinn vitnar til í bréfi sínu, er á þessa leið:

"3/3 1977 kl. 11:40 hringdi G. Briem dómari, vegna beiðni Tryggva um viðtal við Hilmar hrl. réttargæzlumann sinn. Dómarinn sagði að það gæti ekki orðið, að svo komnu máli, að minnsta kosti ekki strax. Hilmar vildi fá að tala við Tryggva einslega, en það vildi dómarinn ekki. Hann sagðist ekki sáttur við viðbrögð og framkomu Tryggva í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau."

Samkvæmt 86. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála er verjanda heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á

að rannsókn torveldist fyrir það. Hætta þessi var fyrir hendi að áliti dómarar málsins hinn 3. marz s.l., enda höfðu þeir ekki hafið yfirheyrlur vegna ákærunnar út af hvarfi Guðmundar Einarssonar og ákærðu höfðu reynst reikulir í framburðum sínum hjá lögreglu um það mál. Gilti bann við samtölum við gæzlufanga einslega um alla verjendur þeirra á þessum tíma. Dómarar hafa samkvæmt framangreindu lagaákvæði ótvíræðan rétt til að ákveða um slík viðtöl. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun verjandans, að skjólstæðingur hans hafi átt skýlausar rétt á þessu. Svo sem fram kemur af dagbókinni var verjanda leyft að tala við ákærða Tryggva Rúnar einslega 17. sama mánaðar. Hefur svo haldist síðan og samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu við Síðumúla ræddi verjandinn við ákærða síðast 5. ágúst s.l.

Hin tilgreindu ummæli í dagbók fangelsisins við Síðumúla munu vera saman af einhverjum fangaverði þar og hafa aldrei verið borin undir dómsformann. Hann ræddi í síma ótal sinnum á því tímabili, sem hér um ræðir, stundum oft á dag, við fangaverði í Síðumúla-fangelsinu út af ákærða Tryggva Rúnari og öðrum föngum, sem úrskurðaðir höfðu verið í gæzluvarðhald vegna framangreinds máls. Getur hann ekki borið um, hvað rætt var í hverju einstöku símtali, og er honum ekki unnt að staðfesta þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í dagbókinni frá 3. marz s.l. Þótt ummælin væru rétt eftir höfð, felst ekki í þeim að dómsformaður hafi tekið neina þá afstöðu í málínus, er geri hann óhæfan til meðferðar þess.

Dómsformaður víkur því ekki sæti.

Úrskurðarorð:

Dómsformaður Gunnlaugur Briem víkur ekki sæti í máli þessu.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði að viðstöddum sækjanda og verjendum er að framan greinir kl. 14.25.

Verjandi ákærða Tryggva Rúnars lýsir því yfir að hann óski að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Sækjandi málssins lýsir því yfir sbr. l. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að kæra úrskurðarins sé heimil.

Sækjandi og verjendur fá afhent málsskjöl, sem lögð hafa verið fram frá 12. júlí 1977.

Upplesið, játað rétt.

Viku frá kl. 14.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir

Ragnar Þorsteinsson

Ár 1977, þriðjudaginn 27. september, var dómping

sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómurinn leggur fram:

Nr. B LXXXVIII Endurrit af úrskurði Hæstaréttar.

- B LXXXIX Greinargerð Arnar Höskuldssonar vegna bréfs Hilmars Ingimundarsonar 14. september 1977.

Málsskjölin fylgja.

Kl. 10.00 eru mættir í dóminum sækjandi málsins Bragi Steinarsson saksóknari og verjendur í málinu Páll A. Pálsson hdl., Benedikt Blöndal hrl. og Hilmar Ingimundarson hrl.

Kl. 10.20 kemur í dóminn Jón Oddsson hrl.

Kl. 10.20 kemur í dóminn Eggert Norðdal Bjarnason rannsóknarlöggreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, fæddur 25. júlí 1937.

Áminntur um sannsögli, en jafnframt vakin athygli mætta á ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Lesið er í heyranda hljóði úr bréfi nr. LXXXIV að því er snertir mætta. Að því búnu eru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir mætta:

1: Hversvegna var Tryggvi Rúnar Leifsson tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að löggreglumenn bókuðu nokkuð um hvað gerzt hafi ?

Svar mætta: "Eg dreg það í efa að hann hafi verið færður í yfirheyrslu svo oft, en ég rengi ekki að það

hafi verið talað við hann jafnvel í ein 30 skipti.

Samtölin fóru fram að því er ég bezt man oft að beiðni Tryggva Rúnars sjálfss, en ekki af því að ég óskaði að tala við hann. Um slík samtöl var ekki gerð sérstök skýrsla."

2: Hversvegna voru engir vottar hafðir við skýrslutökurnar ?

Svar mætta: "Í mínu starfi hefur það ekki verið venja að vottur sé viðstaddir sjálfa skýrslutökuna, heldur fenginn eftir á og þá ýmist hlustað á er skýrslan var lesin fyrir skýrslugefanda eða þegar skýrslugefandi hefur verið spurður hvort ekki sé allt rétt eftir honum haft í skýrslunni. Þar sem Sigurbjörn Víðir Eggertsson er vottur í þessu máli var hann viðstaddir skýrslutökuna, eftir því sem ég bezt man. Ég hefi engin bein fyrirmáli fengið frá yfirboðurum mínum um að hafa þennan hátt á, heldur hefur þetta verið starfsvenja."

3: Hver var tilgangur með ferðum lögreglumanna inn í klefa Tryggva Rúnars og hvað fór þeim og Tryggva Rúnari á milli ?

Svar: "Ég man ekki eftir því að hafa farið inn í klefa Tryggva Rúnars."

Hilmar Ingimundarson, verjandi Tryggva Rúnars, kveðst ekki óska eftir því að frekari spurningar verði lagðar fyrir mætta.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 10.45.

Kl. 10.45 kemur í dóminn Sigurbjörn Víðir Eggertsson, rannsóknarlöggreglumaður, Asparfelli 4, Reykjavík, fæddur 19. júlí 1948.

Áminntur um sannsögli, en jafnframt er vakin athygli mætta á ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Lesið er í heyranda hljóði úr bréfi Hilmars Ingimundarsonar er snertir mætta.

Síðan eru eftirtaldar spurningar lagðar fyrir mætta að beiðni Hilmars Ingimundarsonar hrl.:

1: Hversvegna var Tryggvi Rúnar Leifsson tekinn til yfirheyrslu í ein 30 skipti, án þess að löggreglumenn bókuðu nokkum um hvað gerzt hafi ?

Svar mætta: "Eg held að það komi ekki til að þetta hafi verið yfirheyrslur, heldur var oft um viðtöl við Tryggva Rúnar að ræða að hans beiðni. Það er ekki venja í yfirheyrslum að bóka allaf yfirheyrslur og yfirleitt ekki bókað í yfirheyrslu nema eithváð nýtt komi fram eða sá sem er yfirheyrður vilji bæta einhverju við framburð sinn."

2: Hversvegna voru engir vottar við yfirheyrslurnar ?

Svar mætta: "Það er ekki venja að vottar séu við sjálfar yfirheyrslurnar, heldur eru þeir kallaðir til eftir á, ýmist er skýrslan er lesin upp eða þegar sá sem er yfirheyrður undirrittar hana. Eg hefi engin fyrirmæli um það fengið frá yfirboðurum mínum um að þessi háttur skuli hafður á."

3: Hver var tilgangur með ferðum löggreglumanna

inn í klefa Tryggva Rúnars Leifssonar og hvað fór þeim  
og Tryggva Rúnari á milli ?

Svar mætta: "Tryggvi Rúnar hafði oft samband  
við fangaverði og óskaði eftir að fá að tala við mig  
bæði um málið og um persónuleg mál."

Verjandi ákærða Tryggva Rúnars kveðst ekki vilja  
leggja fleiri spurningar fyrir mætta.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 11.10.

Hilmar Ingimundarson hrl. tekur fram, að Örn  
Höskuldsson hafi ekki svarað nema einni af þremur  
spurningum, sem í bréfi hans greinir. Fer hann þess  
á leit að Örn svari hinum spurningunum.

Örn Höskuldsson hefur fengið í hendur ljósrit  
af bréfinu á dskj. nr. LXXXIV og greinargerðinni á  
dskj. nr. LXXXIX og þess farið á leit, að hann svari  
spurningum þeim er í bréfi Hilmars Ingimundarsonar  
greinir.

Kl. 11.25 kemur í dóminn ákærði Kristján Viðar  
Viðarsson.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74/1974.

Akærði er yfirheyrður að beiðni skipaðs verjanda  
og að eigin ósk ákærða sbr. bréfið á dskj. nr. B XXV.

Verjandi ákærða óskar eftir að hann sé spurður  
að því, hvort hann hafi orðið Guðmundi Einarssyni að  
bana.

Svar ákærða er á þessa leið: "Eg veit ekki um  
hvarf Guðmundar Einarssonar. Eg fór fram á það 12. maí

s.l. í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg og 6. júlí

s.l. í þinghaldi í Geirfinnsmálínus að þetta yrði bókað, en því var hafnað."

Verjandi ákærða spyr hversvegna hann hafi gefið dóms- og lögregluskyrslurnar í Guðmundarmálínus.

Svar ákærða er: "Vegna þess að lögreglumenn fóru fram á það og ég taldi mér ekki heimilt að neita því. Eg og meðákærðu vorum yfirheyrðir saman, án þess að skýrsla væri tekin og við látnir hjálpast að við að munu atburði, sem ekki hefðu skeð, en lögreglumenn töldu að átt hefðu sér stað. Eg var ekki staddur í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt meðákærðu og Guðmundi Einarssyni og Gunnari Jónssyni."

Að ósk verjanda ákærða er skýrsla Hinriks Jóns Þóríssonar frá 16. ágúst s.l. lesin í heyranda hljóði að því er ákærða varðar.

"Eg kannast ekki við það er Hinrik Jón greinir frá í framburði sínum hvorki varðandi hótanir né ferð til Hafnarfjarðar. Hinsvegar hefi ég tekið á þessum manni, en það var af þeirri ástæðu að hann brauzt inn heima hjá mér og ég stóð hann að verki."

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 12.00.

Dómurinn leggur fram:

Nr. A XC Greinargerð Arnar Höskuldssonar.

Verjandi Hilmar Ingimundarson hrl. mótmælir  
greinargerðum á dskj. LXXXIX og XC sem óstaðfestum.

Verjendur þeir sem mættir eru í máli þessu lýsa

því yfir að þeir geri ekki frekari kröfu um rannsókn á sakarefni því, er greinir í ákærunni frá 8. desember 1976.

Viku frá.

Dómþingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Ármann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Jóninna Pálsdóttir

Valdemar Sörensen

Ár 1977, þriðjudaginn 27. september er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Kl. 15.20 mætir í dóminum ákærði Albert Klahn Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Akærða er kynntur framburður Hinriks Jóns Þórissonar frá 16.08. 1977 um ferð að Hamarsbraut ll.

Akærði kveðst þekkja Hinrik Jón og hafa farið einhvern tíma með honum að Hamarsbraut ll ásamt meðakærðu Sævari Marinó og Kristjáni Viðari. Akærði kveðst ekkert muna sérstaklega eftir ferð þeirri sem Hinrik Jón greinir frá í framburði sínum og ekkert geta borið frekar um þetta.

Upplesið, játað rétt.

Vék frá kl. 15.30.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Valdemar Sörensen.

Ár 1977, fimmtudaginn 29. september er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Mættur er sækjandi málsins Bragi Steinarsson, saksóknari.

Einnig eru mættir verjendurnir Jón Oddsson hrl., Páll A. Pálsson hdl., Hilmar Ingimundarson hrl. og Benedikt Blöndal hrl.

Kl. 10.15 kemur í dóminn ákærði Tryggvi Rúnar Leifsson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Gæsluvarðhald ákærða rennur út 13. næsta mánaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærði sæti áfram gæsluvarðhaldi eftir að úrskurðurinn rennur út.

Kröfu þessari er ekki mótmælt af hálfu verjanda.

Dómurinn kvað nú upp svohljóðandi

Úrskurð:

Ár 1977, fimmtdaginn 29. september var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum Gunnlaugi Briem sem dómsformanni og sakadómurunum Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Aðfararnótt 27. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson, Hraunprýði, Blesugrót hér í borg, í Hafnarfirði og hefur ekki sést síðan. Með ákæru ríkissaksóknara dags. 8. desember 1976 hefur verið höfðað mál á hendur Tryggva Rúnari Leifssyni, fæddum 2. október 1951 til heimilis að Selásbletti 14 hér í borg, nú gæslufanga í fangelsinu við Síðumúla, Sævari Marinó Ciecielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni fyrir að hafa ráðist á Guðmund að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði framangreinda nótt og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af. Þá er málið höfðað á hendur ákærða Tryggva Rúnari fyrir að valda eldsvoða að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fyrir nauðgun og nokkra þjófnæði.

Ákærði, Tryggvi Rúnar Leifsson, var upphaflega úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 23. desember 1975 vegna hvarfs Guðmundar Einarssonar og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Síðasti úrskurðurinn yfir ákærða var kveðinn upp hinn 16. maí s.l. Skyldi ákærði samkvæmt honum sæta gæsluvarðhaldi í allt að 150 daga. Mál ákærða verður flutt 3. október n.k. og er ljóst að framangreindur úrskurður rennur út áður en unnt verður að kveða upp dóm í málinu. Þykir því rétt með tilvísan til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að fram-

lengja gæsluvarðhald ákærða Tryggva Rúnars Leifssonar  
í allt að 120 daga.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald ákærða, Tryggva Rúnars Leifssonar,  
framlengist í allt að 120 daga frá deginum í dag að telja.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Úrskurðurinn var lesinn í heyranda hljóði. Af hálfu  
ákærða er ekki óskað kæru á úrskurðinum til Hæstaréttar.

Ákærði vék frá kl. 10.40.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Armann Kristinsson.

Haraldur Henrysson.

Vottar:

Asta Einarsdóttir.

Valdemar Sörensen.